# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 18. JANÚAR 2018




**Á batavegi eftir heilablóðfall** „Við höfum bent á það í mörg ár hvað það er hættulegt að vera einn á vaktinni,“ segir Garðar Svansson, fangavörður á Kvíabryggju, sem fékk heilablóðfall á næturvakt í fangelsinu á Kvíabryggju aðfaranótt síðastliðins föstudags. Forstöðumaður Fangelsismálastofnunar segir fangaverði of fáa. Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Leit hjá fiskútflytjanda og eignir frystar

**Íslenskur fiskútflytjandi er grunaður um stórfelld skattalagabrot. Málið kom upp í kjölfar Panama-lekans. Skattrannsóknarstjóri réðst í húsleit hjá honum, eignir hans hafa verið kyrrsettar og bankareikningar frystir. Héraðssaksóknari tekur þátt í rannsókn málsins.**

**LÖGREGLUMÁL** Húsleit var gerð á heimili Sigurðar Gísla Björnssonar, framkvæmdastjóra fiskútflutningsfyrirtækisins Sæmarks, skömmu fyrir áramót en Sigurður er grunaður um stórfelld skattaundanskot sem talin eru hlaupa á hundruðum milljóna króna. Eignir hans voru á sama tíma kyrrsettar og bankareikningar haldlagðir. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Embætti skattrannsóknarstjóra hefur haft mál Sigurðar til meðferðar frá Panama-lekanum svokallaða þar sem meðal annars kom fram að Sigurður Gísli hefði stofnað félagið Freezing Point Corp í Panama árið 2009, en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er hann grunaður um skattsvik í gegnum fleiri en eitt félag. Héraðssaksóknari hefur sömuleiðis komið að rannsókn málsins, en embættið hefur kyrrsett eignir Sigurðar á meðan málið er til meðferðar. Skattrannsóknarstjóri framkvæmdi húsleitina á heimili hans á Arnarnesinu í Garðabæ.

Ekki hafa fengist upplýsingar um hvort Sæmark tengist meintum skattalagabrotum. Sæmark er fiskútflutningsfyrirtæki í Hafnarfirði sem skilaði hagnaði upp á rúmlega 29 milljónir króna árið 2016, og voru tekjur þess tæplega 7,8 milljarðar. Eigið fé félagsins er 520 milljónir króna.

Sigurður er einn eigenda fjárfestingarfélagsins Óskabeins sem er meðal annars stór hluthafi í tryggingafélaginu VÍS og Kortaþjónustunni. Hann neitaði að tjá sig um málið, þegar eftir því var óskað. Þá sagðist Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri ekki geta tjáð sig um einstök mál sem væru til rannsóknar hjá embættinu.

Sem fyrr segir var málið tekið til rannsóknar eftir Panama-lekann, en í framhaldi af honum keypti skattrannsóknarstjóri gögn er varða fjármuni Íslendinga í skattaskjólum. **– sks**

**29**

**milljónir króna var hagnaður fyrirtækisins Sæmarks árið 2016.**

## Kjaftað um kynlíf í kvöld

**LÍFIÐ** Þeir sem leggja leið sína á Gaukinn í kvöld hafa tækifæri til að deila upplifun sinni af fyrstu kynlífsreynslunni með áhorfendum. Skemmtunin er bönnuð börnum innan 18 ára og ekki ætluð teprum.

Það er Jón Magnús Arnarson, aðstandandi Golden Gang Comedy, sem stendur fyrir þessari óborganlegu kvöldskemmtun sem nefnist Smut Slam. Þessi skemmtun er hugmynd erlendrar fyrrverandi símavændisdömu og margverðlaunaðrar skáld- og leikkonu. **– áhg /** **sjá síðu 50**



**Jón Magnús Arnarson, aðstandandi Golden Gang Comedy.**

## Vilja reisa 110 metra háan turn

**SKIPULAGSMÁL** Fasteignafélagið Reitir vill leyfi fyrir 110 metra háum útsýnisturni á Sæbraut. Turninn myndi ná jafnhátt og Hallgrímskirkjuturn. Fasteignafélagið hefur sent Reykjavíkurborg erindi vegna þessa.

„Útsýnismannvirki eru vel þekkt í borgum víða um heim og draga jafnan til sín fjölda fólks sem eftirsóknarverð upplifun,“ segir í erindi Reita. Borgin og Faxaflóahafnir myndu síðan eignast turninn endurgjaldslaust eftir 25 til 30 ár. Sagt er að tekið yrði hóflegt gjald fyrir að fara upp í turninn sem standa eigi undir kostnaði. **– gar /** **sjá síðu 2**

**» Stjórnendur Reita gera ráð fyrir að opinberir aðilar eignist turninn eftir 25-30 ár.**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Konur skortir tengsla- og þekkingarnet, skrifar Guðrún Tinna Ólafsdóttir. 20



**SPORT** Óvíst er hvort Geir Sveinsson heldur áfram sem landsliðsþjálfari í handbolta. 28

**MENNING** Smásögur heimsins, Rómanska-Ameríka er ætlað að gefa fólki sýn á ólíka menningarheima. 38

**LÍFIÐ** Sunna Ben hefur mikla reynslu af kjötlausu mataræði og hefur nú opnað vegan-blogg fyrir þá sem þyrstir í fróðleik. 46

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • VETRARSPORT OG FERÐIR**



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015








## Veður




Hægt vaxandi norðaustanátt í dag, 5-13 m/s síðdegis. Snjókoma með köflum fyrir austan, dálítil él norðan til, en annars skýjað með köflum og él á stöku stað. SJÁ SÍÐU 34



400 milljónir fara í sértæka aðgerð.

# Lítil bú fá ekkert

**LANDBÚNAÐUR** Kristján Þór Júlíusson landbúnaðarráðherra, hefur skrifað undir reglugerð til að koma til móts við kjaraskerðingu sauðfjárbænda vegna verðfalls sauðfjárafurða. Bændur sem áttu færri en 150 vetrarfóðraðar kindur veturinn 2016-2017 fá ekkert af þeim 400 milljónum sem fara í stuðninginn.

Um er að ræða sértæka aðgerð til að koma til móts við erfiða stöðu sauðfjárbænda. Framleiðsla hefur aukist síðustu ár en eftirspurn hefur ekki aukist í samræmi við hana.

Einnig er 150 milljónum króna varið til svæðisbundins stuðnings á þessu ári. Skiptist sú upphæð milli bænda sem voru rétthafar stuðnings á árinu 2017. – sa

# Aldrei fleiri konur setið inni

**FANGELSI** Aldrei hafa fleiri konur afplánað fangelsisdóm en í dag. Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun eru nú fimmtán konur vistaðar í fangelsum landsins. Lögð hefur verið áhersla á að boða konur til afplánunar undanfarið á ný eftir að kvennafangelsinu í Kópavogi var lokað.

Með tilkomu fangelsisins á Hólmsheiði er nú sérstök afplánunardeild fyrir konur þar sem flestar þeirra eru vistaðar og útskýrir hvers vegna þær hafa aldrei verið fleiri. Konur eru þó aðeins lítill hluti fanga, eða að jafnaði um fimm til tíu prósent allra fanga hér á landi. – smj

# Konungar þorrans klárir í slaginn



Þeir voru síður en svo súrir á svip þeir Halldór Ásgeirsson, Guðjón Harðarson og Egill Guðnason í Múlakaffi þar sem þeir framreiddu þorramat á bakka í gær. Þeir í Múlakaffi titla sig gjarnan „konunga þorrans“ en þorrinn hefst á föstudaginn með bóndadeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Einsemd inn á borð ráðherra

**BRETLAND** Ráðherra íþrótta- og félagsmála í bresku ríkisstjórninni, Tracey Crouch, verður yfirmaður nefndar sem marka á stefnu til að berjast gegn einsemd. Samkvæmt frásögnum breskra fjölmiðla eru níu milljónir Breta oft eða alltaf einmana.

Haft er eftir forsætisráðherra Bretlands, Theresu May, að allt of margir þjáist af einsemd sem virðist því miður vera orðin hluti af daglegu lífi fólks.

Stjórnmálamaðurinn Jo Cox, sem myrt var 2016, barðist gegn einsemd. Þverpólitísk nefnd sem stofnuð var til að heiðra minningu hennar, ályktaði að einsemd væri skaðleg bæði líkamlegri og andlegri heilsu fólks og að hún væri hættulegri heilsunni en offita og það að reykja 15 sígarettur á dag.
– ibs




# Vilja reisa 110 metra útsýnisturn á Sæbraut

**Fasteignafélagið Reitir vill leyfi fyrir 110 metra háum útsýnisturni á Sæbraut. Selja eigi inn í turninn. Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir eignist hann eftir 30 ár og fái af honum tekjur. Turninn sé helgaður veðurfari og loftslagsbreytingum.**

**SKIPULAGSMÁL** Reykjavíkurborg hefur nú til skoðunar tilboð frá Reitum fasteignafélagi ehf. um að reistur verði gríðarhár útsýnisturn við Sæbraut.

Samkvæmt kynningarefni sem fylgir erindinu og unnið er af margmiðlunarfyrirtækinu Gagarín og Tvíhorfi arkitektum á útsýnisturninn að ná 110 metra yfir sjávarmál. Þar með myndi hann ná jafn hátt og hin 75 metra háa Hallgrímskirkja á Skólavörðuholti. Turn Hallgrímskirkju hefur á undanförnum árum skapað sókninni hundraða milljóna króna tekjur í aðgangseyri, þær námu 238 milljónum á árinu 2016. Það virðist þannig vera eftir talsverðu að slægjast fjárhagslega.

„Útsýnismannvirki eru vel þekkt í borgum víða um heim og draga jafnan til sín fjölda fólks sem eftirsóknarverð upplifun,“ segir í erindi Reita. Borgin og Faxaflóahafnir myndu síðan eignast turninn endurgjaldslaust eftir 25 til 30 ár. Sagt er að tekið yrði hóflegt gjald fyrir að fara upp í turninn sem standa eigi undir kostnaði á meðan mannvirkið sé í eigu Reita.

„Að því tímabili loknu gera Reitir ráð fyrir að vitinn gæti orðið góð tekjulind fyrir borgina. Sú hugmynd hefur jafnframt komið upp að hluti af aðgangseyri í vitann myndi renna í sjóð sem ætlað væri að mæta kostnaði við hreinsun strandlengjunnar meðfram Reykjavík.“

Í bréfi Reita er vitnað til þess að þegar liggi fyrir tillaga Faxaflóahafna að innsiglingarvita norðan Höfða á upphækkuðum grjótgarði meðfram Sæbraut. Reitir segjast vilja vinna með Reykjavíkurborg og Faxaflóahöfnum að „útvíkkun á hugtaki“ vitans og færa hann ofar. Búin yrði til ný upplifun þar sem sýning og upplýsingaveita sameinist í útsýnis- og fræðsluvita – Veðurvitanum. „Útsýnisvitinn inniheldur og er í raun sýning um eitt helsta hugðarefni Íslendinga – veðrið.“

Þess má geta að í gær skrifuðu Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, undir viljayfirlýsingu um umfangsmestu uppbygginguna í Kringlusvæðinu frá því Kringlan var opnuð 1987.
gar@frettabladid.is



„Til þess að fólk geti öðlast skilning á loftslaginu þurfum við að endurvekja tengslin milli veðurs og loftslags, loftslags og fólks.“ MYND/TVÍHORF/GAGARÍN




Hönnun Veðurvitans er á frumstigi.

> Útsýnisvitinn inniheldur og er í raun sýning um eitt helsta hugðarefni Íslendinga – veðrið.
>
> Úr kynningarefni um Veðurvitann






**Veggljós** – lýsir upp og niður
Verð áður: 13.900 kr.
▶ **Tilboð: 7.000 kr.**



**Taurus loftljós** – svart eða hvítt
Verð áður: 79.900 kr.
▶ **Tilboð: 44.000 kr.**




**Discoco loftljós** – kremað
Verð áður: 109.900 kr.
▶ **Tilboð: 80.000 kr.**



**Loftljós** – hvítt
Verð áður: 19.900 kr.
▶ **Tilboð: 12.000 kr.**



**Izza 5 loftljós** – hvítt gler
Verð áður: 59.900 kr.
▶ **Tilboð: 40.000 kr.**




**Berlin XL loftljós** – mattsvart
Verð áður: 58.900 kr.
▶ **Tilboð: 29.900 kr.**



**Bross 1 loftljós** – svart eða hvítt
Verð áður: 6.990 kr.
▶ **Tilboð: 4.000 kr.**

**Sýningareintök á stórafslætti!**

**PFAFF** - GRENSÁSVEGI 13 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 414 0400 - WWW.PFAFF.IS - **Fylgstu með okkur á Facebook**

# Glitnismálið staðið yfir ári lengur en mál hinna bankanna

**DÓMSMÁL** Markaðsmisnotkunarmál Glitnis hefur staðið ári lengur yfir en markaðsmisnotkunarmál Kaupþings og Landsbankans þegar upp er staðið að sögn Björns Þorvaldssonar saksóknara. Í skýrslutöku fyrir héraðsdómi létu þeir Jóhannes Baldursson, Jónas Guðmundsson, Valgarð Már Valgarðsson og Pétur Jónasson í ljós vonbrigði sín með hversu lengi málið hefði dregist. Sagði Jóhannes til að mynda að hann væri „kominn á botninn“. Í samtali við Fréttablaðið segir Björn að kæra Fjármálaeftirlitsins hafi verið dagsett í mars 2011 en ákæruskjal frá embætti héraðssaksóknara hins vegar gefið út í mars 2016.

Aðalmeðferð málsins hófst í gær en þar eru ákærðir Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun og Jóhannes Baldursson, fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðsviðskipta bankans, fyrir markaðsmisnotkun. Þá eru Jónas, Valgarð og Pétur einnig ákærðir fyrir markaðsmisnotkun en þeir störfuðu innan deildar eigin viðskipta bankans.

Tekin var skýrsla af öllum ákærðu, að Lárusi undanteknum, en hann mun svara spurningum saksóknara í dag. Jónas, Valgarð og Pétur sögðu að öll viðskipti með hlutabréf bankans hefðu farið fram fyrir opnum tjöldum og þeir starfað undir eftirliti bankans. Þeir hafi því staðið í þeirri trú að viðskiptahegðun þeirra væri eðlileg, en þeim er gert að sök að hafa gripið óeðlilega inn í gangverk markaðarins og haft þannig áhrif á gengi hlutabréfa bankans.


Skýrslutaka yfir Lárusi fer fram í dag FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sögðu fjórmenningarnir að þeir hefðu aldrei fengið fyrirmæli frá Lárusi um hvernig þeir skyldu haga viðskiptum sínum. Raunar sögðu þeir, að Jóhannesi frátöldum, að samskipti þeirra við Lárus hefðu verið lítil sem engin og þeir einungis kynntir fyrir honum þegar gengið var frá ráðningarsamningi þeirra. **– dfb**

## Skjólstæðingur kærði áreitni

**LÖGREGLUMÁL** Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú kæru á hendur starfsmanni meðferðarstofnunar sem lögð var fram fyrir nokkrum vikum.

Árni Þór Sigmundsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildarinnar, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að starfsmaðurinn hafi verið kærður fyrir kynferðislega áreitni gagnvart skjólstæðingi. Slíkar kærur eru að sögn Árna ekki algengar en rannsókn málsins er ekki lokið. Lögreglan gefur ekki upp um hvaða meðferðarstofnun er að ræða.

DV greindi frá því á föstudag að kona um tvítugt hefði kært sextugan starfsmann meðferðarheimilisins í Krýsuvík fyrir kynferðisbrot. Maðurinn, sem vikið var frá störfum, gekkst við því í samtali við DV að hafa farið út fyrir siðferðisleg mörk í samskiptum sínum við skjólstæðinga heimilisins en neitaði því alfarið að hafa brotið gegn þeim kynferðislega. **– smj**

**Lögreglan rannsakar kæru á hendur starfsmanni meðferðarheimilis.**

## Líkfundur í Öræfum

**LÖGREGLUMÁL** Björgunarsveitarmenn í Öræfum fundu um hádegisbil í gær látinn mann við Sandfell í Öræfum. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurlandi voru björgunarsveitir kallaðar til eftir að grennslast hafði verið fyrir um ástæður þess að bifreið, sem erlendur ferðamaður hafði á leigu, hafði staðið yfirgefin um tíma á bílastæði skammt frá Sandfelli.

Rannsóknardeild lögreglunnar rannsakar nú málið. **– smj**

# Eini fangavörðurinn á vaktinni fluttur suður með heilablóðfall

**Fangavörður á Kvíabryggju var fluttur með sjúkrabíl til Reykjavíkur eftir heilablóðfall á næturvakt síðastliðinn föstudag. Fangaverðir hafa ítrekað bent á hættuna af því að hafa aðeins einn vörð á næturvakt í fangelsum. Páll Winkel segir fangaverði of fáa og hefur endurtekið óskað eftir auknu fjármagni til rekstrarins.**

**FANGELSISMÁL** „Við höfum bent á það í mörg ár hvað það er hættulegt að vera einn á vaktinni,“ segir Garðar Svansson, fangavörður á Kvíabryggju, sem fékk heilablóðfall á næturvakt í fangelsinu á Kvíabryggju aðfaranótt síðastliðins föstudags.

„Vistmenn voru búnir að fá lyfin sín og farnir í háttinn. Skrifstofustjóri stofnunarinnar hringdi um þetta leyti og þá varð ég var við að ég var eitthvað þvoglumæltur í símann. Þegar símtalið var búið fór ég að finna svona máttleysi vinstra megin og hélt það væri bara þreyta og lagði mig á sófann í setustofunni þegar ég var búinn að ganga frá í eldhúsinu,“ segir Garðar aðspurður um atvikið. Ástand Garðars var óbreytt um morguninn og hann leitaði þá til læknis. „Læknirinn hringdi umsvifalaust á sjúkrabíl og ég var fluttur strax til Reykjavíkur því það var alveg ljóst að ég hafði fengið blóðtappa í heila,“ segir Garðar. Hann segir ljóst að ef hann hefði hringt á Neyðarlínuna strax og hann fann einkennin hefði hann þurft að skilja fangelsið eftir í reiðileysi. „Ætli lögreglan hefði ekki bara komið og passað fangelsið því það var enginn annar starfsmaður til staðar.“

Garðar segir fangaverði oft hafa bent á hættuna sem því fylgir að hafa bara einn fangavörð á vakt á Kvíabryggju og í fangelsinu á Akureyri. „Við höfum bent á að það geti vel komið upp svona tilfelli, þar sem fangavörður er einn á vakt og það kemur eitthvað fyrir viðkomandi. Þá er enginn til að fylgjast með eða grípa inn í,“ segir Garðar og bætir við: „Þetta hefur verið rætt oft á starfsmannafundum með forstöðumönnum fangelsanna og forstjóra Fangelsismálastofnunar þar sem við höfum bent á akkúrat þetta. Og það eru til fundargerðir þar sem þetta kemur fram,“ segir Garðar.


Garðar Svansson segir að ef hann hefði misst meðvitund eða dáið á vaktinni þá hefði það ekki uppgötvast fyrr en morguninn eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Aðspurður segir Garðar að ef hann hefði misst meðvitund eða dáið á vaktinni hefði það ekki uppgötvast fyrr en morguninn eftir. Garðar bendir á að þessi staða geti einnig aukið áhættu á ofbeldi í fangelsum ekki síst í ljósi þess að fangahópurinn hafi verið að þyngjast undanfarin ár og það eigi við um öll fangelsin.

**Það er ekki að ástæðulausu að við höfum endurtekið óskað eftir auknu fjármagni til rekstrar.**

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar



„Það er ekki að ástæðulausu að við höfum endurtekið óskað eftir auknu fjármagni til rekstrar,“ segir Páll Winkel, forstjóri fangelsismálastofnunar, og leggur áherslu á að hann vilji ekki að það sé aðeins einn fangavörður á vakt. „Fangaverðir í fangelsum eru of fáir. Svo einfalt er það.“ Páll bendir á að Fangelsismálastofnun taki ekki ákvarðanir um fjárveitingar. „Við höfum bent á þörf fyrir aukið fjármagn en Alþingi hefur ákvörðunarvald í þessum efnum. Það er okkar að vinna í samræmi við þær ákvarðanir og fara vel með það fjármagn sem er til ráðstöfunar. Hugsanlega er æskilegt að minnka starfsemi á einhverjum sviðum stofnunarinnar og manna betur annars staðar. Það er sífellt til skoðunar, en það er ekki hægt að skera niður þar sem einn maður er á vakt yfir 23 föngum, ekki þar sem þrír eru yfir 40 föngum né fjórir yfir 80 föngum,“ segir Páll.

adalheidur@frettabladid.is



Otrivin Menthol nefúði, lausn. Inniheldur xýlómetazólínhýdróklóríð. Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Otrivin Menthol 1 mg/ml er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

BOSS
HUGO BOSS

SAND

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

G-STAR RAW

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI
collezione

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



# Hættulegustu gatnamót landsins

Umferðarslys með meiðslum á árunum 2007 til 2016

| | |
|---|---|
| Grensásvegur/Miklabraut | 40 |
| Háaleitisbraut/Miklabraut | 37 |
| Kringlumýrarbraut /Miklabraut | 34 |
| Reykjanesbraut/Bústaðavegur | 32 |
| Kringlumýrarbraut/Suðurlandsbraut | 26 |
| Njarðargata/Hringbraut | 23 |
| Hraunbrún/Reykjavíkurvegur/Flatahraun | 21 |
| Höfðabakkabrú NV/NA/SV rampar | 21 |
| Breiðholtsbraut/Stekkjarbakki/Skógarsel | 21 |
| Háaleitisbraut/Bústaðarvegur | 20 |
| Nýbýlavegur/Dalvegur | 20 |
| Kringlumýrarbr./Bústaðav. NA/SA rampar | 20 |




Heimild: Samgöngustofa

# Langflestir meiðast á Miklubraut

**Við Miklubraut eru þrenn hættulegustu gatnamót landsins þegar horft er tíu ár aftur í tímann. Sérfræðingur hjá EuroRAP vill götuna í stokk og fleiri hringtorg á höfuðborgarsvæðið. Hann bendir á að öllum hættulegustu gatnamótum landsins sé stýrt af umferðarljósum.**

**SAMGÖNGUR** „Þetta sýnir okkur að hættulegustu gatnamót landsins eru ljósastýrð,“ segir Ólafur Guðmundsson, tæknistjóri EuroRAP á Íslandi. Í skýrslum Samgöngustofu er að finna lista yfir hættulegustu gatnamót landsins í þéttbýli. Þegar tölurnar fyrir undanfarin tíu ár eru lagðar saman sést að þrenn hættulegustu gatnamótin eru við Miklubraut.

Engin af þeim gatnamótum sem rata á topplista tímabilsins 2007 til 2016 eru með hringtorg eða eru mislæg. Þó má nefna að gatnamótin við Höfðabakka komast á listann en á þeim eru umferðarljós.

Ólafur bendir á að fjölförnustu gatnamót landsins, gatnamót Reykjanesbrautar og Miklubrautar, komist ekki á lista yfir 20 hættulegustu gatnamót höfuðborgarsvæðisins. „Það segir mér að ljósastýrð gatnamót eru hættulegri en hringtorg eða mislæg gatnamót.“ Það sé því ekki lögmál að fjölförnustu gatnamót landsins séu þau hættulegustu.



**Umferðin á Miklubraut er þung á mestu annatímum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ólafur, sem vinnur að því hjá EuroRAP að leggja mat á íslenska vegakerfið, segir að ljósastýrð gatnamót séu „innbyggðum killer“. „Ef eitthvað klikkar á þeim þá verður það vont. Það eru allir á fullri ferð. Sá sem klikkar í hringtorgi er alltaf á minni ferð,“ útskýrir Ólafur og bætir við að á ljósastýrðum gatnamótum verði árekstrarnir yfirleitt beint framan/aftan á bíla eða inn í hlið þeirra. Í hringtorgum sé hornið um 30 gráður.

> Þetta kostar peninga og þetta verður átak. En við komumst ekki hjá því.
>
> Ólafur Guðmundsson, tæknistjóri hjá EuroRAP á Íslandi



Þrenn hættulegustu gatnamótin við Miklubraut eru við Háaleitisbraut, Grensásveg og Kringlumýrarbraut. Á hverjum gatnamótum hafa orðið á bilinu 34 til 40 slys undanfarin tíu ár þar sem meiðsli verða á fólki.

Ólafur vill fá Miklubraut í stokk og frítt flæði um þessa fjölförnustu götu landsins. Þá muni rauðu punktarnir á kortinu einfaldlega hverfa. Hann bendir á að mislæg gatnamót Miklubrautar og Réttarholtsvegar komist hvergi á blað þegar slysatölur eru skoðaðar en segir þó að menn þurfi að vanda sig. Þannig verði oft slys á illa heppnuðum gatnamótum Vesturlandsvegar og Höfðabakka. Þar séu það ljósin uppi á brúnni sem valdi slysum.

Mislæg gatnamót eru dýr í framkvæmd en Ólafur bendir á að sums staðar megi einfaldlega setja niður hringtorg. Sprungin hringtorg og ljósastýrð gatnamót anni álíka mikilli umferð. Slysin verði hins vegar ekki eins alvarleg í hringtorgunum, enda sé hraðinn miklu minni. „Þetta kostar peninga og þetta verður átak. En við komumst ekki hjá því,“ segir hann.

Ólafur vill að hlutlausir sérfræðingar verði fengnir til að gera faglegt umferðarmódel af öllu höfuðborgarsvæðinu í heild, með það fyrir augum að auka flæði umferðarinnar og draga úr slysahættu. baldurg@frettabladid.is





Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín.
Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.
Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

LYFJA – Lifið heil

15% afsláttur

af öllu Nicotinell lyfjatyggigúmmí, öllum styrkleikum og pakkningarstærðum.

Gildir út janúar 2018

lyfja.is

# Meira holt




**Nýtt í Hagkaup**

**Lohilo prótein ís**

**699** kr/stk




**ProPud shake**

Enginn viðbættur sykur, laktósafrítt

**279** kr/stk

**Verð áður 349 kr/stk**



**Bears yoyo and paws**

Unnið úr ávöxtum og berjum

**15%** afsláttur




**Bio-Kult**

Pro Cyan, Candéa og Advanced multi-strain formula

**20%** afsláttur



**RXbar**

3 eggjahvítur, 6 möndlur, 4 kasjúhnetur, 2 döðlur

**399** kr/stk




**Bai**

Fullur af andoxunarefnum og vítamínum

**239** kr/stk

**Verð áður 299 kr/stk**




**Nutrilenk**

**25%** afsláttur

Tilboð gilda út 21. janúar

**HAGKAUP** *Meira svona alla daga*



Áslaug sækist eftir leiðtogasæti í borginni, ein kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Eina konan á ekki vísan stuðning Landssambands sjálfstæðiskvenna

**STJÓRNMÁL** Skiptar skoðanir eru meðal kvenna í Sjálfstæðisflokknum um hlutverk kvenfélaga flokksins hvað varðar stuðning við kvenframbjóðendur. „Við eigum að styðja allar konur til þátttöku í stjórnmálum en ekkert endilega að styðja einstakar konur í framboði,“ segir Vala Pálsdóttir, formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna, aðspurð um stuðning sambandsins við framboð Áslaugar Friðriksdóttur sem er eina konan sem tekur þátt í leiðtogakjöri flokksins í Reykjavík.

Vala segir engin jafnréttissjónarmið í því að konur eigi að styðja konu bara af því að þær vilji auka hlut kvenna. „Þótt kona sæki ein fram er það ekki endilega ávísun á að hún fái öll atkvæði kvenna heldur þarf hún að hafa eitthvað fram að færa,“ segir Vala. Hún segist munu kjósa eftir skoðunum og málefnum en ekki eftir kynferði og hefur ekki gert upp við sig hvort hún styðji Áslaugu.

Annað hljóð er í formanni Hvatar, félags sjálfstæðiskvenna í Reykjavík, sem styður Áslaugu til forystu. „Auðvitað styðjum við hana, ekki spurning. Hvöt er félag Sjálfstæðiskvenna í Reykjavík og hefur það markmið að styðja kvenframbjóðendur. Það er kominn tími á konu í leiðtogasæti í borginni og Áslaug er frábær kandídat,“ segir Arndís Kristjánsdóttir, formaður Hvatar.

Sjálfstæðiskonur sem blaðið ræddi við sammælast ekki um hlutverk kvenfélaganna. Þá eru skiptar skoðanir um regluverk flokksins um hlut kvenna á framboðslistum. „Mér finnst prófkjörin vænlegasti kosturinn til að velja fólk á lista en er þeirrar skoðunar að við þurfum að setja þar inn kynjakvóta,“ segir Ragnheiður Ríkharðsdóttir, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins. – aá

# Síminn vill aðgang að kerfi Gagnaveitunnar

**Forstjóri Símans segist vonast til að ná samningum um aðgang að ljósleiðarakerfi Gagnaveitu Reykjavíkur á viðskiptalegum forsendum í stað þess að bíða innleiðingar löggjafar frá ESB. Grátlegt sé að fyrirtækin séu að grafa á sömu stöðum.**

**FJARSKIPTI** „Það myndi spara fé og einfalda hlutina fyrir neytendur að þetta reiptog verði úr sögunni og menn geti sammælst um að nýta innviðina betur,“ segir Orri Hauksson, forstjóri Símans, sem á nú í viðræðum við Gagnaveitu Reykjavíkur um aðgang að ljósleiðarakerfum Gagnaveitunnar.

„Það sem hefur alltaf steytt á er að við höfum óskað eftir að fá sams konar aðgang að þeirra kerfi eins og við höfum að öllum sveitarfélaganetum á landinu, svokallaður óvirkur eða hrár aðgangur en Gagnaveitan hefur viljað selja okkur heildstæða fjarskiptaþjónustu,“ lýsir forstjóri Símans málinu í hnotskurn.

Orri sendi stjórn Orkuveitunnar, móðurfélags Gagnaveitunnar, bréf 5. janúar síðastliðinn. Þar ítrekar hann að Síminn sækist ekki eftir bitastraumsaðgangi eins og Gagnaveitan sé enn að bjóða þótt vissulega standi til boða aukinn aðgangur miðað við áður. „Tilboðið mætir hins vegar í grundvallaratriðum ekki framtíðarþörfum Símans né uppfyllir það skilyrði til grósku, nýsköpunar og samkeppni í tækni,“ segir í bréfinu.

„Ástæða þess að við höfum ekki náð saman er sem sagt að þeir vilja alltaf selja okkur meira en við viljum kaupa,“ ítrekar Orri. „Þeir nálguðust okkur fyrir jól þótt það væri ekki mikið. Við ætlum sannarlega að reyna að kaupa af þeim vegna þess að langdýrasti hlutinn af svona fastlínukerfum liggur í jarðvegsframkvæmdum. Okkur finnst grátlegt ef það þarf að marggrafa á sama stað.“



Ljósleiðari á vegum Gagnaveitunnar lagður í Reykjavík 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Orri minnir á að von sé á nýrri löggjöf á vegum samgönguráðherra sem byggi á tilskipun frá Evrópusambandinu og muni ýta undir að málin fari í þann farveg sem Síminn sækist eftir. „Vonandi leysist málið sem fyrst og þá á viðskiptalegum forsendum á milli félaganna frekar en samkvæmt forskrift frá yfirvöldum. Þetta mun enda vel og annaðhvort gerist það hratt í samvinnu eða seinna og þá byggt á reglusetningu.“

gar@frettabladid.is



# ÚTSÖLULOK
**SUNNUDAGINN**
**21. janúar**

# 30-50% AFSLÁTTUR

**AF ÚTSÖLUVÖRUM Í EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM**

**LAUGAVEGUR 91** REYKJAVÍK - **AUSTURSTRÆTI 5** REYKJAVÍK
**ÞINGHOLTSSTRÆTI 2 - 4** REYKJAVÍK - **FÁKAFEN 9** REYKJAVÍK
**MIÐHRAUN 4** GARÐABÆR - **HAFNARSTRÆTI 106** AKUREYRI
**BÁSASKERSBRYGGJA 2** VESTMANNAEYJAR



**50%** kr. 6.495.-
**BJARKE** Dúnjakki m/hettu Áður kr. 12.990



**VIKTOR** Softshell jakki Áður kr. 9.500
**30%** kr. 6.650.-



**50%** kr. 6.495.-
**BIRGIT** Dúnjakki án/hettu Áður kr. 12.990



*ASOLO Shiver Blu Aster og Passion litir á 50% afslætti*

**ASOLO SHIVER** Gönguferðir og dagleg not. Áður kr. 19.990
**50%** kr. 9.995.-



**BLANDA** Flíspeysa/barna Áður kr. 5.990
**40%** kr. 3.594.-

***20% afsláttur af nýjum barnafatnaði á meðan á útsölu stendur***



ICEWEAR · ICELAND ·

www.icewear.is

# Fjórðungur mála vegna brota á hegningarlögum

**LÖGREGLUMÁL** Að jafnaði er rannsókn á um 80 prósentum hegningarlagabrota sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fær á sitt borð hætt án þess að þau fari í ákærumeðferð. Þetta kemur fram í svari lögreglunnar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Í svarinu kemur líka fram að þann 11. janúar síðastliðinn voru 4.944 mál sem fela í sér 8.655 brot og verkefni skráð til meðferðar hjá ákærusviði embættisins.

Tæplega 47 prósent brota sem skráð eru til meðferðar á ákærusviði eru vegna umferðarlagabrota og 21 prósent vegna annarra sérrefsilagabrota. Þá eru tæplega 25 prósent mála vegna brota á hegningarlögum. Átta prósent málanna eru vegna verkefna sem eru ekki lögbrot. – **jhh**

**47**

**prósent mála eru vegna brota á umferðarlögum**

# Ætlar með túlkamálið alla leið til Strassborgar

**DÓMSMÁL** „Ég sætti mig ekki við niðurstöðu Hæstaréttar,“ segir Áslaug Ýr Hjartardóttir, sem hefur ákveðið að fara með mál sitt fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Hæstiréttur Íslands staðfesti í nóvember að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra hefði verið heimilt að synja beiðni Áslaugar um túlkaþjónustu í sumarbúðum í Svíþjóð.

Áslaug furðar sig á því að fjárveitingar Alþingis séu settar ofar stjórnarskrárvörðum réttindum en beiðni Áslaugar um túlkaþjónustu var hafnað á þeim forsendum að fjármunir til þessarar þjónustu væru takmarkaðir í fjárlögum.

Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður Áslaugar, segir Hæstarétt hafa í þessu máli snúið baki við þeim félagslegu réttindum sem 76. gr. stjórnarskrárinnar sé ætlað að tryggja. Þá hafi verið horft fram hjá þeirri augljósu skyldu löggjafans að setja lög og reglur um þann rétt sem Áslaug og aðrir í hennar stöðu eigi að njóta. Eftir standi stjórnarskrárákvæði sem hefur enga þýðingu og tryggir engan rétt. Við það verði ekki unað. Hann segir að málinu verði vísað til Mannréttindadómstólsins nú í febrúar. – **aá**



**Áslaug Ýr Hjartardóttir heldur baráttunni áfram.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


## Orlofshús í sumar

Byggiðn – Félag byggingamanna óskar eftir vönduðum sumarhúsum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar. Heitur pottur er skilyrði.

Áhugasamir sendi upplýsingar á palmi@samidn.is **fyrir 25. janúar 2018.** Nauðsynlegt er að góð lýsing sé og ljósmyndir af eigninni svo sem stærð, fjöldi svefnplássa og staðsetning. Einnig að lýsing á umhverfi fylgi með t.d. möguleikum til útivistar og afþreyingar. Öllum tilboðum verður svarað.



## BORGARLÍNA



## ÍBÚAFUNDUR

Fimmtudaginn 18. janúar kl. 17 í Hafnarborg

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri mun halda erindi ásamt Ólöfu Kristjánsdóttur verkfræðingi og fagstjóra samgangna hjá verkfræðistofunni Mannvit. Kynnt verður hið nýja kerfi almenningssamgangna sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirbúa ásamt skýrslu Mannvits um úttekt á göturými.

**Fundurinn verður í beinni á Facebook síðu Hafnarfjarðarbæjar**

**Íbúar og aðrir áhugasamir eru hvattir til að mæta á fundinn.**

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR





**Kort af vatnsöflunarkerfi kalda vatnsins í Heiðmörk frá Veitum. Fylgst verður náið með vatninu þar á næstunni.**

# Fjölmargar hættur steðja að vatnsbólum

**Margt fleira en hláka og leysingar ógnar vatnsbólum, segir veðurfræðingur. Huga þurfi að ýmissi umhverfisvá og aukinni umferð á vatnsverndarsvæðum. Mörg dæmi í sögunni um meiri leysingar en við höfum orðið vitni að í janúar.**

**UMHVERFISMÁL** „Miðað við fyrri ár var þessi ákveðni frostakafli mjög langur. Við höfum ekki séð svona frost í nokkuð langan tíma. En leysingin sem gerði síðastliðinn föstudag var ekkert sérstök,“ segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur. Hann segir flóðið á föstudag lítið í sögulegu samhengi. „Við skjóta yfirferð má finna frá því um 1960 þrjú til fjögur leysingartilvik sem öll voru mun stærri en nú.“ Það var í apríl árið 1962, febrúar 1968 og tvisvar í febrúar árið 1982.

Einar segir þó slíka hláku og leysingar alls ekki það eina sem ógnar vatnsbólinu. Hann segir mikilvægt að huga að ýmissi umhverfisvá eins og jarðvegsmengun, olíuóhöppum og auknu álagi vegna aukinnar umferðar fólks á vatnsverndarsvæðunum. „Mikið er fjallað þar um Heiðmörk og Bláfjöll, en minna um sjálfan Suðurlandsveg, en hluti hans liggur óvarinn fyrir mengunarslysi. Til dæmis ef olíubíll færi á hliðina mjög nærri brunnsvæði Gvendarbrunna og nágrennis.“

Einar segir eina lausn vera að tengja saman mikilvægustu vatnstökusvæðin, Kaldárbotna, Gvendarbrunna og Vatnsendakrika. „Best er vitanlega að tengja þessi þrjú svæði saman með vatnslögn ofan byggðar. Ef eitt þeirra verður fyrir mengun eða öðru umhverfisálagi geta hin tvö miðlað vatni án þess að nokkur yrði þess var.“

Aðeins sex af tuttugu holum á Vatnsverndarsvæði Heiðmerkur eru í notkun eftir að jarðvegs- og saurgerlar mældust í þeim í vikunni. Í tilkynningu frá Veitum og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur segir að líkleg ástæða þessarar mengunar sé „mikil hlákutíð undanfarið í kjölfar langs frostakafla. Við slíkar aðstæður getur yfirborðsvatn komist í grunnvatn og flutt með sér gerla.“

Hjá Veitum eru viðbragðsáætlanir vegna aukinnar hláku. Þess vegna eru fjórar holur við Gvendarbrunna ekki í notkun frá byrjun október til loka mars. „Það sem við sáum núna var aukið magn jarðvegsgerlum í holu sem hefur ekki verið viðkvæm fyrir þessu áður, það er hola sem kallast V-1,“ sagði Ólöf Snæhólm, upplýsingafulltrúi Veitna.



VÍSIR

Hættulegir gerlar í drykkjarvatninu

Kók í þinginu

HÓLMSÁ OG ELLIÐAÁR URÐU SEM STÓRFLJÓT

**Það er ekkert einsdæmi að gerlar finnist í drykkjarvatni eins og sjá má á þessari gömlu frétt í Vísi.**

Einn saurgerill fannst í sýnum sem tekin voru úr V-4, V-5 og V-14 þann 9. janúar, það er einn gerill í hverju sýni. Einnig mældist aukið magn jarðvegsgerla í þeim. Þessum holum var strax lokað sem og holu V-3 sem sýndi aukið magn jarðvegsgerla samkvæmt upplýsingum frá Veitum. **lovisaa@frettabladid.is**

# Dalvíkingar vilja líka láta moka fyrir sig

**SAMGÖNGUR** Umhverfisráð Dalvíkurbyggðar segist fagna því að Vegagerðin sjái nauðsyn þess að auka snjómokstur í Svarfaðardal en kveðst furða sig á því í hverju aukningin felist því hún muni ekki nýtast öllum íbúum í Svarfaðar- og Skíðadal.

Haukur Gunnarsson, formaður umhverfisráðsins, segir að aukningin sé öll að vestanverðu og ekki einu sinni fram allan dalinn þar heldur að afleggjaranum að Tungurétt. „Það snjóar jafn mikið að austan og vestan,“ útskýrir Haukur.

„Það er með hreinum ólíkindum að Vegagerðin skuli leyfa sér að mismuna íbúum dalanna um umferðaröryggi eftir því hvar þeir búa,“ segir umhverfisráðið. Skólabíll fari í báða dalina alla virka daga og íbúar þar sæki vinnu til Dalvíkur.

„Í báðum dölunum eru ferðaþjónustufyrirtæki sem þurfa á góðri vetrarþjónustu að halda. Einnig má geta þess að á þeirri leið sem Vegagerðin leggur til að aukin þjónusta verði, eru einungis tvö af tólf mjólkurbúum í dölunum og sækir mjólkurbíllinn mjólk á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum,“ segir umhverfisráðið sem krefst þess að í fyrirhuguðu snjómokstursútboði verði gert ráð fyrir sjö daga þjónustu í Svarfaðardal og Skíðadal. – **gar**



**Snjómokstur er afar mikilvægur í samgöngum hér á landi.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Skoðaðu úrvalið á www.bilaland.is
NÚ ER VETUR
Á ÍSLANDI
Njóttu þess að takast á við vetrarfærðina á bíl með drifi á öllum. Renndu við í dag og tryggðu þér einn góðan á enn betra verði.
4x4
Rnr. 144548
LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 12/14, ekinn 75 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
8.290 þús. kr.
4x4
Rnr. 390719
BMW 2 225XE Iperformance
Nýskr. 08/17, ekinn 4 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ:
5.390 þús. kr.
4x4
Rnr. 121372
HYUNDAI Santa Fe III Style
Nýskr. 12/15, ekinn 26 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
5.950 þús. kr.
4x4
Rnr. 144828
TOYOTA Rav4 GX
Nýskr. 05/16, ekinn 74 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 3.590.000 kr.
TILBOÐ:
3.190 þús. kr.
4x4
Rnr. 370798
SUBARU Forester Premium
Nýskr. 07/16, ekinn 45 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
4.490 þús. kr.
4x4
Rnr. 144804
BMW X5 Xdrive40e
Nýskr. 01/17, ekinn 18 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
VERÐ:
8.990 þús. kr.
4x4
Rnr. 144754
SKODA Octavia Ambition 4x4
Nýskr. 01/16, ekinn 78 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
3.180 þús. kr.
4x4
Rnr. 144488
RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 05/17, ekinn 28þ.km,
dísil, beinskiptur.
VERÐ:
3.890 þús. kr.
4x4
Rnr. 121374
HYUNDAI iX35 Comfort
Nýskr. 01/14, ekinn 54 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
3.290 þús. kr.
4x4
Rnr. 390549
NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýskr. 03/17, ekinn 27 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 4.990.000 kr.
TILBOÐ:
4.590 þús. kr.
4x4
Rnr. 321254
NISSAN Juke Acenta+ 4wd
Nýskr. 05/16, ekinn 43 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 3.290.000 kr.
TILBOÐ:
2.890 þús. kr.
4x4
Rnr. 390724
LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 01/16, ekinn 75 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
8.990 þús. kr.
4x4
Rnr. 144552
JAGUAR F-Pace Prestige
Nýskr. 06/17, ekinn 8 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
8.990 þús. kr.
4x4
Rnr. 144768
HYUNDAI Tucson Classic 4wd
Nýskr. 05/16, ekinn 40 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
3.990 þús. kr.
4x4
Rnr. 144621
DACIA Duster 4x4
Nýskr. 04/13, ekinn 140 þ.km,
dísil, beinskiptur.
VERÐ:
1.450 þús. kr.
4x4
Rnr. 144720
SUBARU Forester Premium
Nýskr. 05/16, ekinn 56 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 3.890.000 kr.
TILBOÐ:
3.390 þús. kr.
4x4
Rnr. 390496
BMW X3 Xdrive20d
Nýskr. 04/16, ekinn 25 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
6.990 þús. kr.
4x4
Rnr. 144652
TOYOTA Land Cruiser 150 GX
Nýskr. 12/15, ekinn 88 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
6.980 þús. kr.
4x4
Rnr. 144327
RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 07/16, ekinn 57 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 3.490.000 kr.
TILBOÐ:
2.950 þús. kr.
4x4
Rnr. 390578
Range Rover Evoque HSE
Nýskr. 01/16, ekinn 8 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
8.390 þús. kr.
Klettháls 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
Opið frá kl. 9–18 og
á laugardögum frá kl. 12–16.
bílaland
ENNEMM / SÍA / NM86156
Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengli.



**Afnáminu hefur verið mótmælt harðlega.** NORDICPHOTOS/AFP

# Vantar eitt atkvæði til að fella ákvörðunina úr gildi

**BANDARÍKIN** Ríkissaksóknarar 21 ríkis Bandaríkjanna kærðu í gær ákvörðun Fjarskiptastofnunar Bandaríkjanna (FCC) um að afnema reglugerð úr forsetatíð Baracks Obama um nethlutleysi. Þá þurfa Demókratar bara að fá einn Repúblikana í öldungadeild Bandaríkjaþings til viðbótar til að fella ákvörðun FCC.

Reglurnar fela í sér að netþjónustuaðilar verði að meðhöndla umferð um netið með sama hætti óháð uppruna og áfangastað. Hafa andstæðingar afnámsins haldið því fram að með afnámi opnist sá möguleiki að netþjónustufyrirtæki geti hægt á tengingum við ákveðið efni og selt hraðari aðgang á okurverði. Jafnframt geri afnámið téðum fyrirtækjum kleift að rukka vefsíður fyrir að hægja ekki á tengingu neytenda við þær.

Í kæru saksóknaranna, sem meðal annars eru frá Kaliforníu, New York og Virginíu, segir að með ákvörðun sinni hafi FCC brotið lög og reglugerðir. Um sé að ræða „handahófskennda misnotkun valds“.

Repúblikaninn Susan Collins slóst í lið með Demókrötum á þriðjudag en jafnvel þótt Demókratar tryggi sér stuðning annars Repúblikana bíði ærið verkefni þegar afnámið færi fyrir fulltrúadeildina. Þar eru Repúblikanar með enn stærri meirihluta. – **þea**

# Merkel vongóð og ber traust til flokks Schulz

**Þýskalandskanslari bíður nú eftir að flokksmenn Jafnaðarmannaflokksins samþykki að hefja stjórnarmyndunarviðræður. Stjórnarkreppa hefur verið í landinu mánuðum saman en nú stefnir í að stórbandalagið starfi saman aftur.**

**ÞÝSKALAND** Þörf er á stöðugri ríkisstjórn í Þýskalandi. Þetta sagði Angela Merkel, kanslari Þýskalands og formaður Kristilegra demókrata (CDU), í gær og sagðist jafnframt treysta á að flokksmenn Jafnaðarmannaflokksins (SPD) ákveði á þingi sínu á sunnudag að samþykkja að hefja formlegar stjórnarmyndunarviðræður við CDU.

Merkel lét þessi orð falla á blaðamannafundi í höfuðborginni Berlín en bætti því við að hún treysti Jafnaðarmönnum sjálfum til að taka ábyrga ákvörðun. „Ég mun ekki hafa nein bein afskipti af þessu ferli.“

Ef flokkarnir tveir ná saman um myndun ríkisstjórnar þýðir það lok lengstu stjórnarkreppu Þjóðverja frá því fyrir seinni heimsstyrjöld. Gengið var til kosninga undir lok septembermánaðar og guldu bæði CDU og SPD afhroð.

SPD ætlaði að vera utan ríkisstjórnar á kjörtímabilinu vegna afhroðsins. Þau áform virðast hafa fokið út um gluggann þegar upp úr stjórnarmyndunarviðræðum CDU, Græningja og Frjálslyndra demókrata slitnaði. Þá var ekkert annað í stöðunni en að stórbandalagið héldi áfram eða að öfgaþjóðernishyggjuflokkurinn Valkostur fyrir Þýskaland (AfD) yrði dreginn að borðinu.


**Merkel og Martin Schulz, leiðtogi SPD, vilja vinna saman.** NORDICPHOTOS/AFP

Nú þegar hafa flokkarnir tveir samþykkt áætlun um stjórnarmyndunarviðræður en samkvæmt Reuters hafa ýmsir flokksmenn SPD gagnrýnt þá áætlun harðlega og segja hana ekki samræmast stefnu flokksins nægilega vel. Flokknum væri því betur borgið í stjórnarandstöðu svo að hann missi ekki enn fleiri þingmenn næst þegar gengið verður til kosninga.

Leiðtogar SPD samþykktu á þriðjudag einróma að mæla með því að flokksmenn samþykki að hefja stjórnarmyndunarviðræður. Aðalritarinn Lars Klingbeil sagði við Die Zeit að hann hefði fullan skilning á málstað þeirra sem efuðust um ágæti þess að framlengja líf Stórbandalagsins. „Áður en flokksmenn greiða atkvæði á þinginu ættu þeir að hafa í huga að það er einungis tvennt í stöðunni. Stjórnarmyndunarviðræður eða aðrar kosningar,“ sagði Klingbeil.
**thorgnyr@frettabladid.is**




**Mitsubishi ASX** er fjórhjóladrifinn sportjeppi sem er sérstaklega vel útbúinn og skilar þér miklu afli á mjúkan og sparneytinn hátt. Hann kemur með fimm ára ábyrgð og nú fylgir honum frí þjónustuskoðun í tvö ár.* Þú situr hærra, hefur meira rými og nýtur fimlegra aksturseiginleika sem auka þægindin. Komdu og prófaðu Mitsubishi ASX. Hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

*Nánari upplýsingar um þjónustuskoðun HEKLU má finna á hekla.is. Verð, tilboðsverð og búnaður eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta því breyst án fyrirvara.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ




**20**% afsláttur af öllum Hugo Boss vörum
dagana 18.-24. janúar

HAGKAUP

*Meira* svona *alla daga*




**Fimm stór skref í vestur**

Enn á ný fjölgar áfangastöðunum okkar. Nú eru það fimm nýjar borgir í Bandaríkjunum sem hafa bæst við. Dallas, Cleveland, San Francisco, Baltimore og Kansas City eru gimsteinar sem bíða þess að verða uppgötvaðir. Láttu drauminn rætast í þessu litríka landi. Hvaða borg heillar þig mest?



ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 87191 01/18

# Verð á eldislaxi lækkað um þriðjung

**Kílóverð á eldislaxi lækkaði skarpt í norskum krónum í fyrra. Greinendur spá áframhaldandi lækkunum. Forstjóri Arnarlax segir verðið þó sögulega hátt. Lækkanirnar séu engin „katastrófa“. Ólíklegt þykir að þær hafi afgerandi áhrif á rekstur hérlendra fyrirtækja.**

Eftir látlausar verðhækkanir á eldislaxi árið 2016 tók verðið að lækka í fyrra. Kílóverð á eldislaxi hefur fallið um ríflega þriðjung í norskum krónum frá því það var hvað hæst í byrjun árs 2017. Framvirkir samningar á Fish Pool markaðinum í Noregi gefa jafnframt til kynna að verð á laxi haldi áfram að lækka næstu fjögur árin.

„Við viljum auðvitað frekar að verðið sé hátt heldur en lágt en við lítum ekki á þetta sem einhverja katastrófu,“ segir Kristian Matthíasson, forstjóri Arnarlax, stærsta fiskeldisfyrirtækis landsins.

„Okkar framtíðaráætlanir í laxeldi eru alls ekki byggðar á þeim verðum sem við sáum árin 2016 og 2017. Við sem höfum starfað lengi við laxeldi erum vanir því að sjá verðið sveiflast upp og niður. Við megum ekki gleyma því að sögulega séð er verðið enn þá mjög hátt,“ bætir hann við.

Samkvæmt sérstakri laxavísitölu Nasdaq fór verð á eldislaxi í hæstu hæðir seinni hluta árs 2016. Var kílóverðið um tíma um 80 norskar krónur. Síðan þá hefur verðið hins vegar farið hríðlækkandi og er nú um 54 norskar krónur.

Jón Þrándur Stefánsson, yfirmaður greininga hjá Markó Partners, segir væntingar um aukið magn eldislax, sér í lagi í Noregi og Síle, sem eru stærstu útflytjendur laxins í heiminum, hafa þrýst verðinu niður. „Framboðið er að aukast um sjö prósent á heimsvísu á þessu ári. Neyslan hefur haldið áfram að aukast en engu að síður virðist sem framboðsaukningin sé meiri en neysluaukningin,“ útskýrir hann.

### Verð á laxi í norskum krónum




Framboð á heimsmarkaði dróst verulega saman vegna hremminga í framleiðslunni í Noregi og Síle. Löndin hafa hins vegar náð vopnum sínum og hefur framboðið aukist að nýju. Telja margir greinendur því viðbúið að verðið muni halda áfram að lækka. „Þegar við sjáum fram á að framboðið verði meira í ár en í fyrra skapast eðlilega ótti um að í vændum sé verðleiðrétting,“ segir Lage Bogren, greinandi hjá bankanum Carnegie.

Verðfallið á síðustu mánuðum hefur jafnframt stuðlað að lækkandi gengi hlutabréfa í norskum fiskeldisfyrirtækjum, en nokkur þeirra eiga ráðandi hlut í íslenskum fiskeldisstöðvum. Hlutabréf í þeim fiskeldisfyrirtækjum sem skráð eru á markað í Ósló hafa sem dæmi lækkað að meðaltali um 15 prósent í verði frá því um miðjan októbermánuð í fyrra.

> **Það er bæði vöxtur í eftirspurn og framleiðslu og til lengri tíma litið hefur vöxturinn í eftirspurninni að jafnaði verið meiri.**
>
> Kristján Þ. Davíðsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva



Þá var nýlega greint frá því að laxeldisfyrirtækið Bakkafrost í Færeyjum hefði sagt upp 147 starfsmönnum af 300 í starfsstöð sinni að Glyvrum. Er ástæðan sögð minnkandi eftirspurn eftir eldislaxi en lækkandi verð á laxi hefur rýrt afkomu fyrirtækisins.

Kristján Þ. Davíðsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva, segir enga ástæðu til að hafa áhyggjur af lækkandi verði. „Horfurnar til lengri tíma eru taldar ágætar. Það er bæði vöxtur í eftirspurn og framleiðslu og til lengri tíma litið hefur vöxturinn í eftirspurninni að jafnaði verið meiri.“

Aðspurður segir Jón Þrándur ólíklegt að verðlækkanir síðustu mánaða muni hafa afgerandi áhrif á rekstur fiskeldisfyrirtækja hér á landi. „En alla jafna setja verðlækkanir þrýsting á rekstrarmenn að reyna að halda kostnaði niðri. Menn fara þá að huga að því hvort þeir geti ekki hagrætt í rekstri. Það er eitthvað sem fyrirtækin þurfa ávallt að velta fyrir sér,“ nefnir hann og bætir við: „Það sem hefur frekar tafið uppbyggingu í greininni eru leyfismálin, ekki verðþróunin. Það er ekki útlit fyrir annað en að menn muni áfram fjárfesta í greininni. Það er auðvitað með þessa grein líkt og aðrar að það koma góðir tímar og slæmir. Verðið kemur til með að fara upp og það kemur til með að fara niður.“

kristinningi@frettabladid.is




## Ráðleggja fjárfestum að halda bréfum í Högum

Hlutabréfagreinendur IFS meta verðmæti hlutabréfa í verslunarfyrirtækinu Högum á 37,6 krónur á hlut samkvæmt nýju verðmati sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Er það um þremur prósentum lægra en gengi bréfanna stóð í eftir lokun markaða í gær. Er mælt með því að fjárfestar haldi bréfum sínum í félaginu.

IFS telur þó að virði hlutabréfa Haga sé um 44 krónur á hlut ef tekið er tillit til kaupa félagsins á olíufélaginu Olís, en þau bíða samþykkis Samkeppniseftirlitsins.

Áætla greinendurnir að virði bréfanna, að teknu tilliti til kaupanna, geti orðið 48 krónur á hlut í lok þessa árs. Er það hátt í 25 prósentum hærra en núverandi gengi bréfanna. Geta ber þess að IFS hefur ekki metið sérstaklega samlegðaráhrif kaupanna.

Í verðmatinu er þó tekið fram að samlegð félaganna geti orðið mikil og möguleikar til tekjuaukningar séu margvíslegir. Sérfræðingarnir taka sem dæmi að virði sé fólgið í lóðum Olís og þá séu staðsetningar þeirra vannýttar. Hægt væri að selja þær eða nýta á aðra vegu til þess að auka virði kaupanna enn frekar. „Við teljum einnig mun meiri samlegð í Olís en Lyfju þar sem dreifikerfi og vöruhús yrðu samnýtt og innkaup sameinuð,“ segir í verðmatinu.

> **48**
>
> **krónur á hlut er vænt virði hlutabréfa Haga, að teknu tilliti til kaupanna á Olís, í lok ársins samkvæmt mati IFS.**

Að mati greinenda IFS er nokkur óvissa um hvort Samkeppniseftirlitið leggi blessun sína yfir kaupin. Er bent á að Hagar og Olís séu stærstu félögin í sínum geira, ólíkt til dæmis 365 og Fjarskiptum sem fengu leyfi eftirlitsins til þess að sameinast á síðasta ári. Ekki sé þó ólíklegt að Samkeppniseftirlitið samþykki umrædd kaup. Til lengri tíma sé það jafnframt mögulega þjóðhagslega hagkvæmt. **– kij**

## Hækka verðmat á Icelandair um 22 prósent

Hagfræðideild Landsbankans hefur hækkað verðmat sitt á Icelandair Group um 22 prósent og metur gengi bréfanna á 18,4 krónur á hlut. Það er um 16 prósentum hærra en markaðsgengi bréfanna eftir lokun markaða í gær. Er fjárfestum þannig ráðlagt að kaupa hlutabréf í félaginu.

Í verðmatinu benda greinendur bankans meðal annars á að vísbendingar séu um að tekjur á hvern sætiskílómetra muni ekki dragast enn frekar saman og að vöxtur félagsins muni leiða til bættrar rekstrarniðurstöðu. Tekið er fram að hækkandi olíuverð hafi vissulega neikvæð áhrif á afkomu Icelandair en hins vegar séu margir keppinautar félagsins berskjaldaðri fyrir olíuverðshækkunum.

Hagfræðideildin spáir því að EBITDA – rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – verði 189,4 milljónir dala á þessu ári. Til samanburðar var EBITDA ársins 2016 tæpar 220 milljónir dala og þá gera sérfræðingar bankans ráð fyrir að EBITDA Icelandair hafi verið 168 milljónir dala á síðasta ári. **– kij**


Útsala
Skíða- og útivistarfatnaður 30-50%
Gönguskíðafatnaður 30%
Svefnpokar 30%
Gönguskór 30-50%
Bakpokar 30%
Skíða- og gönguskíðapakkar 20%
HEAD
FISCHER
MAMMUT
Absolute alpine.
hanwag
OUTDOOR FOOTWEAR
SINCE 1921
odlo
swix
EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

# Lögreglan gerir ekki mistök



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, kom fyrir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis í gær til að svara fyrirspurnum um týnd sönnunargögn í tveimur sakamálum.

Þegar ung kona hugðist leggja fram nýja kæru á hendur Robert Downey, dæmdum kynferðisbrotamanni, kom í ljós að vasabók hans með nöfnum 335 ungra stúlkna fannst ekki. Afrit af vasabókinni fannst síðar en frumgagnið ekki. Þá finnst ekki poki með skartgripum sem haldlagður var í húsleit á næturklúbbnum Strawberries árið 2013. „Þessir munir hafa ekki komið í leitirnar þrátt fyrir ítarlega leit og þetta hefur verið skoðað innan embættisins með eins nákvæmum hætti og mögulegt er,“ sagði Sigríður Björk á fundi nefndarinnar í gær. Hún sagði að þetta væri litið mjög alvarlegum augum og því væri verið að endurskoða verklagsreglur og -ferla innan embættisins.

Það er ólíðandi fyrir þolendur í sakamálum að ekki fáist niðurstaða í mál þeirra eða réttlætið nái ekki fram að ganga því sönnunargögnum hafi verið fargað eða þau týnst. Þeir sem þekkja til starfa lögreglunnar vita að sumir lögreglumenn nálgast starf sitt með því óheilbrigða viðhorfi að lögreglan geri ekki mistök.

Þá virðist stundum vera skortur á auðmýkt í samskiptum lögreglunnar við borgarann ef samfélagsmiðlar eru undanskildir þar sem lögreglan setur upp sparibrosið. Þetta kom berlega í ljós í þáttum um störf lögreglunnar sem sýndir voru á Stöð 2 árið 2016. Í þessum þáttum mátti sjá samskipti lögreglu við óbreytta borgara að næturlagi sem voru á jaðri þess að vera forsvaranleg. Flestir lögreglumenn vinna óeigingjarnt starf, undir miklu álagi, fyrir léleg laun. Umræddir þættir sýndu hins vegar að sumir lögreglumenn finna til valdsins og eiga í raun ekkert erindi í löggæslustörf því þeir virðast ekki búa yfir þeirri yfirvegun og þeirri skaphöfn sem er nauðsynleg fyrir jafn ábyrgðarfullt starf.

Að sönnunargögn glatist án skýringa er mjög alvarlegt. Ef Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri vill ávinna sér aukið traust borgaranna á hún ekki að láta hér við sitja. Hún á að hefja sjálfstæða rannsókn á því hvers vegna sönnunargögnin týndust, eins og hún sagði í gær. Þá er augljóst að endurskoða þarf verkferla innan lögreglu varðandi skráningu sönnunargagna í sakamálum og líklega þarf að uppfæra rafræn skráningarkerfi hvað varðar flokkun þeirra. Þetta kostar bæði fjármuni og mannskap. Það gengur ekki upp að mikilvæg sönnunargögn týnist án þess að það hafi afleiðingar fyrir þá sem ábyrgðina bera. Kröfur okkar um bætt vinnubrögð og verkferla lögreglu verða þó að taka mið af þeirri staðreynd að hún er bæði undirfjármögnuð og undirmönnuð.

**Að sönnunargögn glatist án skýringa er mjög alvarlegt.**





## Halldór





## Frá degi til dags

**Siggurnar þrjár**

**Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hélt í gær opinn fund þar sem rætt var um varðveislu sönnunargagna í sakamálum. Sjálfsagt tímabært í ljósi þess að dýrgripir hafa átt til að hverfa með dularfullum hætti úr geymslum lögreglu. Fyrir svörum sátu Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra, Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. Siggurnar þrjár sem hafa hertekið réttargæslukerfið. Einnig var mættur Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri en minna fór fyrir honum enda svolítið á skjön innan um Siggurnar þrjár.**

**Myndin af Davíð**

**Morgunblaðið gerði sjötugsafmæli ritstjórans Davíðs Oddssonar hátíðleg skil í gær. Splæst var í þriggja síðna myndskreytta grein Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um Davíð. Hannes hefur í gegnum tíðina verið einhver einlægasti aðdáandi Davíðs og birti hina löngu lofgjörð sína einnig á bloggsvæði sínu á Pressan.is, sjálfsagt til þess að tryggja að boðskapurinn bærist sem víðast. Hann lét þess þó getið að greinin væri mun tilkomumeiri með myndunum sem fylgdu í Mogganum. Mögulega til þess að tryggja að sem flestir keyptu blaðið í gær.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Sterkt móðursjúkrahús



Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra

Á mínum fyrstu dögum sem heilbrigðisráðherra hef ég átt þess kost að heimsækja nokkrar helstu stofnanir heilbrigðiskerfisins og stefni að því að ná að ljúka þeirri yfirferð á næstu vikum. Landspítalinn sjálfur, móðursjúkrahúsið, gegnir meginhlutverki sem bakhjarl heilbrigðisþjónustu um land allt. Þetta hlutverk tekur Landspítalinn mjög alvarlega og vill efla það með því að bæta aðgengi landsmanna allra að þjónustu sinni og með því að fara með sérfræðiþjónustu út um land.

Landspítalinn er nú öflugri en hann hefur nokkurn tíma verið. Búið er að taka upp fjölda nýrra meðferða og aðgerða og verið að sinna miklu veikara fólki, með betri árangri, en áður. Jafnframt er spítalinn að sinna miklu fleirum en nokkurn tímann áður.

Á spítalanum eru hátt í tvö hundruð deildir og einingar og starfsmenn rúmlega 5.100 talsins úr fjölmörgum starfsgreinum enda sinnir spítalinn fjölmörgum verkefnum auk hinnar hefðbundnu heilbrigðisþjónustu. Eldhús, þvottahús, saumastofa og dauðhreinsun; allt þarf að virka. Og gerir það.

Spítalinn hefur lagt áherslu á öryggis- og gæðamál allt frá 2011 og hefur dregið úr sóun og sparað fé umtalsvert, stytt biðlista og bætt árangur. Þessi árangur hefur meðal annars verið mældur í lifun eftir kransæðaaðgerðir og ótrúlega lágri spítalasýkingartíðni.

Einnig hefur spítalinn nú sinnt sívaxandi fjölda ferðamanna sem veikjast og slasa sig og er stór þáttur í því að Ísland geti þróast áfram sem ferðamannaland með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á þjóðartekjur. Loks sinnir spítalinn hlutverki sínu sem háskólasjúkrahús þar sem heilbrigðisstéttir njóta leiðsagnar, öðlast reynslu og menntun til að geta sinnt sínum verkefnum í fyllingu tímans sem þátttakendur í vaxandi heilbrigðisþjónustu.

Það er einstaklega góð tilfinning að finna fyrir faglegum metnaði, styrkri stjórn, öflugu starfsfólki og skýrri forystu í þessari lykilstofnun í íslensku samfélagi. Gott samfélag þarf gott heilbrigðiskerfi og gott heilbrigðiskerfi þarf sterkt móðursjúkrahús. Landspítalinn er slík stofnun. Ég hlakka til áframhaldandi sóknar í þágu heilbrigðisþjónustunnar þar sem Landspítalinn gegnir meginhlutverki.

**Það er einstaklega góð tilfinning að finna fyrir faglegum metnaði, styrkri stjórn, öflugu starfsfólki og skýrri forystu í þessari lykilstofnun í íslensku samfélagi.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is,* Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is,* Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Víetnam, Víetnam

Í DAG
Þorvaldur Gylfason

Styrjöldin í Víetnam, öðru nafni síðari styrjöldin í Indókína, stóð í tæp 20 ár, frá 1955 til 1975, fyrsta stríðið þar sem Bandaríkin fóru halloka. Áður höfðu Frakkar hrökklazt frá Víetnam 1954 eftir átta ára stríð frá 1946.

**Okkar stríð**

Tölurnar um mannfall eru á reiki en talið er nú að stríðið 1955-1975 hafi kostað allt að 3,6 milljónir mannslífa, þ.m.t. 2 milljónir óbreyttra víetnamskra borgara auk 1,1 milljónar norður-víetnamskra hermanna, 200.000 til 250.000 suður-víetnamskra hermanna og 58.000 bandarískra hermanna. Þetta var okkar stríð, minnar kynslóðar. Jafnaldrar okkar voru sendir út á vígvöllinn.

Sumir telja að Bandaríkjastjórn hafi gert sömu skyssu í Víetnam og á Kúbu með því að skoða þjóðfrelsisfylkingu Norður-Víetnams sem kommúnistaflokk fyrst og fremst og flæma Ho Chi Min og félaga hans þannig upp í fangið á kommúnistum líkt og þeir höfðu áður flæmt Fídel Kastró á Kúbu upp í fangið á Rússum. Hvað sem því líður kallaði stríðið miklar hörmungar yfir bæði löndin, Víetnam og Bandaríkin, einkum Víetnam eins og tölur um mannfallið vitna um, og einnig grannlöndin Laos og Kampútseu sem drógust inn í átökin.

Síðan stríðinu lauk 1975 hefur Víetnam náð sér á strik. Eftir stríðið flúðu 800.000 Víetnamar landið á lekum bátum frekar en að búa þar áfram undir stjórn kommúnista. Nokkrar fjölskyldur fluttust til Íslands. Stríðið er þó fjarlæg fortíð í augum flestra núlifandi Víetnama enda er miklu meira en helmingur þeirra fæddur eftir 1975.

Víetnamar stóðu jafnfætis Kínverjum í efnahagslegu tilliti 1990. Bæði löndin hófu gagngerar efnahagsumbætur um líkt leyti, Kínverjar 1978 og Víetnamar 1979. Kínverjar hafa náð meiri árangri en Víetnamar og eru nú í efnahagslegu tilliti um það bil að fara fram úr Taílendingum, ríkustu þjóðinni í Indókína. Víetnamar standa enn langt að baki bæði Kínverjum og Taílendingum mælt í kaupmætti þjóðartekna á mann sem er algengasti þröngi mælikvarðinn á lífskjör. Víðtækari mælikvarðar eins og lífskjaravísitala Sameinuðu þjóðanna sem tekur mið af menntun og heilbrigði auk tekna segir sömu sögu um þessi þrjú lönd. Víetnamar búa enn við alræði kommúnista líkt og Kínverjar og sér ekki enn fyrir endann á því. Taílendingar búa stundum við herstjórn, stundum ekki.

Víetnamstríðið vakti harða andstöðu í Bandaríkjunum og um allan heim. Óeirðir brutust út. Fjölskyldur sundruðust. Sumir flúðu land frekar en að gegna herskyldu. Kannski hefur ekkert gert meira til að grafa undan sjálfstrausti Bandaríkjanna og áliti þeirra um heiminn en stríðið í Víetnam. Stríðið hefur æ síðan verið hálfgert feimnismál vestra líkt og heimilisofbeldi er iðulega feimnismál.

**Nýjar upplýsingar**

Nú loksins er hægt að tala opinskátt um stríðið án þess að allir stökkvi niður í gamlar skotgrafir, segir kvikmyndagerðarmaðurinn Ken Burns sem hefur ásamt Lynn Novick gert mikla sjónvarpsþáttaröð um stríðið. Hún var frumsýnd á PBS-sjónvarpsstöðinni í haust. Umfjöllunin er frumleg. Nú fá bandarískir áhorfendur í fyrsta sinn að kynnast viðhorfum Norður-Víetnama til stríðsins milliliðalaust í stað þess einhliða fréttaflutnings sem þeim hefur staðið til boða hingað til. Myndefnið er ólíkt því sem áður hefur sézt. Margt nýtt kemur fram, t.d. það að forsetar Bandaríkjanna lugu að þjóðinni hver fram af öðrum. Þeir sögðu í sjónvarpi að sigur væri í sjónmáli en þeir játuðu í símtölum sem nú hafa verið birt að stríðið væri óvinnandi, Norður-Víetnamar myndu aldrei gefast upp. Andstæðingar stríðsins standa með pálmann í höndunum. Þeir höfðu á réttu að standa frá byrjun, það blasir nú við.

Dramað var ekki bundið við vígvellina. Johnson forseti stóð Richard Nixon sem þá var forsetaframbjóðandi repúblikana, þetta var 1968, að því að reyna að spilla friðarsamningum í París. Johnson hefði getað dregið Nixon fyrir dóm fyrir meint landráð, en hann hvarf frá því þar eð sönnunarinnar fyrir sekt Nixons hafði verið aflað með ólöglegri símahlerun sem Johnson vildi halda leyndri. Þetta var eins og bergmál frá fyrri tíð. Aldarþriðjungi áður hafði Roosevelt forseti stillt sig um að draga Prescott Bush, ættarhöfuð Bush-fjölskyldunnar, fyrir dóm ásamt öðrum fyrir meint landráð (valdarán). Roosevelt taldi mikilvægara að láta sem ekkert væri til að spilla ekki fyrir viðreisnaráætlun ríkisstjórnar hans í kreppunni.

Margt annað hefur komið á daginn. Bandarísku hermennirnir í Víetnam voru sumir kærulausir, kannski vegna þess að þeir höfðu ekki mikla trú á málstaðnum. Þeir skildu iðulega eftir sig slóð snjóhvítra sígarettustubba sem Norður-Víetnamar áttu auðvelt með að rekja. Bandarísku rifflarnir stóð oft á sér, en það gerðu rússnesku Kalashnikov-rifflarnir í höndum Norður-Víetnama sjaldan. Lofthernaður Bandaríkjamanna náði ekki að jafna metin.

Þessi saga vitnar m.a. um mikilvægi frjáls aðgangs að upplýsingum þótt um síðir sé. Frjáls aðgangur dugir þó skammt ef álitlegur fjöldi fólks vill ekki heyra sannleikann fyrr en eftir dúk og disk. Hér hafa blaðamenn og aðrir verkað að vinna, einnig kvikmyndagerðarmenn eins og fyrr nefndur Ken Burns sem hefur gert margar merkar sögulegar heimildarmyndir.

Upplýsingar eru einn hornsteinn frelsis og lýðræðis. „Lýðræði deyr í dimmu“ eru ný einkunnarorð Washington Post fyrir tilstilli blaðamannsins Bobs Woodward sem átti ásamt Carl Bernstein mikinn þátt í að fletta ofan af Nixon forseta fyrir bráðum hálfri öld.



Skatta fróðleikur KPMG

KPMG | BORGARTÚNI 27 | 8. HÆÐ
FIMMTUD. 25. JANÚAR | KL. 8:30-10

**Ýmsar breytingar hafa orðið á skattalögum á sl. ári og á fróðleiksfundunum verður farið yfir helstu breytingar og það sem er efst á baugi í skattamálum.**

Málefni tengd ferðaþjónustu verða til umfjöllunar og komið inn á áherslur skattyfirvalda í eftirliti. Einnig verður spáð almennt í skatteftirlit til framtíðar í ljósi mikillar þróunar í tæknimálum. Að lokum munum við miðla ýmsum fróðleiksmolum um þau mál sem sérfræðingar okkar eru að fást við daglega.

**Fróðleiksfundir KPMG vítt og breitt um landið**

| | | |
|---|---|---|
| **Egilsstaðir** | 30. janúar | 15-17 |
| **Selfoss** | 06. febrúar | 14-16 |
| **Akureyri** | 09. febrúar | 09-11 |
| **Stykkishólmur** | 13. febrúar | 15-17 |
| **Borgarnes** | 15. febrúar | 15-17 |
| **Vestmannaeyjar** | 22. febrúar | 09-11 |
| **Reykjanesbær** | 23. febrúar | 09-11 |
| **Sauðárkrókur** | 27. febrúar | 14-16 |
| **Ísafjörður** NÝTT | 01. mars | 13-15 |

**Þátttaka er án endurgjalds, en skráning og nánari upplýsingar er að finna á kpmg.is**

KPMG

# Vá, krafturinn! En hvað svo?



**Guðrún Tinna Ólafsdóttir**
formaður stjórnar Svanna, lánatryggingasjóðs kvenna

Krafturinn í íslenskum konum er ótrúlegur. Mikill fjöldi kvenna kemur fram með nýjar viðskiptahugmyndir, verkefni og fyrirtæki sem í mörgum tilfellum uppfylla nýjar þarfir markaðarins á sviði fjölbreyttra atvinnugreina, svo sem ferðaþjónustu, heilsuvara, snyrtivara, veitingarekstrar, húsbúnaðar, kvikmyndagerðar, barnavara o.s.frv. Ef rýnt er í stöðuna sýna rannsóknir þó að konur eru síður en karlar tilbúnar að veðsetja eignir sínar til að koma góðri hugmynd í framkvæmd.

Markmið Svanna, lánatryggingasjóðs kvenna, er einmitt að opna fjármögnunarmöguleika til kvenna með veitingu ábyrgða á lánum fyrir markaðskostnaði, vöruþróun og nýjum leiðum í framleiðslu eða framsetningu vara og þjónustu. Sjóðurinn er í eigu velferðarráðuneytis, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og Reykjavíkurborgar og er í samstarfi við Landsbanka Íslands. Í byrjun árs gerði sjóðurinn samninga við nokkur fyrirtæki í meirihlutaeigu og undir stjórn kvenna þar sem krafa er um nýsköpun/sérstöðu að einhverju marki og að verulegar líkur séu á að verkefnið leiði til aukinnar atvinnusköpunar kvenna. Sjóðurinn hefur samþykkt 17 verkefni síðan hann var settur á laggirnar árið 2011.

### Lítil þekking á verkfærakistunni

Eingöngu lítill hluti fyrirtækja sem stofnað er til nær að fjármagna sig og komast á legg þrátt fyrir góða viðskiptahugmynd. Í grunninn eru áskoranirnar tvær. Í fyrsta lagi skortir konur í mörgum tilfellum þekkingu, reynslu og skilning á þeirri verkfærakistu sem þarf til að koma góðri hugmynd yfir í arðbæran rekstur. Þar má nefna gerð viðskipta-, markaðs- og söluáætlana, sjóðsstreymi, endurgreiðslutíma fjármagns, greiningu samkeppnisaðila, stefnumótun o.s.frv. Æskilegt væri að grunnkennsla í gerð viðskiptaáætlana væri kennd í efstu bekkjum grunnskóla eða í framhaldsskólum til að sem flestir öðlist grunnþekkingu á verkfærakistunni. Þannig að ef hugmynd fæðist muni sú þekking auðvelda fólki, í öllum atvinnugreinum, með kraftinn og viljann að vopni að koma hugmynd í framkvæmd. Ef þekking – og einkum skilningur – er til staðar á þeim fjölmörgu litlu skrefum sem þarf að taka margfaldast líkurnar á því að fyrirtæki komist á legg og skapi vöxt og störf fyrir samfélagið. Rannsóknir sýna að eftirfylgni og ráðgjöf skipta verulegu máli hvað varðar framgang og árangur verkefna. Sem betur fer er stækkandi hópur sem sinnir þessu starfi í dag; Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Icelandic Startups, atvinnuþróunarfélög, Vinnumálastofnun og fleiri aðilar.

### Lítið tengsla- og þekkingarnet

Í öðru lagi liggur vandamálið í skorti á tengslum og aðgengi að rauntölum atvinnugreinar. Margar konur skortir tengsla- og þekkingarnet. Í mörgum tilvikum er ástæða þessa einangrun landsbyggðar ásamt því að þær eru að feta fyrstu sporin í atvinnugreininni. Hér þarf samstarf atvinnugreina og sveitarfélaga til að byggja upp aðgengilegt net fyrir viðskiptahugmyndir og fyrirtæki. Bæði er mikilvægt að konur hafi aðgang að sérfræðingum sem veita þeim innsæi, endurgjöf og einkum verðmæt tengsl innan atvinnugreinar og markaðar. En ekki síður er mikilvægt að hafa aðgang að rauntölum. Góð viðskiptahugmynd með réttri notkun á verkfærakistu verður ekki að arðbærum rekstri ef t.d. rauntölur kostnaðar á einingu og væntrar sölu eru ekki til staðar. Hver er reynsla þessa markaðar og atvinnugreinar af kostnaði framleiddrar einingar? Hvaða mistök hafa verið gerð í þessari atvinnugrein við markaðssetningu inn á erlendan markað? Hvar liggja bestu viðskiptasamböndin? Hver er eðlileg framlegð og raunstærð markaðar? Ekki þarf að gera sömu mistökin við tvær góðar viðskiptahugmyndir.

Það er óskandi að samstaða menntastofnana, atvinnulífs og sveitarfélaga gefi krafti íslensku þjóðarinnar enn frekari tækifæri til að skapa verðmæti úr þeim fjölda viðskiptahugmynda, innan ólíkra atvinnugreina, sem fæðast á hverjum degi úti um allt land.

> **Hér þarf samstarf atvinnugreina og sveitarfélaga til að byggja upp aðgengilegt net fyrir viðskiptahugmyndir og fyrirtæki.**

# Betri þjónusta við ungbarnafjölskyldur



**Skúli Helgason**
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður skóla- og frístundaráðs

Í leikskólum Reykjavíkur er unnið afburðastarf við að mennta og stuðla að alhliða þroska yngstu kynslóðarinnar. Á þessu kjörtímabili hefur verið unnið að því að koma meirihluta barna inn á leikskóla um 18 mánaða aldur. Það hefur þó hægt á þróuninni að erfiðar hefur gengið að manna allar stöður á leikskólunum undanfarið, eins og í fleiri sveitarfélögum, enda atvinnuleysi í sögulegu lágmarki og skortur á fagmenntuðu fólki.

### Vanþekking frambjóðanda Sjálfstæðisflokksins

Eyþór Arnalds, sem nú sækist eftir að verða oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni, birti grein í vikunni þar sem hann leggur til að mannekla verði leyst með því að skera niður stjórnunarkostnað sem hafi vaxið til muna að undanförnu. Þetta lýsir yfirgripsmikilli vanþekkingu, því „yfirbyggingin“ á skóla- og frístundasviði hefur minnkað verulega á kjörtímabilinu, stöðugildum miðlægrar skrifstofu hefur fækkað og laun til yfirstjórnar dregist saman um nærri 12% sem hlutfall af heildarlaunum á vettvangi, eða niður í 2,4%.

### Betur gengur í ráðningarmálum

Í ágúst sl. vantaði 132 starfsmenn til starfa á leikskóla borgarinnar. Í dag vantar 46 eða 0,7 stöðugildi að meðaltali á hvern leikskóla. Fullmannað er í meirihluta leikskóla og í 8 af hverjum 10 leikskólum vantar frá 0-2 stöðugildi. Þetta er betri staða en á sama tíma í fyrra en vissulega þarf að gera enn betur. Aðgerðir í leikskólamálum sem samþykktar voru í haust eru farnar að skila árangri, samhliða almennri kynningarherferð, markvissri notkun samfélagsmiðla, samstarfi við ráðningarstofur, frjáls félagasamtök o.s.frv.

### Nýjar ungbarnadeildir

Leikskólagjöld eru þau lægstu á landinu í Reykjavík, fyrstu ungbarnadeildirnar tóku til starfa í haust og nú er unnið að því að fjölga þeim, með fleiri ungbarnadeildum í þeim hverfum sem eftir standa og þar sem aðstæður eru sérstaklega heppilegar fyrir slíka starfsemi. Við viljum að ungbarnadeildir verði valkostur í öllum hverfum borgarinnar og þar verði hægt að bjóða börnum yngri en 18 mánaða leikskólaþjónustu við hæfi.

> **Stefnt er að því að fjölga ungbarnadeildum á leikskólum í öllum hverfum borgarinnar.**

### Öflugra dagforeldrakerfi

Þjónusta dagforeldra er mikilvægur hlekkur í þjónustukeðjunni við ungbarnafjölskyldur og vilji okkar er til þess að efla það kerfi og styrkja bæði út frá faglegum þáttum, öryggi og áreiðanleika. Sérstakur starfshópur mun leggja fram tillögur um úrbætur á því kerfi fljótlega og vilji okkar stendur til þess að hvetja dagforeldra í auknum mæli til að starfa saman í pörum, til að mæta enn betur óskum foreldra um öruggari og áreiðanlegri þjónustu. Stefnan er sú að hækka endurgreiðslur til foreldra til að draga úr aðstöðumun.

### Brúum bilið

Til framtíðar er stefnan að bjóða yngri börnum en 18 mánaða leikskólaþjónustu í áföngum. Það mun kalla á byggingu nýrra leikskóla í öllum borgarhlutum, endurbætur á núverandi húsnæði og átak í að bæta starfsumhverfi leikskólastarfsfólks. Við munum vinna með nýjar tillögur starfshóps um betri aðbúnað, meira rými fyrir leik og starf og aukinn stuðning við fagstarfið. Aukin þjónusta við ungbarnafjölskyldur og bætt vinnuumhverfi starfsfólks verða forgangsverkefni í málaflokknum á þessu ári og þeim næstu.

# Öll í strætó



**Jórunn Sörensen**
framhaldsskólakennari á eftirlaunum

> **Ég skora á þig, Heiða Björg Hilmisdóttir, stjórnarformaður Strætó, að sjá til þess að ég og Spói minn, auk annarra hundaeigenda sem vilja nota strætó, fái það.**

Þann 4. janúar sl. skrifar Heiða Björg Hilmisdóttir, stjórnarformaður Strætó, pistil í Fréttablaðið með ofangreindri fyrirsögn. Ég orðlengi það ekki að ég tek undir hvert einasta orð hennar.

Ég geng mikið mér til ánægju og heilsubótar. Mér þykir afar gaman að fara út í náttúruna hér á höfuðborgarsvæðinu eins og til dæmis á hæðirnar fyrir ofan Rauðavatn. En mér þykir einnig gaman að fara niður í bæ. Ganga þar um garða borgarinnar, rölta um bæinn og njóta þess fjölbreytta mannlífs sem borgin býður upp á. Svo kíki ég kannski á kaffihús og fæ mér hressingu.

Það er of langt fyrir mig, gamla konu, að ganga á þessa staði að heiman en ég get ekki tekið strætó þótt hann stoppi beint fyrir framan heimili mitt. Mér er nefnilega bannað að nota strætó því vinur minn og göngufélagi er fjórfættur. Hann er hundur.

Við Íslendingar eru fremst í flokki þegar kemur að því að tileinka sér nýungar af öllu tagi en þar er eðlileg þróun hundahalds sannarlega ekki meðtalin. Í áratugi var hundahald með öllu bannað í þéttbýli – borgin var þrátt fyrir það auðvitað aldrei hundlaus. Hundahald er nú leyft en með hvílíkum skilyrðum að fjöldi fólks veigrar sér við að gangast undir þau en heldur sinn hund í „óleyfi“. Ég er sérstaklega skattlögð af því að ég valdi að bæta hundi við fjölskylduna.

Ég skora á þig, Heiða Björg Hilmisdóttir, stjórnarformaður Strætó, að sjá til þess að ég og Spói minn, auk annarra hundaeigenda sem vilja nota strætó, fái það. Það er nokkuð ljóst að strætisvagnarnir munu ekki „fyllast af hundum“. Þá ályktun dreg ég af ást okkar Íslendinga á einkabílnum. En örugglega eru það samt einhverjir hundaeigendur – fyrir utan mig – sem vilja mjög gjarnan nota strætó sem „hagkvæmari, umhverfisvænni og jafnvel fljótlegri“ kost en að nota einkabílinn. Svo ég vitni í þín eigin orð.

# Fjórum sinnum meiri mengun



**Jón Kaldal**
blaðamaður og félagi í The Icelandic Wildlife Fund

Við fylgjum þeirra ströngustu kröfum,“ sagði Kristján Þ. Davíðsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva, í útvarpsviðtali í síðustu viku aðspurður um mengun frá laxeldi og var þar að vísa til Noregs. Þetta var merkileg yfirlýsing því nýlega varð landssambandið uppvíst að því að breyta á heimasíðu sinni upplýsingum um þá umtalsverðu mengun sem stafar frá laxeldi í opnum sjókvíum, nema hvað nýju upplýsingarnar eru langt frá því sem miðað er við í Noregi.

Á síðu fiskeldisstöðvanna mátti áður lesa þessa fullyrðingu: „Úrgangsefni frá framleiðslu á 1 tonni af lax samsvarar klóakrennsli frá 8 manns.“ Nú er þessi setning horfin og í hennar stað komin fullyrðing um að 1.000 tonna laxeldi skili „árlega í sjó köfnunarefni sem nemur um 4.000 íbúa byggð“. Samkvæmt þessum nýju upplýsingum hafði mengunin sem sagt minnkað um 50 prósent. Eitt tonn í eldi er nú sagt vera á við fjórar manneskjur.

Við hvaða tölur skyldi hins vegar vera miðað í Noregi, sem Kristján segir að íslenskar fiskeldisstöðvar vilji fylgja eftir „ströngustu kröfum“? Samkvæmt tölum frá Umhverfisstofnun Noregs er mengunin frá hverju tonni í laxeldi ígildi 16 manns, eða 400 prósent meira en Landssamband fiskeldisstöðva heldur fram. Auðvelt er að álykta hverjir eru að segja satt í þessu tilviki.

Ætli íbúar við Patreksfjörð og Tálknafjörð geri sér almennt grein fyrir að mengunin frá fyrirhuguðu stórauknu eldi í fjörðum þeirra jafngildi „klóakrennsli“ frá 280.000 manns, þegar miðað er við mælikvarða Umhverfisstofnunar Noregs?

Norðmenn eru orðnir meðal helstu eigenda að íslenskum laxeldisfyrirtækjum enda eru engar takmarkanir í lögum á eignarhaldi erlendra aðila í íslensku fiskeldi. Þannig á til dæmis norski laxeldisrisinn SalMar stóran hlut í Arnarlaxi. Fyrirtækið á líka hlut í fjölmörgum öðrum laxeldisfyrirtækjum víða um heim. Þar á meðal helming í skoska eldisfyrirtækinu Scottish Sea Farm sem missti 20.000 laxa úr sjókvíum sínum við eyjuna Mull í fyrravor. Er það talið eitt mesta umhverfisslys í sögu laxeldis í Skotlandi. Er þó þar af ýmsu að taka. Nokkrum mánuðum eftir þetta atvik sluppu 11.000 laxar í öðrum kvíum við Mull og 2016 sluppu 30 þúsund laxar úr kvíum við eyjuna Lewis and Harris.

> **Samkvæmt tölum frá Umhverfisstofnun Noregs er mengunin frá hverju tonni í laxeldi ígildi 16 manns, eða 400 prósent meira en Landssamband fiskeldisstöðva heldur fram. Auðvelt er að álykta hverjir eru að segja satt í þessu tilviki.**

Rétt er að taka fram að Scottish Sea Farm er enginn nýgræðingur í fiskeldi. Fyrirtækið hefur yfir 40 ára reynslu af laxeldi og á heimasíðu þessi segir að það fylgi ströngustu stöðlum í laxeldisiðnaðinum. Þetta var þó ekki í fyrsta skipti sem það missti frá sér fisk. Árið 2009 syntu 37.000 laxar úr kvíum þess.

Staðreyndin er sú að umhverfi og lífríki stafar mikil ógn af laxeldi í opnu sjókvíum. Þetta er mengandi iðnaður þar sem verða reglulega alvarleg umhverfisslys.

Saga og reynsla annarra þjóða sýnir okkur, svo ekki verður um villst, að góð meining og yfirlýsingar um að fylgja „ströngustu kröfum“ við sjókvíaeldi eru einskis virði. Slysin verða samt og afleiðingarnar geta verið óafturkræfar.


NÓA
NÓA
KROPP
MEÐ KARAMELLUSÚKKULAÐI
Sirius
Sirius
Sirius
Loksins
færðu Nóa Kropp stykki
með karamellubragði.



KRÓNAN
Krónan
mælir með!
HEILSUMST Í KRÓNUNNI
249 kr. kg
Appelsínur, Spánn
299 kr. kg
Sítrónur, Spánn
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 21. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.


KRÓNAN
Allt fyrir þorrablótið!
529 kr. stk.
Þykkvabæjar Rófustappa, 500 g
þorrabakki fyrir 4
Goða þorrabakki stór
2499 kr. stk.
þorrabakki fyrir 2
GOÐI
ÞORRAMATUR
ÞORRABAKKI
1899 kr. stk.
Goða þorrabakki
KARRY SÍLD
MARINERDE SÍLD
SENNEP SÍLD
VERÐ FRÁ:
299 kr. stk.
Gestus síld, margar gerðir
GOÐI
súrmatur
Þorir þú?
klapp klapp, HÚH!
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 21. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN

# Pizza... í kvöld?




Korter í 4

Pizzudeig upprúllað, 550 g

**389** kr. stk.

# Gerð'ana vegan

VEGAN




Pulled oumph, 280 g

**899** kr. pk.

+




Sheese Mozzarella style, 200 g

**399** kr. stk.



Laukur

**79** kr. kg

+




Gestus pizzasósa, 280 g

**149** kr. stk.

# KRÓNAN

Ódýrt




VEGAN vegan

HEILSUMST Í KRÓNUNNI

**299** kr. pk.

Gestus Smoothie blanda. 450 g




Ódýrt

**399** kr. pk.

Krónu Goji ber, 200 g




**199** kr. stk. ef keypt eru 4 stk.

VEGAN vegan

Alpro jurtamjólk, 1 lítri

**269** kr. stk.

# Áskoranir í mannvirkjagerð



**Hilmar Harðarson**
formaður Samiðnar

Að byggja mannvirki er skapandi og skemmtilegt starf. Slíkt verk krefst fjölbreyttrar aðkomu alls kyns fagstétta með sérhæfða þekkingu á ólíkum viðfangsefnum. Það er gaman að taka þátt í því að byggja vandað hús yfir mannlíf eða leggja vegi og byggja brýr, sem síðar verða undirstaða grósku og nýrra tækifæra. Mannvirkjagerð er mikilvæg undirstöðuatvinnugrein í hverju þjóðfélagi. Það er mikilvægt að huga vel að þróun hennar og aðbúnaði þeirra sem þar starfa. Bæði ungt fólk, með nýja þekkingu, og eldra fólk með áratugareynslu þarf að una hag sínum vel. Aðbúnaður þarf að vera góður og kjör viðunandi. Misrétti milli starfsfólks og láglaunastefna í þágu skammtímahugsunar má ekki festa rætur. Það kemur bæði niður á gæðum mannvirkja og gæðum mannlífsins.

**Breytingar á vinnumarkaði**

Miklar breytingar hafa átt sér stað á íslenskum vinnumarkaði. Hann er orðinn alþjóðlegur. Erlent vinnuafl streymir hingað til starfa, og þá ekki síst í mannvirkjagerð. Við Íslendingar megum vera þakklát fyrir aðkomu hins erlenda vinnuafls. Í því felst mikil auðlind. En hér er líka margt að varast. EES-samningurinn kveður skýrt á um að ekki megi mismuna fólki eftir þjóðerni. Ekki má greiða erlendu vinnuafli lægri laun en íslensku fyrir sambærileg störf.

Að undanförnu hefur Samiðn heimsótt fyrirtæki í mannvirkjagerð og kannað hvort erlent starfsfólk sé ráðið til vinnu á viðunandi kjörum, hver menntun þess er og hver aðbúnaður þess er. Það má ekki líðast að fyrirtæki ráði til sín erlenda starfskrafta, oft í gegnum starfsmannaleigur, á lúsarlaunum og að þeim sé jafnvel boðið upp á aðbúnað sem ekki telst með nokkru móti viðunandi.

Sem betur fer hefur Samiðn orðið þess áskynja að flest fyrirtæki virða réttindi þessa starfsfólks. En þó svo að sú mynd sem birtist í vinnustaðaheimsóknum sé að flestu leyti ánægjuleg, eru því miður til slæm dæmi um hið gagnstæða, þar sem réttindi erlendra starfsmanna eru þverbrotin. Við hjá Samiðn viljum skapa breiða samstöðu um það að útrýma að fullu slíku háttalagi fárra aðila. Við lítum á það sem mikilvæga áskorun á nýju ári.

**Hvar er fagþekkingin?**

Önnur mikilvæg áskorun á nýju ári er að skapa samstöðu um mikilvægi þess, að mannvirki séu reist af fólki með fagþekkingu. Í kjölfar heimsókna Samiðnar á vinnustaði

> **Misrétti milli starfsfólks og láglaunastefna í þágu skammtímahugsunar má ekki festa rætur.**

hafa áleitnar spurningar vaknað. Svo virðist sem erlent starfsfólk sé í langflestum tilvikum skráð sem ófaglært verkafólk og nýtur launakjara í samræmi við það. Ef þessar skráningar eru réttar er ljóst að heilu stórhýsin eru reist hér á landi um þessar mundir án þess að faglærðir iðnaðarmenn komi að því verki, nema í eftirlitshlutverki. Það er að sjálfsögðu óviðunandi. Annað hvort er skráningin röng – og um faglært fólk er að ræða sem nýtur þá ekki kjara í samræmi við menntun sína – eða hús eru einfaldlega reist á Íslandi af ófaglærðu fólki. Hvort sem er raunin, þá er ljóst að þetta er mikið áhyggjuefni.

**Þörf á átaki**

Þörfin í mannvirkjagerð er ákaflega mikil á Íslandi. Það er skortur á íbúðum og þörf er á mikilli uppbyggingu alls kyns innviða, sem felur í sér bæði byggingu og viðhald mannvirkja. Það er gríðarlega brýnt að í því átaksverkefni sem fram undan er í þessum efnum, sé gætt að því að skammtímahugsun ráði ekki för, með von um skammtímagróða. Gæðin verða að vera mikil. Í byggingariðnaði þarf allt starfsfólk að búa við sömu kjör fyrir sambærileg störf og misrétti þarf að útrýma. Fagmennska, nýsköpun og reynsla þarf að vera í hávegum höfð. Ungt, menntað fólk þarf að laðast að greininni. Á nýju ári kallar Samiðn eftir samhentu átaki allra hagsmunaaðila til að tryggja að þessi markmið náist, íslensku þjóðfélagi til heilla á þessum miklu uppbyggingartímum.

# Fólkið í borginni er komið með nóg



**Áslaug Friðriksdóttir**
borgarfulltrúi og frambjóðandi í leiðtogaprófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Ekkert lát er á því hvernig borgarstjórn seilist í veski og pyngjur borgarbúa en í staðinn er þjónustan af skornum skammti. Hvernig stendur á því að þegar íbúar borgarinnar borga meira en nokkurn tíma áður í borgarsjóð að þjónustan sem þeim stendur til boða standi svona höllum fæti?

**Almenn þjónusta á einfaldlega að virka**

Meginþorri borgarbúa vill fá að vera í friði og komast í gegnum sín daglegu verkefni án þess að ákvarðanir í borgarstjórn séu þar að flækjast fyrir. Þeir eru ekki kröfuharðir. Það eina sem þeir vilja er að almenn þjónusta virki. Sveitarfélag hefur ekki svo flóknum skyldum að gegna. Megináherslan á að vera að aðstoða fólk að komast leiðar sinnar, hreinsa, sópa og salta götur og stíga eftir þörfum og sinna viðhaldi gatnakerfisins. Sinna sorphirðu þannig að vel sé, veita öldruðum og fötluðum mannsæmandi þjónustu. Tryggja að skólakerfið veiti börnum nauðsynlega menntun og leikskólabörnum vist svo foreldrar komist til vinnu sinnar. Þetta er ekki flókið.

Kannski finnst meirihlutanum í Reykjavík þetta ekki nógu spennandi verkefni. Alla vega geta þau seint kallast uppáhaldsverkefni hans. Upplifun íbúanna í borginni er að þeir þurfi að greiða borgarsjóði af tekjum sínum í stórum stíl en fái ekki sanngjarna þjónustu fyrir. Þetta viðhorf er afar slæmt og til þess fallið að veikja samstöðu íbúa við uppbyggingu og þróun þjónustu í borginni. Þeir sem sest hefðu að í borginni taka frekar þá ákvörðun að fara annað þar sem þjónustan er til staðar. Um leið fjölgar útsvarsgreiðendum ekki í borginni og geta til að reka sterkt velferðar- og skólakerfi veikist.

**Virðingu á að bera fyrir fjármunum borgarbúa**

Á næsta kjörtímabili þarf að kjósa forystu sem ber virðingu fyrir fjár-

> **Á næsta kjörtímabili þarf að kjósa forystu sem ber virðingu fyrir fjármunum borgarbúa. Sú virðing er ein meginforsenda þess að fólk sé tilbúið til að leggja fé til sameiginlegra sjóða.**

munum borgarbúa. Sú virðing er ein meginforsenda þess að fólk sé tilbúið til að leggja fé til sameiginlegra sjóða. Og það að fólk sé tilbúið til þess er grundvöllur velferðarkerfisins sem við þekkjum.

Reksturinn þarf að taka föstum tökum og gera sjálfbæran. Þau skilaboð er að finna frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar í fjárhagsáætlunum síðustu ára. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa ítrekað bent á þetta fyrir daufum eyrum meirihlutans. Svo virðist sem þeim finnist önnur verkefni skemmtilegri.

Í komandi kosningum verður að



skipta um meirihluta í Reykjavík. Meirihluta sem tekur grunnþjónustumálin alvarlega og snýr alvarlegri þróun í borginni við. Sjálfstæðismenn velja sér leiðtoga til þess verkefnis í komandi prófkjöri. Nauðsynlegt er að velja leiðtoga sem hefur hugrekki og ákveðni til að knýja breytingar fram og nær til breiðs kjósendahóps í kosningunum í vor. Sjálfstæðisflokkurinn þarf að sækja fylgi til að komast í meirihluta og út frá því þarf að velja leiðtoga. Ég býð mig fram, hef þá eiginleika sem þarf til að stýra verkefninu í höfn í þágu borgarbúa og óska eftir stuðningi til þess í komandi leiðtogaprófkjöri Sjálfstæðisflokksins.

# Opið bréf til forsætisráðherra



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur og fv. formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík

> **Um tiltölulega lítinn hóp er að ræða og því ætti að vera auðvelt að leiðrétta umræddan lífeyri.**

Virðulegi forsætisráðherra, frú Katrín Jakobsdóttir!

Hér með skora ég á þig að beita þér fyrir því, að lífeyrir þeirra aldraðra og öryrkja, sem hafa lægstan lífeyri, verði strax hækkaður, þar eð hann nægir ekki til framfærslu. Hér er um að ræða þá aldraða og öryrkja, sem eingöngu hafa tekjur frá almannatryggingum. Um tiltölulega lítinn hóp er að ræða og því ætti að vera auðvelt að leiðrétta umræddan lífeyri. Aldraðir, sem eru í hjónabandi eða í sambúð, hafa 204.914 kr. á mánuði eftir skatt frá almannatryggingum. Og þeir, sem eru einhleypir, hafa 243 þúsund kr. á mánuði eftir skatt. Í báðum tilvikum er miðað við þá sem eingöngu hafa tekjur frá almannatryggingum. Staða öryrkja, sem eingöngu hafa tekjur frá almannatryggingum er svipuð og staða aldraðra en þó örlítið lakari.

Dæmi eru um það, að aldraðir, sem eingöngu hafa tekjur frá Tryggingastofnun hafi samband við Félag eldri borgara í Reykjavík í lok mánaðar og láti vita, að þeir hafi ekki fyrir öllum útgjöldum, jafnvel ekki fyrir mat. Algengt er, að lyf eða læknishjálp mæti afgangi. Ég tel þetta óásættanlegt og skora á þig að bregðast strax við.

# Húrra fyrir sveitarfélögum sem hafa gert grunnmenntun gjaldfrjálsa í raun!



**Erna Reynisdóttir**
framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Barnaheill – Save the Children á Íslandi – hófu vitundarvakningu árið 2015 um kostnað foreldra grunnskólabarna við innkaup á ritföngum og fleiru sem þarf til skólagöngu. Samtökin skoruðu á yfirvöld að afnema þessa kostnaðarþátttöku og virða þar með réttindi barna til gjaldfrjálsrar grunnmenntunar eins og kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Áskorunin náði annars vegar til sveitarfélaga þar sem hvatt var til þess að skólar hættu að gefa út svokallaða innkaupalista og hins vegar til stjórnvalda um að afnema leyfi til slíkrar gjaldtöku með breytingu á grunnskólalögum.

Barnaheill kölluðu almenning til liðs við sig á síðasta ári með undirskriftasöfnun um áskorun á stjórnvöld. Það var því mikið gleðiefni þegar fréttir fóru að berast frá hverju sveitarfélaginu á fætur öðru sem tóku áskoruninni og tilkynnti um afnám gjaldtöku fyrir veturinn 2017-2018. Í lok árs 2017 bárust svo fréttir af því að tvö stærstu sveitarfélög landsins, Kópavogur og Reykjavík, hefðu samþykkt að afnema kostnaðarþátttöku á skólaárinu 2018–2019. Var það mikið framfaraskref í átt að því að öll börn á Íslandi nytu jafnræðis í þessum efnum.

Samkvæmt nýlegri samantekt Velferðarvaktarinnar munu um 94% barna njóta gjaldfrjálsrar grunnmenntunar frá og með haustinu 2018. Það miðast þó við að öll sveitarfélög sem höfðu afnumið kostnaðarþátttöku fyrir yfirstandandi skólaár haldi sömu stefnu næsta haust. Ekki er hægt annað en að gleðjast yfir þeim árangri en samt sem áður eru þá um 6% barna sem njóta ekki þessara réttinda og því þarf að breyta.

Ég vil þakka þeim sveitarstjórnarkonum og -körlum sem hafa gert grunnmenntun gjaldfrjálsa í raun í

> **Ekki er hægt annað en að gleðjast yfir þeim árangri en samt sem áður eru þá um 6% barna sem njóta ekki þessara réttinda og því þarf að breyta.**

sínu sveitarfélagi. Húrra fyrir ykkur! Um leið skora ég á fulltrúa þeirra örfáu sveitarfélaga sem ekki hafa stigið þetta skref til fulls að hafa hugrekki til þess áður en næsta skólaár hefst. En umfram allt vil ég ítreka áskorun Barnaheilla og beina því til nýrra alþingismanna að breyta 31. grein grunnskólalaga á þann veg að tekið sé fyrir þessa kostnaðarþátttöku heimilanna á skólagögnum. Einungis þannig er hægt að tryggja til framtíðar jöfnuð milli allra barna varðandi þennan kostnað án tillits til búsetu eða í hvaða skóla þau ganga.

# Fólk
## Tíska

FIMMTUDAGUR 18. JANÚAR 2018



# Böðuð glæsileika í Hörpu

Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands þykja með glæsilegustu tónleikum ársins. Valgerður Guðnadóttir geislaði á sviðinu með hljómsveitinni að þessu sinni, klædd glæsilegum galakjólum. →2

Valgerður á auðvelt með að sitja fyrir hjá ljósmyndaranum enda í glæsilegum kjól. MYND/STEFÁN



Margrét Lea Bachmann hefur mikinn áhuga á tísku og ákvað því að mennta sig í þeim fræðum. Í náminu þarf hún að hafa augun opin fyrir öllu því sem er að gerast í tískunni. →10



ENN MEIRI LÆKKUN!

ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR Á

50% AFSLÆTTI

*Fallegt, fágað og töff*

comma,

SMÁRALIND

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Þótt Valgerður hafi áður sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands var þetta í fyrsta skipti sem hún kom fram á Vínartónleikum. Hún segir það hafa verið stórkostlega upplifun. Þetta var jafnframt í fyrsta skipti sem kona stjórnaði tónleikunum, Karen Kamensek frá Bandaríkjunum. Karen hefur stjórnað sinfóníuhljómsveitum víða um heim, meðal annars í Vínarborg. „Það er svo gaman að syngja með þessari frábæru sinfóníuhljómsveit sem við Íslendingar eigum,“ segir Valgerður og bætir við að sömuleiðis hafi verið ákaflega ánægjulegt að vinna með Karen.

## Gömlum kjólum breytt

Valgerður túlkaði lögin á sinn einstaka hátt í Hörpu og eftir var tekið hversu glæsilegum kjólum hún skartaði á tónleikunum. Sjálf segist hún hafa klæðst fjórum galakjólum. Valgerður viðurkennir að það geti verið höfuðverkur að finna réttu dressin fyrir svona stóran viðburð á sviði. „Maður þarf að finna klæðnað sem hentar tilefninu. Á Vínartónleikum þarf að klæðast einhverju virkilega glæsilegu og elegant. Stundum líður mér þannig að ég hafi notað kjólana mína of oft og reyni þá að finna einhvern sem er langt síðan hefur verið notaður. Fyrir þessa tónleika keypti ég einn nýjan kjól, var í einum uppáhalds, þriðja hafði ég nánast ekkert notað svo hann var eins og nýr. Síðan fékk ég frábæra aðstoð við að breyta þessum fjórða og gera nýjan aftur,“ útskýrir hún. „Sigrún Úlfarsdóttir fatahönnuður var mér innanhandar, hún skreytti einn af eldri kjólunum mínum og þann nýja líka. Ég var því eiginlega í þremur nýjum kjólum,“ segir Valgerður og bætir við að söngkonur þurfi oft að nota sömu kjólana hér heima en í útlöndum þekkist það síður.

## Fötin skipta máli

„Það er auðvitað ekki gott að vera alltaf í sama kjólnum en aftur á móti er dýrt að kaupa fína glamúrkjóla svo það er frábært ef hægt er að breyta þeim. Annars er ég dálítið sniðug að finna mér kjóla sem kosta ekki hálfan handlegg. Er eiginlega eins og móður mín að því leyti. Ef einhver hrósaði henni fyrir kjól svaraði hún ævinlega að hún hefði fengið kjólinn á fínu verði. Ég kaupi yfirleitt kjólana mína hér heima. Einu sinni þegar ég kom fram á Frostrósatónleikum fékk ég lánaðan afar fallegan kjól á brúðkjólaleigu. Ég var svo hugfangin af honum að ég sló til og keypti hann. Ég hef notað hann nokkrum sinnum, meðal annars á Vínartónleikunum en það er kjóll líkur þeim sem voru í kvikmyndinni Breakfast at Tiffany's.“

Þegar Valgerður er spurð hvort hún eigi marga kjóla, svarar hún því játandi. „Ég á mikið af millisíðum kjólum sem henta við aðeins minna fín tilefni. Hins vegar væri ég alveg til í að eiga fleiri galakjóla þótt maður noti þá sjaldnar. Ég er kannski oftar að syngja við hugguleg tilefni án þess að það sé beint gala. Þá þarf maður að eiga semi-fína kjóla,“ segir hún. „Dætrum mínum finnst ég eiga rosalega marga fína kjóla en ég held að margar aðrar söngkonur eigi miklu fleiri. Söngkonur þurfa vissulega að eiga mörg dress, það skiptir alltaf máli hvernig maður kemur fyrir. Ég vildi reyndar óska að ég væri flinkari að sauma því þá væri svo auðvelt að breyta og bæta enda hlynnt því að nýta alla hluti. Ég er hrifin af fifties kjólum og kíki oft í búð sem heitir Kjólar og konfekt. Ætli ég sé ekki í eðli mínu kjólakona.“



Svart er alltaf klassískt. MYNDIR/STEFÁN



Kjólarnir eru hver öðrum fallegri.

## Stundum bara lúði

Valgerður segir að það sé mjög skemmtilegt að klæða sig upp í síðan galakjól. „Það er ekki bara kjóllinn sem skiptir máli því förðun og greiðsla gerir það líka. Ég var með ótrúlega flinka konu, Írisi Sveinsdóttur, sem sá um hár og förðun á Vínartónleikunum. Það er ekkert gaman að fara í fallegan kjól með lufsulegt hár. Eftir langa reynslu á sviði veit ég hvað klæðir mig og það er gott að fá fagfólk til að útfæra það.“

Valgerður segir að hún leggi mikið upp úr klæðnaði á sviðinu en dagsdaglega finnst henni best að vera í þægilegum fötum. „Ég get verið óttalegur lúði í buxum sem teygjast eða gallabuxum og stórri peysu. Hef minn eigin stíl en fylgist ágætlega með hvað er að gerast í tískuheiminum þótt ég hlaupi ekki á eftir öllum tískubylgjum,“ segir hún.

## Mörg verkefni fram undan

Það er margt að gerast hjá Valgerði á næstu vikum. Á laugardag verður hún í Salnum með barnaleikritið Björt í Sumarhúsi eftir Elínu Gunnlaugsdóttur og Þórarin Eldjárn. Með henni verður Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari en Valgerður fer með öll hlutverkin í sýningunni. Einnig er hún að læra hlutverk í vinsælum söngleik, The Phantom of the Opera eftir Andrew Lloyd Webber, sem frumsýndur verður 17. febrúar í Hörpu. Mikið er lagt í sýninguna en auk margra þekktra söngvara kemur fram 30 manna kór, dansarar og SinfoniaNord undir stjórn Þorvaldar Bjarna. Fyrir utan Valgerði koma fram Þór Breiðfjörð, Elmar Gilbertsson, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Bergþór Pálsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Gísli Magna, Hlöðver Sigurðsson og Greta Salóme.

„Ég fer sömuleiðis í byrjun febrúar til Færeyja ásamt Þorvaldi Bjarna, SinfoniuNord og Guðmundi Péturssyni gítarleikara. Þar verða sett upp þrjú norræn verk og Færeyingar kalla tónleikana Ragnarök en þeir verða í Norræna húsinu í Færeyjum. Ég flyt



Glæsileikinn er allsráðandi hjá Valgerði.

Völuspá sem er sinfónískt verk eftir Þorvald Bjarna og við frumfluttum á Akureyri fyrir tveimur árum,“ útskýrir Valgerður. „Það er eitt og annað sem ég er að fást við þessa dagana meðfram stærri verkefnum, til dæmis að undirbúa tónleika í Salnum í mars þar sem ég flyt ásamt kvartettinum Kurr lög af plötunni minni Draumskógur. Ég kenni einnig söng við söngskóla Sigurðar Demetz en er reyndar í leyfi eins og er. Mér finnst mikilvægt að fólk geti haft atvinnu af því sem það hefur menntað sig til og langar að vinna við.“




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@365.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@365.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Sölumenn: Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433 | **Ruth Bergsdóttir,** ruth@365.is, s. 512 5095,

# STÓRÚTSALA



**Meiri verðlækkun!**

# 50-60%

**afsláttur**

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is













Hanna Jónsdóttir sýnir litfagrar húfur sínar og Ingrid Brandth á lifandi sölusýningu í Hönnunarsafninu í Garðabæ.

# Alveg tabú húfur

## Húfurnar frá ÐYSLEXTWHERE eru ekki bara litfagrar og fallegar. Þær bera allar texta með stafsetningarvillum.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is





Sterkir og áberandi litir einkenna húfur Hönnu og Ingrid.

Um miðjan desembermánuð á síðasta ári hófst lifandi sölusýning undir heitinu ÐYSLEXTWHERE í Hönnunarsafninu við Garðatorg í Garðabæ. Þar hefur vöruhönnuðurinn Hanna Jónsdóttir komið sér upp aðstöðu í anddyri Hönnunarsafnsins og vinnur þar næstu vikurnar að verkefninu ÐYSLEXTWHERE. „Þetta verkefni er samstarfsverkefni mitt og Ingrid Brandth sem er frá Noregi. Saman höfum við framleitt og selt handprjónaðar húfur frá 2008 en það sem einkennir hönnun okkar er að á húfunum er texti með stafsetningarvillum sem er auðvitað algert tabú, sérstaklega í handverki."

### Púkinn kviknaði

Upphafið má rekja til þess að frændi Hönnu bað hana að prjóna fyrir sig venjulega ullarhúfu. „Á þeim tíma stundaði ég nám við Design Academy Eindhoven en var þá stödd á Hornafirði og vildi fá að prjóna eitthvað út í húfuna. Við frændsystkinin komum okkur saman um orðið Eystrahorn, nafn bæjarblaðsins á Hornafirði, og einnig heitið á tilkomumesta fjallinu fyrir austan. Þegar ég teiknaði upp munstrið hljóp í mig púki og í stað þess að prjóna Eystrahorn prjónaði ég Eistrahorn með einföldu i-i. Frændi minn átti ekki til orð þegar hann sá það en ég reyndi að útskýra fyrir honum að ég hefði sett villuna viljandi inn til að vekja spurningar og umtal og að hann gæti líka verið viss um að það ætti enginn annar svona húfu. Upp úr þessu varð til lína af húfum en við erum tíu ára í ár."

### Margt ræður för

„Ekki er nú öll vitleysan eins" heyrist oft sagt í sveitinni hjá Hönnu að hennar sögn og það var svolítið haft að leiðarljósi við textasmíð á húfurnar. „Þróunin fer bara svolítið eftir því hvar við erum staddar og hver gengur fram hjá eða hvað verður fyrir augum og eyrum okkar. Litavalið er eitthvert innbyggt element sem erfitt er að útskýra. Oft ræður líka för bara hvað fellur til, þ.e. við vinnum með efnið sem til er í bland við nýja liti."

Sölusýningin stendur yfir til 1. maí og þar er hægt að kaupa húfurnar. Bráðlega verður sölusíðan www.dyslextwhere.com einnig opnuð.



Hönnunarsafnið er opið alla daga milli kl. 12 og 17 en þó er lokað á mánudögum. Upplýsingar um sýninguna má finna á honnunarsafn.is.




Tískuhús Zik Zak    www.Facebook.com/zikzakkringlan    Kringlan 551-1314    Glerártorg 559-1314












Darren Criss, Penelope Cruz, Edgar Ramirez og Ricky Martin, aðalleikarar þáttanna. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

# Morð á Versace í sjónvarpinu

**Í annarri syrpu sjónvarpsþáttanna American Crime Story er sagt frá morðinu á ítalska tískuhönnuðinum Gianni Versace og saga morðingjans rakin.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Þáttaröðin „The Assassination of Gianni Versace: American Crime Story“ er önnur syrpan af bandarísku sjónvarpsþáttunum American Crime Story. Þáttaröðin fjallar um alræmt morð á einum frægasta tískuhönnuði heims, Gianni Versace, en hann var skotinn til bana fyrir utan heimili sitt í Miami Beach á Flórída árið 1997 af manni sem hét Andrew Cunanan.

Sagan er ótengd sögunni sem var sögð í fyrstu þáttaröð, en hún fjallaði um morðin sem O.J. Simpson var sakaður um og réttarhöldin sem fylgdu í kjölfarið. Þættirnir eru ekki heimildaþættir, heldur leiknir dramaþættir sem byggja á sönnum atburðum.

Syrpan samanstendur af níu þáttum og er byggð á bókinni Vulgar Favors: Andrew Cunanan, Gianni Versace, and the Largest Failed Manhunt in U.S. History, eftir Maureen Orth. Þættirnir fjalla um morðið á Versace og segja sögu morðingjans, en Cunanan framdi fimm morð árið 1997 og Versace var síðasta fórnarlambið.

Versace sjálfur er leikinn af Edgar Ramirez og tónlistarmaðurinn og leikarinn Ricky Martin leikur Antonio D'Amico, kærasta Versace. Penelope Cruz leikur systur Gianni, Donatellu Versace, og morðinginn er leikinn af Darren Criss, sem er þekktastur fyrir hlutverk sitt í þáttaröðinni Glee.

## Fyrstu dómar jákvæðir

Fyrsti þátturinn var sýndur á FX sjónvarpsstöðinni í gærkvöldi, en gagnrýnendur hafa fengið að sjá fleiri þætti. Þeir gefa þáttunum almennt góða dóma.



Gianni Versace var einn þekktasti tískuhönnuður heims.

Rotten Tomatoes tók saman einkunnagjöf úr 33 dómum og þar fá þættirnir 79% jákvæð viðbrögð. Þar segir að gagnrýnendur séu sammála um að þáttaröðin byrji með látum en sé fremur hæg og stundum örlítið tyrfin en frammistaða Darrens Criss sé áberandi góð. Metacritic gefur þáttunum 73 af 100 mögulegum stigum og byggir á 25 umsögnum.

Í umsögn The Guardian segir að önnur þáttaröð nái ekki sömu hæðum og sú fyrsta og framvindan sé hæg en spennandi, óhugnanleg og skemmtileg. Þáttaröðin er sögð fjalla vel um stöðu samkynhneigðra í Bandaríkjunum seint á 20. öld, þar sem umburðarlyndi var á næsta leiti, en tortryggni ríkti enn víða, meðal annars hjá lögreglunni. Sú staðreynd að sagan sé sögð í öfugri tímaröð og byrji með morðinu á Versace en svo sé kafað ofan í fortíð Cunanans er sögð stundum ruglandi, en að það fari að borga sig þegar á líður.

USA Today hrósar Criss fyrir túlkun sína á Cunanan en segir að saga morðingjans sé ekki nógu viðburðarík til að réttlæta níu þætti. Miðillinn er líka sammála The Guardian um að það geti verið ruglandi að sagan sé sögð í öfugri tímaröð. Sum augnablik í frásögninni af stöðu samkynhneigðra á þessum tíma eru líka sögð klunnaleg. En myndmál og útlit þáttaraðarinnar er sagt vera einn helsti styrkleiki hennar og hún er sögð eftirminnileg.

## Umdeild frásögn

Versace-fjölskyldan gaf út fréttatilkynningu þar sem þáttaröðin var gagnrýnd og því haldið fram að þetta sé algjör skáldskapur.

Aðalframleiðandi þáttaraðarinnar, Ryan Murphy, sagði á móti að þetta væri ekki skáldskapur, heldur byggðist á sannri frásögn úr bók Mareen Orth. Hann tók fram að að þáttaröðin fæli þó að sjálfsögðu í sér atriði sem væru færð í stílinn og þetta væru ekki heimildaþættir.

Versace-fjölskyldan sagði þá að bók Orth væri full af slúðri og getgátum til að búa til tilkomumikla sögu. Donatella Versace var samt mjög ánægð með að Penelope Cruz léki hana og Cruz fékk samþykki frá henni áður en hún tók að sér hlutverkið.

# Vetrarsport & ferðir

FIMMTUDAGUR 18. JANÚAR 2018

**Kynningar:** Fjallakofinn, Austurríki, Valló



## Hjá Fjallakofanum fæst allt sem þarf fyrir skíðaíþróttina

Helmut Meier er mörgum að góðu kunnur fyrir mikla leikni á skíðum. Hann kom fyrst til Íslands 1974 og hefur þjálfað margar kynslóðir íslenskra skíðamanna síðan þá. Um tíma þjálfaði hann íslenska skíðalandsliðið og einnig skíðalandslið Hollendinga en hann starfar nú hjá Fjallakofanum. ➜2

**Helmut segir þróunina í skíðabúnaði þannig að skíðaskór verða sífellt þægilegri en skíðin og annar búnaður léttari.** MYND/STEFÁN

**Framhald af forsíðu** ➪

Helmut Meier er hafsjór af fróðleik um skíði og allt sem þarf til að njóta útiverunnar í brekkunum. Hann segir helstu nýjungar varðandi skíðabúnað felast í þægilegri skíðaskóm en áður hafa þekkst. „Skíðaskórnir verða sífellt betri og þægilegri en halda um leið rétta stífleikanum. Núna fást skíðaskór sem laga sig alveg að fætinum og því geta allir fengið skó við sitt hæfi. Skíðaskórnir eiga ekki að meiða fólk,“ segir Helmut sem hefur í nógu að snúast hjá Fjallakofanum.

## Skíðin styttri og bindingar léttari

„Ég á ekki von á miklum breytingum á hefðbundnum skíðum en skíðabindingar verða æ léttari. Bindingar eru stilltar eftir þyngd, hæð, getu og aldri. Til er sérstakur staðall sem farið er eftir og hefur reynst ágætlega. Mikilvægt er að halda bindingunum við og skrúfa þær niður eftir skíðatímabilið svo gormurinn sé ekki strekktur í langan tíma á meðan skíðin eru í geymslu,“ upplýsir Helmut og bætir við að í raun séu fáir sem slaki á bindingunum. „Þegar skíðatímabilið byrjar er gott að láta fagfólk fara yfir bindingarnar og stilla þær rétt. Við í Fjallakofanum tökum það að okkur,“ segir hann.

En hvað er gott að hafa í huga þegar keypt eru skíði fyrir börn? „Mikilvægt er að skíðin séu styttri en börnin á hæðina og skórnir verða að vera þægilegir og ekki of stífir. Börn eiga erfitt með að vera í of stífum skóm,“ svarar Helmut.

Almennt eiga skíði að vera styttri en eigandinn en þannig er hægt að hafa betri stjórn á þeim. Sum skíði eru þó þannig gerð að þau eiga að vera í hærri kantinum en þá er hægt að ná meiri hraða á þeim. Vanalega eru skíðin fyrir karlmenn um 170 cm að lengd og fyrir konur á milli 150-160 cm, að sögn Helmuts.

## Fjallaskíði njóta meiri vinsælda

Fjallaskíði hafa sótt í sig veðrið og njóta sífellt meiri vinsælda. Helmut segir að töluvert sé spurt um fjallaskíði hjá Fjallakofanum og ljóst að margir hafi áhuga á slíkum skíðum. „Já, fjallaskíði hafa sótt í sig veðrið. Framtíðin í fjallaskíðum er að hafa þau sem léttust, sem og annan búnað. Létt skíði, léttar bindingar og sæmilega léttir skór. Fjallaskíði eru lík hefðbundnum skíðum en þau eru heldur breiðari, enda gerð fyrir alls konar færi. Fólk fer upp á hæstu tinda á fjallaskíðum og rennir sér niður. Það er þó alls ekki hægt að renna sér alls staðar um á fjallaskíðum. Mikilvægt er að fara varlega, gæta fyllsta öryggis og hafa í huga að snjóflóð geta farið hratt af stað. Ég mæli með að fólk sæki námskeið í fjallaskíðamennsku og afli sér góðrar kunnáttu áður en það hellir sér af fullum krafti út í þetta sport,“ segir Helmut og bætir við að fjöldi námskeiða sé í boði. „Fjallaskíði henta þeim sem hafa mikla reynslu af skíðamennsku. Það er ekki skíðað á troðnum brautum og fólk þarf því að vera vel skíðandi. Snjórinn getur verið léttur jafnt sem þungur og blautur sem er ekki gott fyrir óvana skíðamenn,“ minnir hann á.

## Góður skíðavetur fram undan

Skíðaveturinn í ár lítur mjög vel út, að mati Helmuts. „Ég hef fundið fyrir miklum skíðaáhuga meðal fólks undanfarið og bæði spenningi og tilhlökkun. Það hefur líka verið snjór í bænum og það munar öllu. Þegar það er hvít snjóslæða yfir bænum fær fólk meiri áhuga á að fara á skíði. Í fyrra var lítill snjór í bænum og þá var áhuginn greinilega minni. Ég er mjög bjartsýnn á að skíðaveturinn verði með besta móti í ár.“



Í Fjallakofanum fást skíði fyrir alla fjölskylduna.



Almennt eiga skíði að vera styttri en eigandinn en þannig er hægt að hafa betri stjórn á þeim.



Meiri hraði fæst með lengri skíðum.



Fjallaskíðamennska nýtur sífellt meiri vinsælda en Helmut segir hana vera fyrir vant skíðafólk.

Spurður hvað sé mest heillandi við skíðaíþróttina segir Helmut það tvímælalaust vera útiveruna. „Jú, ferska loftið og útiveran stendur upp úr. Svo er kostur að hægt er að fara einn á skíði en ekki í sérhóp. Skíðaíþróttin er frábært fjölskyldusport. Ég fæ oft heilu fjölskyldurnar í Fjallakofann að kaupa skíði fyrir foreldrana jafnt sem börnin.“

Helmut hvetur vana sem óvana til að njóta þess að fara á skíði á meðan veður og færð er gott. „Ef fólk er óvant er mjög gott að fara í kennslu. Í Bláfjöllum og á skíðasvæðum um land allt eru vanir skíðakennarar. Það margborgar sig að fá kennslu og læra réttu grunnatriðin og eftir það er þetta leikur einn,“ segir hann brosandi en sjálfur kom hann til Íslands á sínum tíma til að kenna á skíði í Kerlingarfjöllum. „Það var sumarstarfið mitt á meðan ég var í námi,“ greinir hann frá. Auk landsliðanna þjálfaði hann skíðakappa hjá Ármanni og um tíma þjálfaði hann í Kanada. Sjálfur fer Helmut á skíði þegar tími gefst til og þá helst í Bláfjöll og Skálafell. „Ég hef farið á skíði á öllum skíðasvæðum á landinu og haft ánægju af því,“ segir Helmut og heldur áfram að afgreiða viðskiptavini Fjallakofans.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@365.is, s. 512 5095 | Veffang: Visir.is


Ég fer á fjöll
FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is

# Hlakkar til að keppa á Ólympíuleikunum


Freydís Halla hefur stundað æfingar af miklu kappi undanfarna mánuði.

Freydís Halla Einarsdóttir, landsliðskona í alpagreinum, heldur til Suður-Kóreu í næsta mánuði þar sem hún tekur þátt í Vetrarólympíuleikunum fyrir Íslands hönd. Hún æfir þessa dagana af miklum krafti í Bandaríkjunum.


Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Þetta er í fyrsta skipti sem Freydís Halla keppir á Ólympíuleikunum. Hún segir mikla tilhlökkun vera í loftinu enda hefur hún aldrei áður komið til Asíu. „Ég er spennt fyrir mótinu sjálfu og öllu í kringum það, líka því að fara til Suður-Kóreu. Mér finnst spennandi að sjá nýja staði og kynnast öðruvísi menningu. Ég hlakka mikið til að sjá þetta flotta Ólympíusvæði og keppa þar. Fyrir utan keppnina sjálfa hlakka ég til að vera á opnunarhátíðinni og ganga þar inn með íslenska liðinu," segir Freydís Halla en hún var mjög nálægt því fyrir fjórum árum að komast á leikana og var næsta stelpa inn. Nú fær gamall draumur að rætast. „Það hefur alltaf verið draumur hjá mér að keppa á Ólympíuleiknum. Það er einhvern veginn öðruvísi stemning í kringum Ólympíuleikana heldur en til dæmis á heimsmeistaramótum," segir hún.

Freydís Halla fór í nokkrar æfingaferðir síðasta haust, meðal annars til Austurríkis, Sviss og Kaliforníu. Undanfarið hefur hún verið við æfingar í Bandaríkjunum en hún er í BSc-námi í íþróttalífeðlisfræði eða Exercise and Sport Physiology í Plymouth í New Hampshire þar sem hún segist hafa mjög flottar aðstæður til æfinga en þær hafa verið á fullu núna í janúar. „Skólinn byrjar ekki fyrr en í lok mánaðar svo ég get einbeitt mér 100% að því að æfa og keppa," segir hún. „Hér eru topp aðstæður flesta daga, en það fer auðvitað eftir veðri eins og alls staðar annars staðar. Við erum með þrjú skíðasvæði hér sem eru í innan við hálftíma akstursfjarlægð, svo ef heimasvæðið okkar, Waterville Valley, er lokað þá förum við bara eitthvert annað."

> Fyrir utan keppnina sjálfa hlakka ég til að vera á opnunarhátíðinni og ganga þar inn með íslenska liðinu.
>
> Freydís Halla Einarsdóttir

Foreldrar Freydísar Höllu, Einar Þór Bjarnason og Iðunn Lára Ólafsdóttir, ætla til Suður-Kóreu og fylgjast með sinni konu. „Það er frábær stuðningur fyrir mig að hafa foreldra mína á staðnum. Þau hafa komið með mér og fylgst með mér keppa á nokkrum heimsmeistaramótum en þetta verður klárlega allt öðruvísi og stærra," segir hún og viðurkennir að foreldrarnir séu bæði stoltir af henni og spenntir fyrir hennar hönd.

Þegar Freydís Halla er spurð hvort hún stefni á verðlaunapall, svarar hún. „Ég myndi nú ekki segja að verðlaunapallur sé raunhæft markmið fyrir mig en auðvitað stefni ég á að gera mitt besta og við sjáum til hversu langt það fleytir mér."

Vetrarólympíuleikarnir fara fram í PyeongChang í Suður-Kóreu frá 9.-25. febrúar.


Freydís Halla er landsliðskona í alpagreinum en í næsta mánuði reynir á hana á Vetrarólympíuleikunum í S-Kóreu.

# Skíðað frá fjallstoppi niður í fjöru

Góð ástæða er til að skella sér á skíði í Oddsskarði sem er eitt besta skíðasvæði landsins. Hægt er að skíða frá hæstu fjallstoppum alla leið niður í fjöru og fá sér einn kaldan á leiðinni, að sögn Marvins Ómarssonar, framkvæmdastjóra Skíðamiðstöðvar Austurlands.

Skíðasvæðið í Oddsskarði kemur fólki skemmtilega á óvart. Hér er allt til alls, frábærar brekkur, ægifagurt umhverfi, skíðakennsla fyrir byrjendur og skíðaleiga. Svæðið er oft nefnt Austfirsku Alparnir og er sérlega vinsælt á meðal íbúa Fjarðabyggðar en 10% íbúa eiga árskort," segir Marvin Ómarsson hjá Skíðamiðstöð Austurlands sem er rekin af Austurríki ehf.

Á skíðasvæðinu er barnalyfta og tvær toglyftur en önnur þeirra nær upp í 840 m hæð. „Topplyftan hefur heillað fjallaskíðafólk sem getur rennt sér frá fjallstoppi og niður í fjöru, en það eru um 4,5 km. Slíkt er nær einsdæmi hér á landi. Við bjóðum upp á skíðakennslu fyrir fullorðna, bæði einkatíma og hóptíma, og kennslu á snjóbretti. Öll aðstaða fyrir brettafólk er eins og best verður á kosið. Við erum með skíðaleigu með meira en 100 pör af skíðum og einnig bretti. Við getum því auðveldlega tekið á móti stórum hópum sem ekki eru með skíði með sér," segir Marvin og leggur áherslu á að svæðið henti byrjendum á skíðum, jafnt sem lengra komnum. Aðstaða til skíðagöngu er mjög góð og brautir ruddar eftir því sem þörf er á.

### Bjórsala í brekkunum

Oddsskarð hefur þá sérstöðu að þar er skíðaskálinn með vínveitingaleyfi og því hægt að fá sér bjór eða heitt kakó með Stroh. Auk þess eru í boði aðrar veitingar á borð við hamborgara, samlokur og heita súpu. „Við erum líka með sveigjanlegan opnunartíma og opnum sérstaklega fyrir hópa utan venjulegs opnunartíma, sé þess óskað," nefnir Marvin og bætir við að stundum megi sjá óvænta gesti í skíðabrekkunum. „Sennilega er þetta eina skíðasvæðið á landinu þar sem skíða má innan um hreindýr," segir hann brosandi.

### Sérkjör á skíðapössum

Skíðamiðstöð Austurlands er í samstarfi við Ferðaþjónustuna Mjóeyri sem er í nágrenni við Oddsskarð. Gestir Mjóeyrar fá sérkjör á skíðapössum og því tilvalið fyrir borgarbúa að hafa það í huga ef þeir hyggja á skíðaferð austur.

„Við erum líka í samstarfi við Olís og verðum með sérstakan Olísdag í byrjun febrúar. Þá verður frítt í brekkurnar og boðið upp á sérstaka skemmtidagskrá. Um páskana verður mikið líf og fjör en þá er hátíðin Páskafjör í fullum gangi en þá er mikið um að vera í Oddsskarði," upplýsir Marvin sem sér fram á skemmtilegan skíðavetur.

Nánari upplýsingar má fá á www.oddsskard.is og https://www.facebook.com/Oddsskard/


Topplyftan nær upp í 840 metra hæð og útsýnið er stórbrotið.




fyrir alla fjölskylduna

í þínu hverfi

Frá morgni til kvölds

ÍTR

Sími: 411 5000 • www.itr.is

# Nauðsynlegt að hafa varann á

Að læra að þekkja hættuna á snjóflóði skiptir miklu máli fyrir þá sem ganga og skíða á fjöllum yfir veturinn. Góður undirbúningur og réttur búnaður skiptir þar miklu máli.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Eitt það mikilvægasta sem fjallgöngu- og skíðafólk þarf að kunna á fjöllum og jöklum að vetri til er að þekkja hættuna á snjóflóði. Í gær, miðvikudag, stóð Ferðafélag Íslands fyrir snjóflóðanámskeiði þar sem Auður Kjartansdóttir fór yfir öll lykilatriði varðandi vetrarfjallamennsku í brattlendi. „Svona námskeið er fyrst og fremst hugsað fyrir byrjendur í sjálfstæðri fjallamennsku og til upprifjunar fyrir aðra. Það er ætlað þeim sem eru á leið á fjöll, hvort sem er á skíðum, í klifur eða göngu. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur séu öruggir til fjalla yfir vetrarmánuðina.“ Utan starfa sinna hjá Ferðafélagi Íslands er Auður menntaður landfræðingur og starfar sem sérfræðingur á snjóflóðasviði Veðurstofunnar utan þess að hafa öll próf sem hægt er að taka sem fararstjóri og leiðsögumaður hér á landi.

### Ýmis hættumerki

Aðspurð hvernig hinn almenni göngu- og skíðamaður geti þekkt hættuna á snjóflóði segir hún skýrasta dæmið um yfirvofandi hættu vera fallið flóð. „Ef þú sérð nýfallið snjóflóð þá er mjög líklegt að þú komir öðru af stað. Einnig er mikið nýsnævi, skafrenningur og „vúmp“ hljóð í snjónum allt dæmi um yfirvofandi hættu. Áður en farið er til fjalla er gott að skoða hvernig veðrið hefur verið og veðurspá á vefsíðu Veðurstofunnar. Einnig er gott að kíkja á snjóflóðaspá Veðurstofunnar en þar er að finna upplýsingar um snjóalög.“

Það er góð regla að hafa allan varann á þegar gengið er eða skíðað á fjöllum yfir vetrartímann að sögn Auðar og þá getur skipt miklu máli að vera með réttan búnað. Rétt ferðahegðun getur því skipt sköpum. „Einfaldasta leiðin til að forðast snjóflóð er auðvitað að ferðast ekki í fjallendi að vetri til en auðvitað langar marga að fara til fjalla á þessum tíma.“



„Áður en farið er til fjalla er gott að skoða hvernig veðrið hefur verið og veðurspá á vefsíðu Veðurstofunnar. Einnig að kíkja á snjóflóðaspá Veðurstofunnar en þar er að finna upplýsingar um snjóalög,“ segir Auður Kjartansdóttir, sérfræðingur á snjóflóðasviði Veðurstofunnar og fararstjóri hjá Ferðafélagi Íslands. MYND/ERNIR

### Nauðsynlegur búnaður

Því ættu allir sem ferðast til fjalla að vetri til að vera með ýlu, skóflu og snjóflóðastöng og kunna að fara með þessa þrennu. Snjóflóðaýla er lítið tæki sem maður ber innanklæða og gefur frá sér merki sem aðrar snjóflóðaýlur nema. Ef viðkomandi lendir í snjóflóði geta önnur sams konar tæki numið merki frá öðrum ýlum. Snjóflóðastöngin auðveldar staðsetningu á manneskjunni sem grefst í flóðinu en til að ná viðkomandi upp verður að hafa skóflu. Það verður að æfa notkun á þessum búnaði til að hann geti komið að gagni þegar á þarfa að halda.“

### Byrjaði ung að árum

Útivist hefur allaf verið stór þáttur í lífi Auðar. „Foreldrar mínir voru mikið skíðafólk og svo hjálpaði líka til að ég er fimmta barn og þurfti því að labba hratt ef ég átti að ná hinum. Ég byrjaði síðan í björgunarsveit þegar ég varð 17 ára og eftir það varð ekki aftur snúið, fjallamennskan varð atvinnan mín.“

Hún varð fyrst fararstjóri fyrir Ferðafélagið aðeins 18 ára gömul þegar hún gekk Laugaveginn og síðan eru ferðirnar orðnar margar. „Ég starfaði í nokkur ár sem leiðsögumaður fyrir Íslenska fjallaleiðsögumenn, aðallega á Öræfajökul, og hef meðal annars gengið tæplega 80 sinnum á Hvannadalshnúk.“

Auður var auk þess einn af hvatamönnum að stofnun Ferðafélags barnanna árið 2009 og hefur leitt barnavagnaviku Ferðafélags barnanna og fjölskylduferðir í Norðurfjörð.

Inni á vef Landsbjargar má finna bækling sem Auður skrifaði fyrir nokkrum árum sem heitir Snjóflóðahætta – Lærið að meta og bregðast rétt við snjóflóðahættu. „Hann er góð byrjun fyrir þá sem vilja kynna sér málið í grófum dráttum. Auk þess má finna mikinn fróðleik víðar á netinu.“

# Útivistarparadís norðursins

Skíðasvæðið í Skarðsdal við Siglufjörð býður upp á fjölbreytta útivist. Egill Rögnvaldsson, framkvæmdastjóri Valló, segir stöðuga fjölgun gesta síðustu ár.

Ég hef verið við þetta í tíu ár og það er stöðug aukning. Tímabilið í ár fer mjög vel af stað hjá okkur og nú þegar höfum við haft opið í 28 daga í vetur. Við eigum von á töluverðum fjölda fólks þegar vetrarfríin byrja í skólum á höfuðborgarsvæðinu en sá tími er alltaf annasamur hjá okkur. Við erum að gera okkur klár,“ segir Egill Rögnvaldsson, framkvæmdastjóri Valló og skíðasvæðisins í Skarðsdal við Siglufjörð.

Það má segja það að það séu þrír toppar hér á svæðinu, í jólafríinu, vetrarfríin í skólunum og páskarnir. Einnig eru hér á svæðinu ýmsir viðburðir svo sem World-Snow-Day sunnudaginn 21. janúar. Þá er hér heljar mikið slútt síðustu helgina í apríl, Skarðsrennsli og svo endum við veturinn á Super Troll Ski Race, alþjóðlegu fjallaskíðamóti sem Skíðafélag Siglufjarðar stendur fyrir helgina 11. til 13. maí,“ segir Egill.

Skarðsdalur hefur upp á mikið að bjóða. Tíu brekkur, fjórar skíðalyftur og sérstakar ævintýraleiðir fyrir svigskíði, bobbsleðabraut og hóla. Svæðið er því afar fjölbreytt og þar er einnig skíðaskáli með góðri aðstöðu fyrir gesti. Egill segir Tröllaskagann búa yfir ómældum möguleikum til útivistar.

„Fólk stundar hér til dæmis fjallaskíði af miklum móð út maí. Á utanverðum Tröllskaganum hafa á einni viku verið hátt í fimm hundruð manns í einu, prílandi um fjöllin út og suður. Við fáum fjallaskíðafólkið líka í brekkurnar þegar það vill breyta til. Þá fer fólk talsvert á fjallahjólum hér á Siglufirði og hér er einnig í boði að ganga á snjóþrúgum í firðinum. Þá er einnig margt annað sem við höfum upp á að bjóða á Siglufirði annað en útivistina. Hér eru glæsileg hótel, tvær íþróttamiðstöðvar með líkamsrækt og sundlaugum, veitingastaðir og barir á hverju horni að ótöldum söfnun. Þar er Síldarminjasafnið okkar rótgrónasta safn. Við segjum oft, bæði í gríni og alvöru, að Siglufjörður sé Borg norðursins,“ segir Egill.



Skarðsdalur við Siglufjörð hefur upp á mikið að bjóða. Tíu brekkur, fjórar skíðalyftur og sérstakar ævintýraleiðir..

Héðinsfjarðargöng hafi átt stóran þátt í aukinni umferð um svæðið og mikil uppbygging hafi átt sér stað síðustu ár.

„Við höfum opið um 90 daga á ári að meðaltali í Skarðsdal og fáum mikinn fjölda gesta bæði frá Eyjafjarðarsvæðinu og höfuðborgarsvæðinu en einnig er heimafólk töluvert duglegt að mæta í dalinn fagra enda er mikil skíðasaga í Fjallabyggð. Um síðustu helgi voru um 400 manns hér í brekkunum að skíða! Einnig er gaman að segja frá því að í fyrra komu skíðagestir frá 25 þjóðlöndum á svæðið. Við höfum byggt mikið upp og höldum því að sjálfsögðu áfram,“ segir Egill.

Nánari upplýsingar er að finna á www.skardsdalur.is og á facebook/skíðasvæðið Skarðsdal Siglufirði.



## Heit súpa í nesti

Orkumikið nesti er nauðsynlegt í skíðabrekkunum. Heit súpa er tilvalin til að fá hita í kroppinn eftir að frostið hefur bitið kinnarnar og lítið mál að hafa hana með á brúsa.

### Einföld kartöflusúpa

**2 msk. smjör**
**¾ bolli fínt skorinn laukur**
**2 bollar flysjaðar kartöflur skornar í teninga**
**1½ bolli vant**
**½ tsk. þurrkað dill**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. svartur pipar**
**1 ¾ bolli mjólk**
**3 msk. steikt beikon skorið smátt**
**1 msk. þurrkuð steinselja**

Bræðið smjörið í potti og mýkið laukinn yfir lágum hita í um 10 mínútur. Bætið kartöflum, vatni, dilli, salti og pipar út í pottinn og látið suðuna koma upp. Lækkið þá hitann og látið malla þar til kartöflurnar eru orðnar mjúkar og vatnið að mestu soðið niður, eða um það bil 30 mínútur.
Hrærið þá mjólk og beikonbitum út í og látið suðuna koma upp. Takið þá af hellunni og hrærið að lokum steinselju út í.
Hellið í hitabrúsa og takið með í skíðaferðina.
*www.allrecipes.com*



## Hæstu brekkurnar

1. Dagu jökullinn í Himalajafjöllunum er stærsti jökull í heimi. Japanskir vísindamenn fundu hann árið 1992. Hæsta skíðabrekkan þar er í 4.844,13 metrum.
2. Maoke fjall í Indónesíu. Þar var fyrsta skíðabrekkan opnuð árið 1979 með einfaldri toglyftu. Hæsta skíðabrekkan þar er í 4.795,85 metra hæð.
3. Mérida skíðasvæðið í Venesúela státar af hæsta skíðakláfi í heimi og lengsta. Þar er hæsta skíðabrekkan í 4.763,66 metrum.
4. Jade Dragon fjall í Kína. Hæsta skíðabrekkan þar er í 4.699,28 metrum.
5. Gulmarg er vinsæll skíðabær á Indlandi. Þar er hæsta brekkan í 3.975,08 metra hæð.
6. Breckenridge skíðasvæðið í Colorado geymir margar háar brekkur, sú hæsta er í 3.910,71 metra hæð.

# Hvað merkja litirnir?

Á flestum skíðasvæðum erum brekkurnar merktar með sérstökum litum sem hafa mismunandi merkingu eftir því hversu erfiðar þær eru. Í Evrópu eru yfirleitt notaðir fjórir litir; grænn, blár, rauður og svartur en það getur þó verið mismunandi eftir löndum og er vert að kynna sér það vel áður en haldið er í skíðaferð til útlanda.

Hér á landi eru þrír litir notaðir til að aðgreina brekkur eftir erfiðleikastigi; grænn, blár og rauður. Grænar leiðir eru sérstaklega ætlaðar fyrir byrjendur á skíðum og þær eru ekki langt frá skíðaskálunum. Næsta erfiðleikastig er blátt en bláu leiðirnar eru léttar og við hæfi allra sem kunna grunnatriðin á skíði. Rautt merkir að brekkurnar eru aðeins fyrir vant skíðafólk sem vill skíða hratt og í meiri bratta.



Skíðabrekkur eru flokkaðar niður í grænar, bláar og rauðar eftir erfiðleikastigi.



SIGLÓ HÓTEL
yndislegt að njóta allt árið um kring
Sigló Hótel - Snorragötu 3b Siglufirði - S: 461-7730 - siglohotel@siglohotel.is - www.siglohotel.is

# Ráð fyrir verðandi skíðagarpa

**Það er ýmislegt sem ber að hafa í huga ef maður ætlar á skíði í fyrsta sinn eftir langt hlé eða er byrjandi. Hér eru nokkur góð ráð sem er gott að hafa í huga ef maður er óvanur en langar að sigra brekkurnar.**

**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@365.is



Það getur verið erfitt fyrir suma að manna sig upp í að fara á skíði. Margir hafa litla reynslu og þeir sem hafa hana eru oft búnir að taka mjög langa pásu þegar þeir ætla af stað. En fjöllin kalla á marga, hvort sem það er stutt skrepp innanlands eða lengri ferð í skíðaparadís erlendis. Hér eru nokkur einföld ráð til að létta róðurinn og gera ferðina bæði auðveldari og ánægjulegri.

## Komdu þér í form

Að koma sér í form er undirstöðuatriði sem margir klikka á. Það getur tekið á að renna sér á skíðum og það er mikilvægt að vera að minnsta kosti ekki of stirð(ur).

Þeir sem ætla á skíði en hafa ekkert hreyft sig í langan tíma ættu að reyna að teygja og bæta styrk og jafnvægi aðeins áður en þeir fara að sigra fjöllin. Það hjálpar manni ekki bara að endast í brekkunum, heldur bætir það frammistöðuna og minnkar líkurnar á meiðslum. Það er ekki gaman að vera þreyttur eftir smá stund og enn verra að klára skíðaferð til útlanda algjörlega uppgefin(n).

Ekki gleyma heldur að hita upp áður en þú ferð að hamast í brekkunum og að teygja eftir átökin.

## Kynntu þér málið

Lestu þér til, horfðu á kennslumyndbönd á Youtube eða keyptu þér skíðakennslu til að læra grundvallaratriðin. Kennslan getur gert þig öruggari og aukið sjálfstraustið.

Það borgar sig líka að kynna sér staðhætti ef ferðinni er heitið til útlanda. Þá er hægt að vita af staðbundnum frídögum sem gætu komið upp á meðan þú ert í heimsókn, hvar bestu veitingastaðirnir og búðirnar eru og hvar er best að kaupa gistingu. Smáatriði eins og arineldur á hótelherberginu eða gufubað á hótelinu geta fullkomnað góða ferð.

## Hafðu réttan búnað

Það er mikilvægt að hafa rétta búnaðinn, sérstaklega rétta skó. Passaðu að vera í skóm sem passa rétt og vertu í góðum sokkum, svo þér verði hvorki of kalt né ofhitnir. Það gæti líka komið sér vel að hafa brodda fyrir skóna ef þú þarft að labba á ís.

Það skiptir miklu máli að klæða sig vel. Sérstaklega ef þú ert óvanur eða óvön, því þá gæti verið að þú verðir ekki mjög virk(ur) allan tímann.



Það er hægt að gera ýmislegt til að gera skíðaferðina auðveldari og þægilegri. NORDICPHOTOS/GETTY

Þó þú ætlir bara að skíða rólega er líka mikilvægt að vera samt með hjálm, því árekstrar eiga sér stundum stað.

Lítill bakpoki með smá hressingu getur líka gert mikið til að bæta lífsgæðin í öllum hamaganginum.

Síðast en alls ekki síst skaltu þekkja þín mörk og hvorki ofreyna þig né leggja þig í hættu. Þetta á að vera gaman og er ekki keppni.



# EINS OG FÆTUR TOGA

# Risa Útsala

## Þökkum fyrir frábærar móttökur á útsölunni

Höfum enn bætt við hlaupaskóm, ræktarskóm, léttum vatnsheldum skóm og utanvega skóm fyrir síðustu daga útsölunnar.
Allir skór á kr. 14.000, 2 pör á kr. 24.000
Fatnaður á 30-50% afslætti
(var á sama verði og í USA)




**Brooks** hefur verið kosið fjögur ár í röð hlaupamerki ársins í heiminum hjá IRRA (Independent Running Retailers Assiciation).

**Brooks** er með 28% markaðshlutdeild í hlaupaverslunum í USA og 25% markaðshlutdeild í hlaupaverslunum í Evrópu...... þar sem hlaupararnir versla er þér óhætt.

**Brooks** hefur fengið flest verðlaun hjá Runners world 2015 - 2017. Allir core skór Brooks hafa fengið verðlaun hjá RW. Runners World er lang stærsti óháði aðili sem metur hlaupaskó.

**Brooks** er á sama verði á Íslandi og í flestum löndum Evrópu og alltaf samkeppnisfærir í verðum á Íslandi.

**Brooks** skór eru framleiddir fyrir mismunandi fótlag og niðurstig.

Samkvæmt árlegri skókönnun hlaup.is fyrir árið 2012 hlupu 5% hlauparar Reykjavíkur maraþons í Brooks skóm, í sömu könnun 2016 hlupu 23% hlaupara í Brooks. Brooks er því orðið stærsta hlaupamerki í Reykjavíkur maraþoni.

Eins og Fætur Toga - Bæjarlind 4 - 201 Kópavogi - Sími 55 77 100 - www.gongugreining.is

# Stællegar stjörnur

**Fræga fólkið finnur fyrir kuldanum eins og við. Húfa, úlpa og vettlingar gera ekki alltaf mikið fyrir útlitið en sumir virðast kunna að klæða af sér kuldann með stæl. Stjörnurnar taka sig vel út í vetrargallanum á götum New York og Parísar.**



Fyrirsætan Hailey Baldwin skellti sér út á inniskónum í göngutúr í New York en klæddist hlýrri kápu.



Tónlistarkonan Kylie Minouge sveiflaðist um Parísarborg í drifhvítri mokkakápu nú í vikunni með sólgleraugu og hatt.




Diane Kruger fór í hlýja úlpu í kuldanum í París og gleymdi ekki sólgleraugunum frekar en Kylie.



Tónlistarmaðurinn Zayn Malik kann sannarlega að klæða kuldann af sér með stæl, hlý, röndótt rúllukragapeysa undir svarta úlpu með hettu.



Leikararnir Naomi Watts og Liev Schreiber gengu kappklædd um New York. Naomi kann greinilega listina að klæða af sér kuldann með stæl en Schreiber klæðir bara af sér kuldann.



Fyrirsætan Sofia Resing var ekki kappklædd í kuldanum en í stællegum grænum gervipels.


ÞEIR ERU LOKSINS KOMNIR!

Vinsælu kuldaskórnir með mannbroddunum fyrir dömur og herra í stærðunum 36-47.




Tískan

Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

BASLER MaxMara BRAX



OPUS buxur
frá LauRie
á 3.900 kr.
Verð áður 7.900 kr.

ÚTSALA

- einn litur
- stærð 36 - 46
- þykkt, létt og teygjanlegt efni

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

FRÉTTABLAÐIÐ



Fréttablaðið eykur þjónustu sína.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

N1 olís Samkaup BÓNUS nettó FJÖRÐUR

# GLAMOUR

## ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR




# Lærir allt um tísku

Margrét Lea Bachmann hefur mikinn áhuga á tísku og ákvað því að mennta sig í þeim fræðum. Í náminu þarf hún að hafa augun opin fyrir öllu því sem er að gerast í tískunni.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Ég hef lengi haft áhuga á tísku og sem krakki pældi ég mikið í hvaða snið passaði hverjum, hvaða litasamsetningar færu vel saman og fleira slíkt. Ég hafði mjög gaman af því að klæða mig í fín föt og var þekkt fyrir að vera í kjól í skólanum. Eftir því sem ég varð eldri varð áhuginn alltaf meiri og einnig sjálfstraustið til að þora að klæða mig eftir eigin höfði,“ segir Margrét Lea Bachmann sem býr í Barcelona. Þar er hún á öðru ári við nám í Fashion Marketing and Communication, eða tísku, markaðsmálum og samskiptum, og fram undan eru stór verkefni.

„Þetta nám varð fyrir valinu því mig langaði til að læra eitthvað sem tengdist tísku en ég var ekki alveg viss um hvaða svið hentaði mér best. Ég ákvað að fara í nám til útlanda því fjölbreytnin á þessu sviði er ekki mikil á Íslandi. Fatahönnun er að vísu vinsæl en hún heillaði mig ekki,“ heldur Margrét áfram.

## Erfitt að fá tíu

Skólinn heitir IED Barcelona og námið fer fram á ensku. „Ég lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Suðurlands og það var mikill munur að fara þaðan beint í allt öðruvísi skólakerfi. Í IED Barcelona er lögð mikil áhersla á verkefni sem tengjast atvinnumarkaðnum. Það eru fá próf og mjög erfitt að fá tíu í einkunn. Ég fór t.d. aðeins í tvö próf á fyrsta árinu og á öðru ári eru engin próf, aðeins verkefni. Hvert verkefni tekur um einn og hálfan til tvo mánuði svo ég þarf því að skipuleggja mig vel fram í tímann,“ segir hún.

## Nútímatíska og textíll

Þegar námið hófst mættu fimmtíu nemendur til leiks og segir Margrét marga þeirra koma frá spænskumælandi löndum. „Svo eru líka nokkrir frá hinum

> **„Þetta nám varð fyrir valinu því mig langaði til að læra eitthvað sem tengdist tísku en ég var ekki alveg viss um hvaða svið hentaði mér best. Ég ákvað að fara í nám til útlanda því fjölbreytnin á þessu sviði er ekki mikil á Íslandi.**

Norðurlöndunum og við erum tvær frá Íslandi, ég og Hildur Ragnarsdóttir. Við þurftum snemma að velja okkur sérhæfingu, annaðhvort í markaðsmálum eða samskiptum og ég valdi hið síðarnefnda. Ég er í mörgum spennandi fögum sem tengjast tísku á sögulegan eða markaðslegan hátt og flest fögin eru mjög hagnýt. Ég sæki tíma í nútímatísku, textíl, framleiðslu, sögu tísku og lista, auglýsingum, lífsstíl og tískustraumum svo eitthvað sé nefnt. Mér kom á óvart hvað námið er bóklegt en mér finnst þetta allt áhugavert. Ég hélt mér myndi aldrei finnast svona skemmtilegt í skóla,“ segir hún brosandi.

Margrét undirbjó sig vel áður en hún flutti til Barcelona. „Umsóknarferlið fyrir skólann var langt og strangt og það tók sinn tíma að fá alla pappíra hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna samþykkta. Ég var svo heppin að fá leigða íbúð í Barcelona með tveimur Íslendingum, annar þeirra er Hildur skólasystir mín. Núna er kærastinn minn, Arnþór Daði Guðmundsson, fluttur til mín og við erum komin með eigin íbúð. Að lokum þurfti ég að ákveða hvað ég tæki með mér út og ég held það hafi verið erfiðast að skilja eftir



Nýjustu tískustraumar fara ekki fram hjá Margréti.

hluta af fötunum mínum,“ segir Margrét hlæjandi.

## Með puttann á púlsinum

Þegar Margrét er spurð hvort hún taki betur eftir nýjum tískustraumum eftir að hún byrjaði í náminu segir hún að svo sé. „Já, að vissu leyti. Ég tek klárlega betur eftir því hvað er að verða vinsælt. Okkur er kennt að vera með puttann alltaf á púlsinum og vera með opin augu yfir öllu því sem er að gerast í tískunni. Ég tek meira eftir trendum eins og í markaðsfræðinni og hvaða aðferðir eru nýjar og munu verða úti um allt á næstunni.“

Margrét lumar á góðum tískuráðum og hvetur fólk til að vera óhrætt við að fylgja eigin smekk og skapa sinn eigin stíl. „Mér finnst alltaf gaman að fylgjast með fólki sem er með persónulegan stíl og sker sig út úr norminu,“ segir hún.

En hvað skyldi taka við að námi loknu? „Fyrst og fremst er stefnan að ljúka náminu vorið 2019 og síðan langar mig að finna lærlingsstöðu í sumar og fá tilfinninguna fyrir því hvernig þetta nám reynist í atvinnulífinu. Maður veit svo aldrei hvort einhver tækifæri gefist við útskrift en kennararnir eru allir vel tengdir inn í tískuheiminn því þeir vinna við fagið auk þess að kenna. Draumurinn er síðan að fara í mastersnám einhvers staðar í heiminum. Þetta nám hefur gefið mér allt aðra sýn á tískuheiminn og kennt mér að fara skrefinu lengra í markaðs- og samskiptafræði,“ segir Margrét og sendir að lokum kveðju heim.

Fylgjast má með Margréti Leu á Instagram: margretleabachmann

OptiBac probiotics




„Bestu meltingargerlar sem ég hef prófað“



Víðir Þór Þrastarson, íþrótta- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands.

@OptiBac
www.facebook.com/optibaciceland

Fæst í apótekum og heilsubúðum

PRENTUN.IS

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is


**BORGARBÍLASALAN**
580 8900 • borgarbilasalan.is



**CLUELESS!!!**
2015 JEEP WRANGLER SPORT 4X4. EK 106 Þ.KM, BENSÍN, BEINSK. ÁSETT 3.990Þ #480802. S: 580 8900



**4X4 STÓRFJÖLSKYLDAN!!!**
2013 VW CARAVELLE TDI 4x4 9 MANNA . EK 142 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK. ÁSETT 3.880Þ #453140. S: 580 8900



**4X4 ÆVINTÝRAMAÐURINN!!**
2006 LAND ROVER DISCOVERY 3. EK 220 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK. ÁSETT 1.980Þ...TILBOÐSVERÐ 1.799!!! #472812. S: 580 8900

**BORGARBÍLASALAN**
580 8900 • borgarbilasalan.is



**4X4 FÖÐURLANDSVINURINN**
2014 JEEP PATRIOT SPORT 4WD. EK 97 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR. ÁSETT 1.780Þ...TILBOÐSVERÐ 1.400!!! #480841. S: 580 8900



**4X4 SKÍÐAFERÐIN!!!**
2008 CHRYSLER ASPEN LIMITED. EK 160 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR. ÁSETT 1.480Þ #472461. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**




**STÓRA BÍLASALAN**



**100% LÁN**
SKODA Rapid Ambition. Árgerð 2015, ekinn 31 Þ.KM, bensín, beinsk., Verð 2.290.000. Rnr.136577.



**100% LÁN**
SKODA Octavia Scout Elegance. Árgerð 2015, ekinn 49 Þ.KM, Verð 4.690.000. Rnr.136568.



**100% LÁN**
SKODA Octavia 1.6 Dísel Sjálfskiptur Combi. Árgerð 2015, ekinn 29 Þ.KM, Verð 3.180.000. Rnr.136159.

**STÓRA BÍLASALAN**



**100% LÁN**
SKODA Octavia 1.6 Dísel 4x4 Combi. Árgerð 2015, ekinn 31 Þ.KM, Beinsk.. Verð 3.190.000. Rnr.136463.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**


## Hjólbarðar


**VAKA**



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700





# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699-6069

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtækja ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSASMÍÐI:**
getum bætt við okkur verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

## Spádómar

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**
Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta



**Borgarafl ehf - Kranaleiga**
**Gott verð**
**Sími 660 1701 eða 660 1704**




**PEUGEOT**
**308 Active**
Nýskráður 12/2014, ekinn 20 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.390.000**



**OPEL**
**Vectra Elegance CTDi**
Nýskráður 7/2007, ekinn 158 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 790.000**



**BÍLL DAGSINS**
**Honda Civic Prestige 5 dyra**
Sýningarbíll frá umboði
Nýskráður 6/2017, ekinn 4 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Tilboð kr. 3.990.000**



**MERCEDES-BENZ**
**GL500 4matic**
Nýskráður 2/2008, ekinn 116 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.790.000**



**HYUNDAI**
**i30 Classic II**
Nýskráður 5/2014, ekinn 53 þús.km., bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 1.690.000**



**HONDA**
**Accord Executive**
Nýskráður 7/2010, ekinn 123 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.990.000**



**BMW**
**I3 Rex**
Nýskráður 11/2015, ekinn 22 þús.km., rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.890.000**



**HONDA**
**HR-V Comfort**
Nýskráður 11/2016, ekinn 32 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.190.000**



**HONDA**
**CR-V Elegance 2WD dísel**
Nýskráður 7/2016, ekinn 14 þús.km., dísel, 6 gírar.
**Verð kr. 4.290.000**

**Afgreiðslutími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00
**notaðir.bernhard.is**
opið allan sólarhringinn

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga uppítöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

# Keypt & Selt

## Til sölu

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúðum fyrir erlenda starfsmenn á höfuðborgarsv.. Uppl. í s: 895 2220

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

KG

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**

**Sími 551-5000**

**Netfang proventus@proventus.is**




STRÁ



**Til hvers að auglýsa ?**

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

**Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.**

**Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.**

**Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.**

www.stra.is

## Styrkir

Barnavinafélagið Sumargjöf
Stofnað 1924

### Styrkir til verkefna í þágu barna árið 2018

Barnavinafélagið Sumargjöf auglýsir hér með til umsóknar styrki á sviði rannsókna, lista og þróunarverkefna í þágu barna.

Vakin er athygli á að umsækjendum er gert að fylla út umsókn á sérstöku eyðublaði sem vistað er á vef félagsins og senda það síðan í viðhengi á tölvupóstfang Sumargjafar **sumargjof@simnet.is** að lokinni útfyllingu.
Nánari upplýsingar er að finna á vef félagsins **sumargjof.is**

Stjórn Sumargjafar áskilur sér rétt til að óska eftir nánari upplýsingum um verkefnin og leita umsagnar fagaðila.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar 2018**

***Reykjavík 18. janúar 2018***
***Barnavinafélagið Sumargjöf***

## Tilkynningar

FISKISTOFA

### Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2017/2018 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 604, 3. júlí 2017

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

**Bolungarvík**
**Akureyrarkaupstað (Grímsey og Hrísey)**
**Borgarfjörð eystri**
**Djúpavog**

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 17/2018 í Stjórnartíðindum

**Vesturbyggð (Brjánslækur Patreksfjörður og Bíldudalur)**
**Ísafjarðarbær (Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Hnífsdalur og Ísafjörður)**
**Fjallabyggð (Siglufjörður og Ólafsfjörður)**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluaðila, á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.
**Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar 2018.**

*Fiskistofa, 17. janúar 2018.*

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**viftur.is**

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

**íshúsið**

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

markhönnun ehf

# nettó

VIÐ ERUM STOLTIR STYRKTARAÐILAR VEGANÚAR

**PR VEGAN HAMBORGARI**
M/SVEPPUM & KJÚKLING
**449 KR STK**
ÁÐUR: ~~598 KR/STK~~

vegan

**ALLOS SMYRJA 135 GR.**
PAPRIKU TRIO/SPÍNAT FURUH/BLAÐL/BASIL
**371 KR STK**
ÁÐUR: ~~495 KR/STK~~

**HIMNESK HOLLUSTA 40 GR.**
HNETUBITI/KÓKOSBITI
**109 KR STK**
ÁÐUR: ~~145 KR/STK~~

**ALLOS VEGAN EXPRESS 60 GR**
FJÓRAR BRAGÐTEGUNDIR
**299 KR STK**
ÁÐUR: ~~398 KR/STK~~

**MÖNDLUMJÓLK 1L**
3%. ISOLA.
**224 KR STK**
ÁÐUR: ~~298 KR/STK~~

LÍFRÆNT

**REBEL KITCHEN DAIRY FREE**
ORGANIC COFFEE MILK 330ML
**202 KR STK**
ÁÐUR: ~~269 KR/STK~~

**REBEL KITCHEN DAIRY FREE**
ORGANIC CHOCOLATE MILK 330ML
**224 KR STK**
ÁÐUR: ~~298 KR/STK~~

**MÖNDLUMJÓLK 1L**
ISOLA.
**338 KR STK**
ÁÐUR: ~~450 KR/STK~~

**MÖNDLUMJÓLK 1L**
ÓSÆT. ISOLA.
**352 KR STK**
ÁÐUR: ~~469 KR/STK~~

**MÖNDLUMJÓLK 1L**
RÍS M/KÓKOS. ISOLA.
**299 KR STK**
ÁÐUR: ~~399 KR/STK~~

**-25%**

**UPTONS 200 GR.**
ORIGINAL/BARBEQUE /THAI CURRY
**374 KR STK**
ÁÐUR: ~~498 KR/STK~~

**NOW VITAMIN D**
VEGETARIAN 120 CAPS.
**1.274 KR STK**
ÁÐUR: ~~1.699 KR/STK~~

**NOW B-12**
1000 MCG. 100 CHEW.
**974 KR STK**
ÁÐUR: ~~1.299 KR/STK~~

**NOW B-100**
COMPLEX 100 CAPS.
**2.099 KR STK**
ÁÐUR: ~~2.799 KR/STK~~

**NOW IRON COMPLEX**
VEGETARIAN 100 TBL.
**1.049 KR STK**
ÁÐUR: ~~1.398 KR/STK~~

**TZAY SOYA**
BITAR/SPJÓT/STRIMLAR 250 GR.
**679 KR PK**
ÁÐUR: ~~789 KR/PK~~

**NOW**
120 TBL.
**2.699 KR STK**
ÁÐUR: ~~3.598 KR/STK~~

**NOW PRÓ PEA**
907 GR.
**3.224 KR STK**
ÁÐUR: ~~4.299 KR/STK~~

**NOW PRÓ PLANT COMPLEX**
907 GR.
**4.274 KR STK**
ÁÐUR: ~~5.699 KR/STK~~

**NOW MACA**
500MG 100 CAPS.
**1.011 KR STK**
ÁÐUR: ~~1.348 KR/STK~~

**NOW COQ10**
30 MG VEG. 60 VC.
**1.372 KR STK**
ÁÐUR: ~~1.829 KR/STK~~

nettó
Á NETINU

**Tilboðin gilda 18. - 21. janúar 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

www.netto.is

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

# Ekki meir, Geir, eða áfram gakk?

Ekki liggur fyrir hvort Geir Sveinsson verður áfram þjálfari íslenska handboltalandsliðsins. Hann hefur stýrt Íslendingum á tveimur stórmótum. Árangurinn er ekki merkilegur og erfitt að sjá framfarir milli móta. Okkar efnilegasti leikmaður hefur fengið fá tækifæri.

**HANDBOLTI** Samningur Geirs Sveinssonar, þjálfara íslenska karlalandsliðsins í handbolta, rennur senn út. Sjálfur segist Geir hafa áhuga á að halda áfram með liðið en boltinn sé hjá HSÍ. Forráðamenn Handknattleikssambandsins verða nú að spyrja sig þeirrar spurningar hvort íslenska liðið sé á réttri leið undir stjórn Geirs.

Fátt bendir til þess að svo sé. Geir hefur stýrt Íslandi á tveimur stórmótum. Niðurstaðan er tveir sigrar, tvö jafntefli og fimm töp. Annar sigurinn kom á móti Angóla. Ísland komst í 16 liða úrslit á HM 2017 en fór heim eftir aðeins þrjá leiki á EM í Króatíu. Mikil vonbrigði, sérstaklega eftir góðan sigur á Svíþjóð í fyrsta leik.

Geir var ráðinn landsliðsþjálfari í lok mars 2016 og fékk hin margumtöluðu kynslóðaskipti í fangið. Meðalaldurinn í íslenska liðinu sem tók þátt á EM 2016 var um 30 ár og Geirs beið það verkefni að yngja það upp.

### Litlar væntingar en ágætis kaflar

Ísland komst með herkjum inn á HM 2017 og væntingastuðullinn fyrir mótið var ekki hár, sérstaklega ekki eftir að Aron Pálmarsson heltist úr lestinni vegna meiðsla.

Íslenska liðið átti ágætis kafla á HM í Frakklandi en vann aðeins einn af sex leikjum sínum. Rýr uppskera var þó að mörgu leyti skiljanleg. Þrír leikmenn þreyttu frumraun sína á stórmóti á meðan aðrir voru í stærri hlutverkum en áður. Og svo naut Arons ekki við.

Ísland komst með herkjum inn á EM í Króatíu eftir að hafa lent í 3. sæti í sínum riðli í undankeppninni. Aftur voru væntingarnar fyrir stórmót hóflegar.

Vináttulandsleikirnir tveir við Þýskaland fyrir EM fóru illa en Ísland sýndi allt aðra og betri frammistöðu gegn Svíþjóð í fyrsta leik í Split. Fyrstu 40 mínúturnar voru stórkostlegar og Ísland komst mest 10 mörkum yfir. Íslendingar gáfu mikið eftir á síðustu 20 mínútunum en gerðu nóg til að landa góðum sigri.

Íslenska liðið spilaði stórvel í fyrri hálfleik gegn Króötum í öðrum leik sínum en heimamenn stigu á bensíngjöfina í þeim seinni og unnu öruggan sigur. Þrátt fyrir það var Ísland með örlögin í eigin höndum fyrir leikinn gegn Serbíu. En hann fór á versta veg eins og frægt er orðið.

### Sóknin enn til vandræða

Þegar á reyndi var engar lausnir að finna og það vantaði betri stjórn inni á vellinum og frá bekknum. Sóknarleikurinn er sama þrotið og á HM í fyrra. Ísland skoraði aðeins 24,7 mörk að meðaltali í leik á EM, samanborið við 25,5 á HM, og skotnýtingin var verri en í Frakklandi (56% á móti 59%).

Eftir síðasta HM talaði Geir um að íslenska liðið yrði að fækka töpuðum boltum. Þeir voru enn sama vandamál í Króatíu en strákarnir töpuðu samtals 31 bolta í leikjunum þremur. Eitthvað af þeim er hægt að skrifa á skipulagsleysi í sóknarleiknum en leikmennirnir eru ekki undanskildir ábyrgð. Geir Sveinsson getur lítið gert við því að besti leikmaður íslenska liðsins kasti boltanum frá sér í tíma og ótíma.

Aron Pálmarsson er heilinn í sóknarleik Íslands, það fer allt í gegnum hann og varnarleikur andstæðinganna miðar að því að stoppa hann. Það afsakar samt ekki að hann tapi 16 boltum í þremur leikjum. Aron var með jafn marga tapaða bolta og stoðsendingar á EM.

**5**

**leikmönnum hefur Geir gefið fyrsta tækifærið á stórmóti síðan hann tók við.**

**2**

**Ísland hefur aðeins unnið tvo af níu leikjum undir stjórn Geirs á stórmóti.**

**»Ísland skoraði næstfæst mörk allra (74) á EM 2018. Aðeins Svartfjallaland skoraði færri mörk (66).**



## Árangur Íslands eftir þriðjungum




### Samanburður milli móta

| | HM 2017 | EM 2018 |
|---|---|---|
| Mörk skoruð | 25,5 | 24,5 |
| Mörk fengin á sig | 25,3 | 27,3 |
| Skotnýting | 59% | 56% |
| Vítanýting | 83% | 75% |
| Markvarsla | 30% | 31% |
| Tapaðir boltar | 10,8 | 10,3 |
| Löglegar stöðvanir | 22,7 | 21,0 |

### Hrun undir lokin

Frammistaða Íslands síðustu 20 mínúturnar í leikjunum þremur á EM er líka rannsóknarefni. Þeim töpuðu strákarnir með samtals 15 mörkum. Íslenska liðið byrjaði leikina vel og vann fyrstu 20 mínútur þeirra með samtals níu mörkum. Næstu 20 mínútur töpuðust með samtals tveimur mörkum en undir lokin hrundi allt. Íslenska liðinu virðist ekki líða vel þegar það er með forystu. Það hefur ekkert lagast frá HM í Frakklandi og versnað ef eitthvað er. Öll lið lenda í mótlæti og slæmum köflum. En á EM voru þeir alltof langir hjá Íslendingum og lausnirnar til að rétta sig af ekki til staðar.

Geir hefur gefið mörgum ungum leikmönnum tækifæri síðan hann tók við íslenska landsliðinu. Janus Daði Smárason, Ómar Ingi Magnússon og Arnar Freyr Arnarsson eiga nú tvö stórmót að baki. Framfarirnar sem þeir hafa sýnt milli þeirra mættu vera meiri en tíminn er með þeim í liði.

Geir ber líka að hrósa fyrir að hafa gert alvöru landsliðsmann úr Ólafi Guðmundssyni. Hafnfirðingurinn hefur verið í landsliðinu síðan 2010 en aldrei í stóru hlutverki fyrr en Geir tók við. Ólafur átti erfitt uppdráttar á HM en var besti leikmaður Íslands á EM. Tölurnar tala sínu máli. Ólafur var markahæstur í íslenska liðinu á EM ásamt Guðjóni Val Sigurðssyni með 14 mörk. Skotnýtingin var 53,8%, miðað við 38,9% á HM, og Ólafur tapaði aðeins einum bolta í leikjunum þremur á EM en 2,8 í meðaltali í leik á HM. Þá er hann í lykilhlutverki í varnarleik Íslands.

### Hvar var Gísli Þorgeir?

Það vekur þó furðu hversu fá tækifæri okkar besti ungi leikmaður og einn efnilegasti leikmaður heims, Gísli Þorgeir Kristjánsson, hefur fengið í stjórnartíð Geirs. Strákurinn hefur aðeins komið við sögu í einum landsleik og var ekki í EM-hópnum. Gísli er aðeins 18 ára en það er nógu mikið í hann spunnið til að stórlið Kiel semdi við hann. Það eru góð meðmæli. Hafnfirðingurinn hefði átt að fara með til Króatíu, þó ekki væri nema sem sautjándi maður.

Næsta stóra verkefni íslenska landsliðsins eru umspilsleikir um sæti á HM 2019 í Danmörku og Þýskalandi. Sem betur fer verður Ísland í efri styrkleikaflokki þegar dregið verður í umspilið. Stóra spurningin er hver verður við stjórnvölinn þá. Fær Geir nýjan samning eða verður nýr maður fenginn? Það er hausverkur HSÍ. ingvithor@frettabladid.is

# Markvarslan eins og svart og hvítt milli hálfleikja á Evrópumótinu

**HANDBOLTI** Mikill munur var á frammistöðu íslensku markvarðanna á milli hálfleikja á EM 2018 í Króatíu.

Björgvin Páll Gústavsson, sem stóð nánast allan tímann í marki Íslands á EM, varði vel í fyrri hálfleik en í þeim seinni var lítið um markvörslu.

Björgvin Páll varði alls 26 skot í fyrri hálfleik í leikjunum þremur á EM, eða 43% þeirra skota sem hann fékk á sig, samkvæmt tölfræðiveitunni HBStatz. Björgvin Páll var sérstaklega öflugur í fyrri hálfleik á móti Svíum og Serbum. Gegn Svíþjóð varði hann 11 skot (58%) og gegn Serbíu 10 skot (46%). Fyrri hálfleikurinn gegn Króatíu var sá lakasti hjá Björgvini Páli en hann varði samt fjórum skotum meira en króatísku markverðirnir.

Björgvin Páll hélt ekki sama dampi eftir hlé. Hann varði aðeins samtals níu skot í seinni hálfleik í leikjunum þremur. Ágúst Elí Björgvinsson kom inn á gegn Króötum og varði eitt þeirra sex skota sem hann fékk á sig. Samtals vörðu íslensku markverðirnir aðeins 10 skot í seinni hálfleik á EM, eða 17% þeirra skota sem þeir fengu á sig. Hlutfallsmarkvarslan fór því niður um 26% sem er ansi sláandi tölfræði.

Markvarsla Íslands var örlítið betri en á síðasta stórmóti. Á HM 2017 vörðu íslensku markverðirnir 11 skot að meðaltali í leik á móti 12 á EM 2018. Hlutfallsmarkvarslan var 31% í ár en 30% í fyrra. **– iþs**

### Markvarsla Íslands milli hálfleikja á EM 2018

| Ísland – Svíþjóð | | Ísland – Króatía | | Ísland – Serbía | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fyrri | Seinni | Fyrri | Seinni | Fyrri | Seinni |
| 11 (58%) | 4 (20%) | 5 (26%) | 3 (17%) | 10 (46%) | 3 (15%) |

**Samtals í fyrri hálfleik:** 26 (43%) **Samtals í seinni hálfleik:** 10 (17%)



# Zidane hvetur Ronaldo að vera áfram hjá Real

**FÓTBOLTI** Spænskir fjölmiðlar hafa verið duglegir að birta fréttir af meintu ósætti Cristianos Ronaldo við forseta Real Madrid, Florentino Perez, vegna launa.

Ronaldo skrifaði undir samning í nóvember 2016 en hann vill fá myndarlega kauphækkun sem myndi koma honum á sama eða svipaðan pall og Lionel Messi og Neymar. Hafa spænskir fjölmiðlar sagt að fái Ronaldo ekki launahækkun þá fari hann frá félaginu.

Þjálfari Real Madrid, Zinedine Zidane, sagði á blaðamannafundi í gær að Ronaldo væri á þeim stað þar sem hann ætti heima og hann væri hvorki að fara eitt né neitt. „Þetta er hans félag og hann er á þeim stað sem hann á að vera á. Við vitum hvað utanaðkomandi eru að segja en hann er ekki mikið að velta því fyrir sér.“

Sagt er að Ronaldo vilji 40 milljónir dollara á ári eða um fjóra milljarða. **– bb**



**Cristiano Ronaldo er sagður óánægður með launin sín.**

# Rándýrt að fara á völlinn í Englandi

**FÓTBOLTI** Það kostar um 40 prósentum meira að sjá leiki á Englandi en í öðrum deildum Evrópu samkvæmt nýrri skýrslu UEFA sem byggð er á rekstrarárinu 2016 sem kom út í gær.

Að meðaltali kostaði miðinn í ensku úrvalsdeildinni 44,50 pund eða um sex þúsund krónur. Spánn var með næstdýrasta miðann en þar kostaði hann 31 pund, 29 pund í Þýskalandi og um 20 pund á Ítalíu eða 2.800 krónur. Miðinn á Íslandi kostar 2.000 krónur.

Í skýrslunni kemur fram að íslensk félög fái aðeins fimm prósent tekna sinna með sjónvarpssamningi en ensk félög fá 46 prósent tekna sinna í gegnum sjónvarpssamning og fengu 113 milljónir punda árið 2016. **– bb**



**Það kostar um sex þúsund að sjá Gylfa Sigurðsson.**






Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**Dóra Bergþórsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 8. janúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Kærar þakkir eru færðar starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sóltúns og starfsfólki HNE deildar Landspítalans fyrir góða umönnun.

**Hallfríður Konráðsdóttir**
**Bergþór Konráðsson** **Hildur Björg Halldórsdóttir**
**Anna Sverrisdóttir**
**Ásgerður Sverrisdóttir** **Steinn Auðunn Jónsson**



Okkar ástkæri

**Guðmundur Fr. Vigfússon**

bóndi og bílstjóri,
frá Bólstað í Ásahreppi,

lést á hjúkrunarheimilinu Lundi á Hellu föstudaginn 12. janúar. Útför hans verður gerð frá Selfosskirkju laugardaginn 20. janúar klukkan 11.

**Klara Andrésdóttir**
**Vigfús A. Guðmundsson** **Helga Guðmundsdóttir**
**Andrés Guðmundsson** **Hulda Helgadóttir**
**Grétar H. Guðmundsson** **Kristín Hreinsdóttir**
**Marteinn Guðmundsson**



Eiginmaður, faðir og bróðir,

**Jón Steinar Guðmundsson**

f. 31. desember 1947,

lést 9. janúar 2017 í Þrándheimi. Útför verður frá Svanholm 19. janúar kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið eða Svanholm.no

**Rigmor K. Guðmundsson**
**Guðmundur Steinar**
**Magnús Ari** **Ina Terese**
**Gunnar Sverrir**
**María Helga** **Jón Reynir**
**Anna Sigríður**
**Kine og aðrir aðstandendur.**



Ástkær systir okkar,

**Halla Jónsdóttir**

tanntæknir,
Garðabraut 10, Akranesi,

lést á heimili sínu föstudaginn 12. janúar.

Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 19. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á dvalarheimilið Höfða á Akranesi.

**F.h. aðstandenda,**
**Kristrún Jónsdóttir**
**Ingibjörg Jóna Jónsdóttir**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ólafur Sigurþórsson**

Króktúni 18, Hvolsvelli,

andaðist á heimili sínu þann 4. janúar. Hann verður jarðsunginn frá Stóra-Dalskirkju laugardaginn 20. janúar kl. 14.00.

**Ágúst Þ. Ólafsson** **Þórunn Harðardóttir**
**Anný S. Ólafsdóttir** **Robert Lorenc**
**Sigríður L. Ólafsdóttir** **Benedikt Sveinbjörnsson**
**Vigdís H. Ólafsdóttir**
**Ólafur E. Ólafsson** **Hrund Guðmundsdóttir**
**Anný H. Hermansen** **Kolbeinn Hreinsson**
**Sveinbjörn, Sigurður, Benedikt, Kristján, Auður, Díana, Sandra, Ísabella, Sindri, Kolbeinn, Kristín og Benedikt Leví**

# Sólrisuhátíðinni fagnað

**Sólrisuhátíðinni verður fagnað í Norræna félaginu í Reykjavík í kvöld. Hátíðin var til forna áramótahátíð og markaði upphaf nýs árs. Ýmsir fornir siðir lifa enn þann dag í dag.**

Ég er að fara að tala um jólasiði til forna, þá sem tíðkuðust mögulega í heiðni og sömuleiðis í Skotlandi meðal Kelta,“ segir Vilborg Davíðsdóttir, rithöfundur og þjóðfræðingur, en hún er ein þeirra sem munu halda erindi á Sólrisuhátíð Norræna félagins í Reykjavík í kvöld klukkan 20 í húsakynnum Norræna félagsins að Óðinsgötu 7. Einnig mun Þorvaldur Friðriksson, fréttamaður og fornleifafræðingur, tala og Ana Stanicevic, Norðurlandafræðingur og nýr stjórnarmaður í Norræna félaginu, vera með skosk/íslenskan ljóðagjörning til að fagna sólrisunni.

„Sólrisuhátíðin eða sólhvörfin eru á þessum forna tíma áramótahátíð. Til að mynda segir Snorri Sturluson að á þeim tíma miðvetrar, hafi menn blótað til gróðrar, frjósemisblót – við vitum auðvitað afskaplega lítið um þetta nema það sem er hægt að leggja saman í brotakenndum heimildum um blótin sjálf. Jólnir er eitt af 170 nöfnum Óðins, kannski hefur hann verið blótaður um jólin. Ég er ekki að ýkja þegar ég segi 170 nöfn – þetta er þannig, hann hefur ákaflega mörg nöfn.“ Vilborg segir þessa miklu hátíð, sem enn eimir eftir af á Íslandi þó að hin kristnu jól hafi að mestu tekið yfir, lifa góðu lífi í Skotlandi.

„Í Skotlandi er alls kyns þjóðtrú sem tengist þessum tíma. Í Skotlandi heita áramótin reyndar Hogmanay og þetta er miklu meiri hátíð, og hefur alltaf verið, en jólin. Þar tengist alls konar þjóðtrú því að það þarf að fara afar varlega þegar farið er inn í nýja árið, það þarf að gá vel að sér og það þynnist hulan á milli heima og hægt er að sjá fram í tímann.

Einn skoskur siður, sem er svolítið kostulegur, er að það er sérstök trú fest við það hvaða gestur kemur fyrstur yfir þröskuldinn hjá þér á nýja árinu. Hann er talinn fyrirboði um hvernig árið verður hjá þér. Þá er best að fá dökkhærðan, hávaxinn karlmann. Þetta er kallað The First-foot. Ef það vill svo ógæfulega til að rauðhærð kona kemur fyrst yfir þröskuldinn á nýársnótt þá er ekki von á góðu. Svo er auðvitað skálað í viskíi og gesturinn verður að koma með viskíflösku með sér. Það var á öldum áður afskaplega vinsælt að tryggja sér það að það kæmi örugglega dökkhærður karlmaður í heimsókn.“

Sumt af þessu hljómar dálítið eins og þrettándinn hér heima ekki satt?

„Jú, það er nákvæmlega sama trúin. Öll þessi trú um að kýrnar geti talað á nýársnótt eða á þrettándanum og fleira er einmitt angi af þessu sama – yfirnáttúrleg öfl taka völdin og við verðum að fara varlega.“

**stefanthor@frettabladid.is**



**Vilborg Davíðsdóttir hefur ýmislegt um sólrisuhátíðina að segja, og mun gera það í húsakynnum Norræna félagsins í Reykjavík í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Elsku vinur minn, faðir og tengdafaðir,

**Eyjólfur Kolbeins**

cand. mag.,

er látinn.
Útförin hefur farið fram.

**Ragnhildur Lára Hannesdóttir**
**Ingibjörg Kolbeins**
**Ómar Sævar Harðarson**



Ástkær bróðir okkar og mágur,

**Sveinn Viðarsson**

lést 5. janúar síðastliðinn. Minningarathöfn verður haldin föstudaginn 19. janúar í Ríkissal votta Jehóva, Hraunbæ 113, Reykjavík, kl. 14.

**Bjarney Viðarsdóttir**
**Steinunn Viðarsdóttir** **Pétur Valsson**
**Jón Þór Viðarsson** **Erna Friðriksdóttir**
**Hilmar Viðarsson** **Kerstin Viðarsson**



Ég þakka öllum þeim sem heiðruðu minningu eiginkonu minnar,

**Elísabetar Guttormsdóttur**

frá Hallormsstað,

sem lést 14. desember sl. og var jarðsett 4. janúar. Þá þakka ég öllum þeim sem lögðu okkur lið í veikindum hennar.

**Páll Skúlason**



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vinarþel og ómetanlega hjálp vegna andláts og útfarar okkar elskulegu Veigu,

**Sigurveigar Mjallar Tómasdóttur**

Laugarvatni.

**Tómas Tryggvason** **Þórdís Pálmadóttir**
**Stefán Örn Óskarsson**
**Heiða Björg Tómasdóttir** **Michele Rebora og börn**
**Dagný Tómasdóttir** **Þórður Ármannsson og börn**



Þökkum auðsýnda samúð og vinsemd við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Gauju Guðrúnar Magnúsdóttur**

**Magnús J. Kjartansson** **Sigríður K. Oddsdóttir**
**Finnbogi G. Kjartansson** **Þuríður Hallgrímsdóttir**
**Sigrún Kjartansdóttir** **Bjarni Jóh. Guðmundsson**
**Ingvi Jón Kjartansson** **Erna Ólafsdóttir**
**Kjartan Már Kjartansson** **Jónína Guðjónsdóttir**
**Viktor Borgar Kjartansson** **Margrethe Ödegaard**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

THULE® SWEDEN

# Skíða- og snjóbrettabogar

**Fást í verslun okkar að Bíldshöfða 10**




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ÚTSALAN ER LÍKA Í VEFVERSLUN

# ÚTSAL

LÝKUR UM HELGINA • LÝKUR UM HE



25% afsláttur

damixa

**11.471kr**
~~15.295kr~~

**Eldhústæki Pine**
Með hárri sveiflu.
8000032



25% afsláttur

LAUFEN

**14.910kr**
~~19.880kr~~

**Veggskál**
Salernið er án skolrandar.
Seta seld sér.
7920304



25% afsláttur

damixa

**8.696kr**
~~11.595kr~~

**Handlaugartæki**
Jupiter.
8000033




25% afsláttur

JOTUN

**6.487kr**
~~8.649kr~~

**Lady Vegg 10, 3 ltr.**
Hágæða innanhúss veggmálning í gljástigi 10%.
7122223



Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
af stórum heimilistækjum

Electrolux

**54.990kr**
~~64.990kr~~

**Þurrkari**
Barkalaus með rakaskynjara. Tekur 7 kg, snýr í báðar áttir, fjórtán þurrkkerfi. Tromla 108 ltr., krumpuvörn, kæling. Orkunýting C, hljóðstyrkur 64 dB. Stærð: H: 85 x B: 60 x D: 60 cm.
1860171



**3.182kr**
~~4.895kr~~

**Áltrappa**
3 þrepa.
5078775

35% afsláttur




30% afsláttur

HITACHI
Inspire the Next

4 rafhlöður | Útvarp | Ljós

**22.995kr**
~~32.995kr~~

**Borvélasett 10,8V DS10DAL**
4 rafhlöður, ljós og útvarp. Hersla 35Nm.
5246791

Byggjum á betra verði



# Á HUSA.IS

# LA

# ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR



ELGINA • LÝKUR UM HELGINA • LÝKUR UM HELGINA • LÝKUR UM HELGINA

## FJÖLDI VÖRUFLOKKA OG MÖRG ÞÚSUND VÖRUR

FLÍSAR 25% • PARKET 20-45% • SMÁRAFTÆKI (ELECTROLUX) 30% • HÁFAR 30%
BLÖNDUNARTÆKI (ELDHÚS OG BAÐ) 25-40% • HANDRYKSUGUR (ELECTROLUX) 20% • RYKSUGUR (ELECTROLUX) 25%
HELLUBORÐ 25-30% • RAFMAGNSVERKFÆRI 20% • MOTTUR OG DREGLAR 30% • HANDVERKFÆRI 20-30%
VERKFÆRATÖSKUR 20-40% • BLACK+DECKER VERKFÆRI 30% • HÁÞRÝSTIDÆLUR (NILFISK) 20%
MÁLNING OG LÖKK 25% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR 20% • HILLUREKKAR (AVASCO) 20% • VINNUFATNAÐUR 25%
BÚSÁHÖLD 25% • PLASTKASSAR 30% • ÚTIVISTARFATNAÐUR 25-40% • GJAFAVARA 25% • JÓLAVÖRUR 40%
VALDAR POTTAPLÖNTUR 40% • JELD-WEN INNIHURÐIR 20% ...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!

**45% afsláttur**

KAINDL

**1.250kr/m²**

~~2.289~~kr/m²

**Harðparket**
8 mm, eikarplanki, bandsagað.
147071

**26% afsláttur**

KAINDL

**1.512kr/m²**

~~2.057~~kr/m²

**Harðparket**
8 mm, Hemlock Ohio, fasað.
147074

**20% afsláttur**

KAINDL

**2.392kr/m²**

~~2.990~~kr/m²

**Harðparket**
10 mm, Hemlock Roswell, fasað.
147046



**35% afsláttur**

BLACK&DECKER

**10.995kr**

~~16.995~~kr

**Fjölnotavél**
300W, sagar og pússar.
Fjöldi fylgihluta.
5245980



**32% afsláttur**

**29.995kr**

~~43.995~~kr

**Hleðsluborvél 18V + 100 fylgihlutir**
2 stk., 1.5Ah rafhlaða, hersla 52Nm.
Led ljós 0-450/1250 sn./mín., 2ja gíra. Þyngd 1,7 kg.
5246782



**33% afsláttur**

BLACK&DECKER

**5.995kr**

~~8.995~~kr

**Höggborvél**
500W, 13 mm patróna.
5245599

**Byggjum á betra verði**

SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Í VEFVERSLUN HUSA.IS

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og tilboðsvörum - Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Hægt vaxandi norðaustanátt í dag, 5-13 m/s síðdegis. Snjókoma með köflum fyrir austan, dálítil él norðan til, en annars skýjað með köflum og él á stöku stað. Svalt í veðri og frost yfirleitt 0 til 8 stig, svalast í innsveitum.










**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 8 | 1 | 5 | | | | 9 |
| | 6 | 9 | | | | 5 | | |
| | 2 | | | 3 | | | 7 | |
| | | 6 | 5 | | | 8 | 9 | |
| | | | | 9 | | 6 | | |
| | 1 | 4 | 7 | 8 | | | | 5 |
| | 9 | | | 1 | | | | 6 |
| | | 3 | | | | | | |
| 5 | | | 8 | | 4 | | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 2 | | |
| | | | | | | | | |
| | 9 | 4 | | 2 | 3 | 5 | | |
| | 8 | | 6 | | 9 | | | 1 |
| 5 | 7 | 6 | | | 1 | 9 | | |
| | | 2 | | 8 | 4 | | | 5 |
| | | | 3 | 1 | | | 7 | 2 |
| 7 | | | | 4 | | | | |
| | | 5 | | 7 | 6 | 3 | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 8 | | | | | |
| 5 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| | 3 | 7 | 4 | | | 8 | 1 | |
| | | | | 5 | | | | 8 |
| | 7 | | 9 | | 1 | | | 4 |
| | | 3 | | | | | 9 | 2 |
| | | | 5 | | | 3 | 6 | |
| | | | | | | | | 9 |
| 8 | | 1 | | | 9 | | 2 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. snúa
5. samtök
6. íþróttafélag
8. amlóði
10. ekki
11. samræða
12. þvaður
13. ríki í arabíu
15. nálægð
17. flugfar

**LÓÐRÉTT**
1. smyrsl
2. tré
3. tala
4. afhending
7. draumsjón
9. lag
12. dansleikur
14. rangl
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | 9 | | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** venda, **5.** asi, **6.** fh, **8.** skussi, **10.** ei, **11.** tal, **12.** bull, **13.** íran, **15.** nálgun, **17.** flaug.
**LÓÐRÉTT: 1.** vaselin, **2.** eski, **3.** níu, **4.** afsal, **7.** hilling, **9.** stunga, **12.** ball, **14.** ráf, **16.** uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Peter Svidler (2.768) átti leik gegn Hou Yifan (2.680) á ofurskákmótinu í Sjávarvík í Hollandi í gær.

**Hvítur á leik**

Hér hefði Svidler geta leikið **22. Rc8! He6 23. Rg5!** og skiptamunur fellur vegna hótunarinnar **24. Rb6.** Riddararnir sterkir. Svidler yfirsást hins vegar þetta og lék **23. Hb1** en vann þó um síðir. Anand, Giri og Mamedyarov eru efstir eftir 5 umferðir.

**www.skak.is:** Skákhátíð MótX.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 | 7 | 2 | 3 |
| 2 | 5 | 6 | 7 | 9 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 4 |
| 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 1 | 5 | 3 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 5 | 3 | 1 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 1 | 8 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 | 4 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 7 | 9 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 9 | 7 | 3 |
| 7 | 1 | 9 | 6 | 2 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 4 | 2 | 7 | 6 | 5 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 5 | 6 | 8 | 4 |
| 4 | 5 | 6 | 8 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 1 | 8 | 3 | 4 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 |
| 5 | 4 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 | 7 | 9 |
| 8 | 7 | 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 6 | 3 | 2 | 4 | 8 | 1 | 9 | 5 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman











ALLT FYRIR BÓNDADAGINN
BLÖÐRUR MIKIÐ ÚRVAL 399 KR. STK.
BLÓMVENDIR Í MIKLU ÚRVALI VERÐ FRÁ 999 KR. STK.
NORÐLENSKA NAUTA RIB-EYE 5999 KR. KG.
TULIP PULLED PORK 1499 KR. STK. 550 G
FJALLALAMB LAMBALÆRI KRYDDAÐ 1699 KR. KG.
KJARNAFÆÐI NAUTALUND 6999 KR. KG.
SS NAUTA-PIPARSTEIK SÆLKERASTEIK 2999 KR. KG.
SS LAMBAFILE MEÐ FITU 3999 KR. KG.
ANDABRINGUR FROSNAR 2499 KR. KG.
GOTT Í KROPPINN HUMARSÚPA 1199 KR. STK. 870 ML
ICELAND SALTED CARAMEL CHEESECAKE 999 KR. STK.
ICELAND LUXURY SALTED FUDGE 399 KR. PK.
ICELAND VERY BERRY CHEESECAKE 399 KR. PK.
ICELAND LUXURY BELGIAN CHOC. PUDDING 499 KR. PK.
KATHY CHOCOLATE PRALINES 599 KR. PK. 250 G
KATHY CHOCOLATE PRALINES 999 KR. PK. 500 G
OPIÐ 24 TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

# MENNING

# Titillinn fenginn úr fyrirbærafræði í heimspeki

**Holdleg náttúra er leiðarstef sýningarinnar Líkamleiki sem nítján listamenn eiga verk á og verður opnuð í Gerðarsafni í Kópavogi á morgun, föstudag. Brynja Sveinsdóttir er sýningarstjóri.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Sýningin Líkamleiki sem opnuð verður í Gerðarsafni annað kvöld er hugleiðing um líkamann eins og hann birtist í samtímalist, að sögn Brynju Sveinsdóttur sýningarstjóra. Hún tekur á móti blaðamanni og gerir sitt besta til að útskýra það sem fyrir augu ber, enda er það hún sem hefur valið verkin og þau eru eftir nítján listamenn.

„Þetta er stærsta sýningin sem ég hef sett upp og verið sýningarstjóri að svo hún er á ákveðinn hátt frumraun,“ segir Brynja brosandi og upplýsir að hún sé verkefnastjóri safneignar og miðlunar í Gerðarsafni en bakgrunnur hennar sé sýningarstjórn. Það fag hafi hún lært í Stokkhólmi og útskrifast 2014.

Við byrjum á að ganga til vinstri inn í stóra salinn og líta yfir hann. Til hægri á veggnum verða fyrst fyrir ljósmyndaverk eftir Roni Horn og gegnt þeim í salnum sést Sigurður Guðmundsson listamaður á vídeói strjúka með hægum hreyfingum ýmist yfir blómkálshöfuð, sem er á borði fyrir framan hann, eða sitt eigið. Í myndröð á stafninum virðist kjöt í ýmsu formi hafa runnið saman við íslenskt grjót. Sú er eftir Claire Paugam.

Brynja segir titil sýningarinnar, Líkamleiki, fenginn að láni úr fyrirbærafræði, sem er grein innan heimspeki, þar er gerð tilraun til að endurheimta einlæg tengsl mannsins við heiminn. Aðspurð kveðst hún eiga mikið grúsk að baki við að velja verkin sem fallið geti að þemanu og óhætt er að segja að fjölbreytnin sé þar í fyrirrúmi.

Sýningin er hluti af Ljósmyndahátíð Íslands enda er unnið út frá ljósmyndinni sem listmiðli. Samt eru þar líka vídeóverk, skúlptúrar og gjörningar og möguleikar ljósmyndarinnar þandir til að gefa hlutum nýja merkingu og fagurfræðilegt gildi. Vídeóverkin má vissulega líta á sem lifandi ljósmyndir, bendir Brynja á.



Brynja með brot úr seríunni Endurtekin tilraun til að nálgast rabarbara á bak við sig. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Hinum megin brúarinnar komum við að þremur myndum eftir Báru Kristinsdóttur. „Hún myndaði nánasta umhverfi bróður síns, stuttu eftir andlát hans, 2006,“ upplýsir Brynja. Þar er meðal annars mynd af stólaröð sem manneskjurnar vantar í, svo þar er snúið upp á þemað.

Í öðrum enda salarins er röð litríkra verka sem Elín Hansdóttir vann upp úr vídeói og sýnir slæðudansara sem virðist leysast upp í hreyfiorku, manneskjan er horfin inn í hreyfinguna. Haraldur Jónsson á aðra seríu þar nærri sem nefnist Litrof, þar líta ljósmyndir út eins og þrívíðar lágmyndir.

Á vídeói er óbrennd leirbrúða í nuddi, þar er sannarlega unnið með áþreifanleikann. „Þessi hefur pantað heilnudd,“ segir Brynja sposk, „og svo sannarlega fær hún það því smám saman nuddast af líkamanum enda er leirinn mjúkur.“

Einnig stöldrum við við myndaseríu Unu Margrétar Árnadóttur sem nefnist Endurtekin tilraun til að nálgast rabarbara og sýnir manneskju á hlaupum í gróðursælli brekku. Hún hefur stillt myndavélina á tíma og ætlar að komast í rabarbarabreiðu sem er innan seilingar en vélin smellir alltaf af áður en rabarbaranum er náð.

Út við dyr standa tveir pokar vörð á einni myndinni sem tekin er í London. Þeir hafa viss líkamleg form og verða eins og manneskjur á götuhorni. En við Hanna ljósmyndari tefjum Brynju ekki frekar heldur yfirgefum safnið og fetum okkur í bílinn.

Sýningin Líkamleiki verður opnuð annað kvöld, föstudag, klukkan 20.

## Listamenn á Líkamleika í Gerðarsafni

**Bára Kristinsdóttir, Claire Paugam, Eirún Sigurðardóttir, Elín Hansdóttir, Eva Ísleifsdóttir, Guðrún Benónýsdóttir, Haraldur Jónsson, Shoplifter / Hrafnhildur Arnardóttir, Hrafnkell Sigurðsson, Hreinn Friðfinnsson, Katrín Elvarsdóttir, Klængur Gunnarsson, Margrét Bjarnadóttir, Roni Horn, Sigurður Guðmundsson, Steina, Una Margrét Árnadóttir, Örn Alexander Ámundason.**

# Í hrömmum harmsins

**LEIKHÚS**

**Medea**

★★★★☆

**Evrípídes**

**Borgarleikhúsið**

**Leikstjórn:** Harpa Arnardóttir
**Þýðing og leikgerð:** Hrafnhildur Hagalín í samvinnu við Hörpu Arnardóttur
**Leikarar:** Kristín Þóra Haraldsdóttir, Hjörtur Jóhann Jónsson, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Jóhann Sigurðarson, Arnar Dan Kristjánsson, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, Lydía Katrín Steinarsdóttir og Hilmar Máni Magnússon
**Leikmynd og búningar:** Filippía I. Elísdóttir
**Dramatúrg:** Hrafnhildur Hagalín
**Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson
**Tónlist:** Valgeir Sigurðsson
**Danshöfundur:** Lovísa Ósk Gunnarsdóttir
**Hljóð:** Garðar Borgþórsson

Örlögin eru grimm en mannanna verk eru það líka og jafnvel verri. Í Medeu, eftir gríska leikskáldið Evrípídes, eru dimmustu afkimar manneskjunnar rannsakaðir og þess krafist að áhorfendur taki afstöðu. Eftir þriggja vikna seinkun og leikaraskipti var Medea frumsýnd nú á laugardaginn á Nýja sviði Borgarleikhússins en rýminu hefur verið umturnað í kringum sýninguna.

Harpa Arnardóttir er þekkt fyrir tilraunakennd efnistök. Hún hikar ekki við að brjóta upp flæði sýningarinnar, leyfa þögnum að njóta sín og nálgast framsetninguna eins og innsetningu í myndlistargalleríi. Ekkert hlé er á sýningunni enda er leikhópurinn að fremja eins konar gjörning særðan upp úr brostnum hjörtum. Táknmyndirnar rísa hver af annarri upp úr rústum og röstum. Samstarf Hörpu og Hrafnhildar Hagalín hefur verið gjöfult í gegnum tíðina og hér heldur samstarfið góða áfram. Þýðing Hrafnhildar á verkinu er lipur, ljóðræn og taktföst án þess að vera of formleg. Þó að þær gefi Jason síðasta orðið er atriðið umvafið dulúð og kastar fram fleiri spurningum en það svarar.

Lykillinn að leikverkinu er að koma áhorfendum í skilning um að flóttakonunni Medeu séu allar bjargir bannaðar og þó að hún fremji hina verstu höfuðsynd þá á hún engra annarra kosta völ. Slíkt er einungis á færi allra bestu leik-



kvenna enda hlutverkið gríðarlega krefjandi en Kristín Þóra hefur á síðustu misserum sýnt að hún hefur allt sem þarf. Kjarni verksins er hún og hann er kraftmikill, næmur og átakanlegur.

Hjörtur Jóhann leikur Jason af mikilli sannfæringu, mann sem er svo viss um sjálfan sig að honum þykir fórnarkostnaður fyrrverandi konu sinnar fullkomlega eðlilegur í samhengi hlutanna. Uppgötvun Jasonar er umvafin þögn og trega sem Hjörtur Jóhann skilar afskaplega vel. En raddbeitingin er ójöfn og óþarflega leikræn á köflum. Edda Björg leikur fóstru Medeu, konu sem hefur fylgt henni alla tíð en er í raun ekkert nema þræll sem horfir á hegðun yfirstéttarinnar með skelfingu. Einræður hennar ramma verkið inn og þrátt fyrir hikandi byrjun, þá vex henni ásmegin í sýningunni.

Jóhann Sigurðarson ber af í raddvinnu sinni, eins og honum einum er lagið. Kraftur hans er ótvíræður og áhrifamikill þó að söngatriðin standi upp úr. Arnar Dan nær ekki að stimpla sig nægilega vel inn í verkið en það er jákvætt að sjá ungan leikara fá tækifæri í slíkri sýningu. Lovísa Ósk semur dansinn og tekur virkan þátt í sýningunni sem bæði leikari og dansari. Dauðasena yfirstéttarmeyjarinnar var með bestu senum sýningarinnar.

Um leikmynd og búninga sér Filippía I. Elísdóttir en leikmyndin er sérlega eftirminnileg, eins og sýningarpallur fyrir örlögin. Búningarnir eru þó helst til fyrirferðarmiklir fyrir leikarana sem og sumar hárkollurnar, sérstaklega þegar vatnið byrjar að streyma upp úr sviðinu. Tónlist sýningarinnar, samin af Valgeiri Sigurðssyni, er einkar vel heppnuð, þó að söngur einstaka leikara eigi aðeins eftir að slípast til, og skrúfuð alveg í botn í bland við flotta hljóðvinnu Garðars Borgþórssonar. Drunur hafsins óma undir ljúfum söng Stúlknakórs Reykjavíkur og Aurora og slá ákaft á hjartastrengina. Að sama skapi er ljósameistarinn Björn Bergsteinn Guðmundsson alveg í essinu sínu á Nýja sviðinu. Skær lýsing frá ljóskösturum sker sviðið upp og varpar köldu ljósi á orð persónanna sem þar dvelja.

Á verstu stundum eru börn fórnarlömb í heimi sem fullorðnir og jafnvel foreldrar þeirra hafa smíðað. Þau fleyta vonum sínum líkt og pappírsbát á ölgusjó sem hinir fullorðnu kveikja síðan í. Að sama skapi hafa konur þurft að lúta regluverki feðraveldisins í árþúsund. Afleiðingarnar geta verið skelfingin ein. Kristín Þóra leiðir þennan leikhóp af einbeittum styrk og sýningin á bara eftir að verða betri. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Myndrænn harmleikur fyrir okkar tíma.

*Myllu heilkornabrauð*

# LÍFSKORN

*Lífskorn færir þér máltíð af akrinum*

## Nýtt!




*Lífskorn Myllunnar uppfyllir öll skilyrði Skráargatsins sem einungis hlotnast hollustu vörunum í sínum flokki.*

- **NÝTT** Með íslensku byggi og spíruðum rúgi
- Með tröllahöfrum og chia-fræjum
- Með sólblómafræjum og hörfræjum
- Úr rúgi og heilkorna heilhveiti

# Lífskornið er fræsafn þitt og heilsurækt

## -Lífskorn færir þér hollustu og orku fyrir heilsuræktina

Nýtt Lífskorn úr íslensku byggi og spíruðum rúgi er góð hugmynd að vellíðan og hluti af heilsurækt þinni. Bygg inniheldur hið góða betaglúkan. Lestu meira um jákvæð áhrif byggs á myllan.is

Lífskorn er trefjagjafi þinn – fræsafn þitt og heilsurækt – hefur hátt hlutfall heilkorns, með lágt fituhlutfall og inniheldur lítið af salti.

Þú finnur plöntuefni, prótein og kolvetni heilkornsins í Lífskorni og undirbýrð þig þannig fyrir heilsuræktina. Lífskorn færir þér hollustu og orku fyrir heilsuræktina.

Safnaðu góðri orku, fáðu þér Lífskorn í dag.
Lífskorn færir þér máltíð af akrinum.




***Ræktaðu huga og líkama***
***- fáðu þér Lífskorn heilkornabrauð frá Myllunni***



Myndin sýnir innihald Lífskornabrauðs úr rúgi og heilkorna heilhveiti

**Skoðaðu myllan.is**

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

# Þetta er beint úr æð frá fólkinu í þessum samfélögum


Rúnar Helgi segir að safnið sé heilt hlaðborð kræsinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Smásögur heimsins, Rómanska-Ameríka er annað bindi smásagnasafns sem er ætlað að gefa fólki sýn á ólíka menningarheima. Önnur sýn en úr sagnfræðinni.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Þjóðsögur, goðsögur, ævintýri og dæmisögur, allt eru þetta forverar smásögunnar og stundum sér maður einhverjar leifar af þessu inni í nútíma smásögunni," segir Rúnar Helgi Vignisson, bókmenntafræðingur og rithöfundur, sem ásamt Kristínu Guðrúnu Jónsdóttur og Jóni Karli Helgasyni annaðist útgáfu á Smásögur heimsins, Rómanska-Ameríka. Verkið er 2. bindi af Smásögum heimsins en Norður-Ameríka var fyrsta álfan sem kom út í ritröðinni.

Rúnar Helgi segir að það hafi svo gerst um miðja nítjándu öld að menn hafi farið að losa sig frá ýmsum einkennum þessara forma, svo sem að sögupersónurnar væru allt að því guðlegar og mannbætandi boðskapur í sögunum. „Á þessum tíma fóru menn út í þær fagurfræðilegu pælingar sem við þekkjum í nútíma smásögunni."

### Staður smælingjans

Það er stundum haft á orði að eitt af einkennum nútíma smásögunnar sé að í henni sé tekist á við stórar stundir í lífi sögupersónunnar. Rúnar Helgi tekur undir þetta og bendir á að það sé oft talað um að smásagan fjalli um eitthvað eitt. „Þetta er auðvitað ekki algilt, en oft er þetta ein aðalpersóna og einn stór atburður sem gjarnan breytir sýn aðalpersónunnar á sjálfa sig og heiminn. Þetta eru svona hugljómunaraugnablik. Þetta getur t.d. verið þannig að persónan standi frammi fyrir einhvers konar vali og þurfi að velja leiðina, stundum lýkur sögunni þar án þess að okkur sé sagt meira. Svo er gjarnan talað um að hægt eigi að vera að lesa smásöguna í einni lotu."

**VIÐ REYNUM AÐ ENDURSPEGLA HIN ÝMSU FORM OG VIÐFANGSEFNI SMÁSÖGUNNAR Í ÞESSUM HEIMSHLUTA.**

Rúnar Helgi segir að í smásögunni sé líka algengt að finna sitthvað sem mörg okkar eru að takast á við frá degi til dags. „Smásagan á einhvern veginn mjög vel við smælingjann. Við eigum t.d. okkar Gest Pálsson og í smásögunum hans er smælingjaminnið afar sterkt. Hið sama má segja um söguna Frakkann eftir Gogol, sem er ein af þekktustu smásögum heimsins, en þar önglar fátækur skrifstofumaður saman fyrir frakka, mánuðum ef ekki árum saman, en svo er frakkanum stolið af honum í fyrsta skipti sem hann fer í hann. Þetta er mjög grimmt en sýnir okkur vel að smælinginn skipar grundvallarsess í smásögunni."

### Einkenni heimsálfa

Í ritröðinni eru settar fram smásögur úr hverri heimsálfu fyrir sig og Rúnar Helgi segir að hugmyndin að verkefninu hafi komið fram fyrir um það bil tuttugu árum. „Upphaflega var þetta hugsað sem eitt stórt bindi en svo sýndist okkur að það væri þægilegra að vinna þetta svona auk þess sem það er líka þægilegra fyrir lesandann. Við höfum reynt að gæta þess að bindin séu ekki of þykk þannig að lesandinn rotist ekki ef hann dottar út frá lestrinum," segir Rúnar Helgi léttur og bætir við að næsta bindi gæti reyndar orðið örlítið stærra en tvö fyrstu þar sem þau ætla að steypa saman Asíu og Eyjaálfu.

En birtast augljóslega í smásagnaforminu menningareinkenni hverrar álfu fyrir sig, er það jafnvel skýrara en í skáldsögunni? „Ég vil nú ekki dæma um það hvort það sé skýrara í smásögunni. En mér finnst oft að smásagan taki utan um viðkvæm augnablik í lífi einstaklinga og spegli þannig meginviðfangsefni í sínum löndum eða jafnvel heimsálfum. Það er til dæmis mikill munur á milli Norður- og Suður-Ameríku hvað þetta varðar.

### Spennandi blanda

Viðfangsefnin sem maður sér í Suður-Ameríku, og við lásum nú nægilega mikið af sögum til þess að átta okkur á því, endurspegla klárlega margt af því sem fólk er að fást við í þessum löndum. Það eru herforingjastjórnir, fátækt, staða konunnar og á eyjunum í Karíbahafi er algengt að verið sé að takast á við sambandið við fyrrverandi herraþjóðir. Þetta er oft alveg svakalega nöturlegur veruleiki sem þarna er til umfjöllunar." Kemur þá smælingjaminnið þar sterkt inn? „Já, alveg klárlega. Það er að finna í mörgum sögum, ekki síst þeim sem fjalla um konur, þar eru einstaklingar sem eiga á brattann að sækja."

Rúnar Helgi bendir á að í smásögum Suður-Ameríku komi inn höfundar töfraraunsæisins og þeir eigi líka ákveðnar rætur í þjóðsögum, ævintýrum og goðsögum, forverum smásögunnar. „Mér hefur fundist að Marquez og þessir töfraraunsæishöfundar séu einmitt að hræra ýmsu saman eins og ævintýrum og goðsögum en bæti líka ýmsu við úr frumbyggjaarfinum. Blandi þessu síðan saman við vestræna sagnahefð svo úr verði þetta töfraraunsæi. Þeir sækja reyndar líka til Faulkners sem er ein af fáum augljósum tengingum þarna á milli en hann var alltaf að vinna með hálfgoðsagnakenndan veruleika og var alltaf mjög upptekinn af sambandi fortíðar og nútíðar. Er í raun með það algjörlega á heilanum þar sem fortíðin deyr aldrei fyrir honum, hún er ekki einu sinni liðin."

### Önnur sýn

Aðspurður um hverju lesendur megi búast við af smásögum Rómönsku-Ameríku segir Rúnar Helgi að þau leitist við að færa fólki þennan heim. „Við reynum að endurspegla hin ýmsu form og viðfangsefni smásögunnar í þessum heimshluta. Einnig leggjum við áherslu á að ná sem flestum löndum inn, þau eru ein sautján í þessu bindi, og við pössum upp á fjölbreytni, bæði í viðfangsefnum og formum. Þarna er heilt hlaðborð af margs konar kræsingum."

Rúnar Helgi leggur áherslu á að þarna sé að finna aðra sýn á heimsálfuna en fólk fái með sagnfræðinni sem er eftir á eða fréttamennskunni þar sem hlutirnir eru skoðaðir utan frá. „Þarna fær maður þetta innan úr kvikunni, beint úr æð frá fólkinu sem glímir við þennan veruleika þar og þá. Þannig fær maður aðra sýn á heiminn og miklu persónulegri."

## Þrjú hundruð þúsund lundar í spottum ...

**BÆKUR**
**Kaldakol**

★★★☆☆

**Höfundur:** Þórarinn Leifsson
**Útgefandi:** Mál og menning
**Prentun:** Bookwell Digital Oy, Finnlandi
**Síðufjöldi:** 280
**Kápuhönnun:** Lubbi slf.

Skáldsagan Kaldakol fjallar um óskaplega margt, þar á meðal þýska leikskóla, náttúruvernd, græðgi, náttúruhamfarir, firringu, neðanjarðargöngu, svik, kynlíf og tölvufíkn. Þetta eru aðeins örfá atriði af fjöldamörgum enda söguþráðurinn ansi flókinn. Í byrjun er allt á suðupunkti heima á Íslandi: Til stendur að tæma Ísland algjörlega af Íslendingum á óskiljanlega stuttum tíma og hefur þessi aðgerð verið þaulskipulögð á flóknustu Excel-skjölum sem um getur og inn í þetta sjónarspil flækist uppgjafarithöfundurinn og slagorðasmiðurinn Katla Rán sem jafnframt er aðalpersóna bókarinnar.

Íslenska þjóðin er í einu lagi flutt til Berlínar undir því yfirskini að hræðilegar náttúruhamfarir séu yfirvofandi á Íslandi. Hinn gríðarstóri Tempelhof-flugvöllur hefur verið endurhannaður sem eins konar Míní-Ísland þar sem m.a. er að finna oggulítið Klambratún, eftirlíkingar af heitu pottum Vesturbæjarlaugarinnar og dulitla Hringbraut. Allt þetta er skipulagt að undirlagi fyrirtækisins Kaldakols sem ráðið hefur duglega ímyndarstjóra til að halda þjóðinni ánægðri. Þjóðin situr furðusátt á flugvellinum með gulltryggðar Prins Póló-birgðir og myndirnar sem varpað er upp af flugvellinum eru drepfyndnar, ekki síst þar sem frægustu tónlistarmenn þjóðarinnar sameina lýðinn í brekkulausum brekkusöng og síðan klappar „forsetinn saman lófum fyrir ofan skuplukætt höfuðið og gaf um leið frá sér djúpt búkhljóð sem minnti einna helst á stunu úr iðrum górillu þegar hún þrengir sér inn í maka sinn". (169). Öllu er stjórnað að ofan, bæði innstreymi og útstreymi í Tempelhof-flugvöll, og reistur er gríðarstór múr um völlinn með gægjugötum þar sem sést inn en ekki út, enda telja þeir sem búa utan múra að aðgerðin „algjört Ísland" sé nýstárlegur og gríðarstór listgjörningur.




Kaldakol á sér ýmsar samsvaranir í íslensku nútímasamfélagi sem hlæja má að en það stingur líka undan þeim. Sömuleiðis er deilt á hið kapítalíska samfélag í stærra samhengi og þótt þeim spurningum sem varpað er fram sé ekki endilega svarað opnar bókin fyrir fjölmargar nýjar spurningar. Kaldakol minnir um margt á LoveStar Andra Snæs Magnasonar, bæði hvað varðar hugmyndaauðgi og að leikið er að því sem gæti gerst og verið gert við þjóðina. Það sem gerir Kaldakol öllu óhugnanlegri er að hún gerist hér og nú á meðan LoveStar er framtíðarfantasía.

Fyrir utan skemmtilega fléttu, sem gengur vel upp, er persónugallerííð áhugavert. Framan af er skipt nokkuð ört á milli sjónarhorna en smám saman þrengist sjónarhornið og athyglin beinist að fyrrnefndri Kötlu Rán. Kannski eru persónur sögunnar of margar til að hægt sé að vinna nógu vel með þær en engu að síður er persónusköpunin helsti galli bókarinnar. Það vantar hins vegar ekki að þær eru fantaáhugaverðar, til að mynda stjúpdóttir Kötlu Ránar, Sissú, og uppgjafasöngvarinn Gummi Bowie. Hóppersónan „íslenska þjóðin", sem hírist í gámum á þýskum flugvelli, er sömuleiðis mjög áhugaverð og gaman hefði verið að fá að vita meira um líf hins hefðbundna Íslendings innan múranna. Það sem stendur þó upp úr er hversu leiftrandi húmoristi Þórarinn Leifsson er og í Kaldakoli beitir hann óspart hæfileika sínum til að sameina snarbeitta þjóðfélagsgagnrýni og gaggandi húmor. Lesandinn verður þó að horfast í augu við að í nær hvert einasta skipti er það hann sjálfur og fólkið í kringum hann sem er skotspónn höfundarins.

**Helga Birgisdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Bráðfyndin samfélagsádeilda sem vekur upp fjölda spurninga um íslenskt samfélag.




**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 - SÍMI 530 2800

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |



Flótti er brostinn á í Hollywood þar sem leikarar eru byrjaðir að snúa baki við Woody Allen. Löngum hefur þótt eftirsóknarvert að leika undir hans stjórn en í kjölfar #MeToo munu líklega fáir hætta á það.

# Fílabeinsturninn hjá Woody Allen hrynur

**Woody Allen hefur í aldarfjórðung starfað í skugga ásakana um gróft kynferðisbrot. Hann kemst tæplega upp með að sitja #MeToo-storminn af sér í fílabeinsturni sínum á Manhattan.**

**KVIKMYNDIR** Ferill Woody Allen, sem leikstjóra, handritshöfundar og leikara, er óneitanlega glæsilegur. Afköst hans hafa verið með ólíkindum og hann hefur nánast sent frá sér eina kvikmynd á ári frá 1977 þegar hann sigraði heiminn með þeirri frábæru mynd Annie Hall. Myndir hans eru misgóðar en löngum var talað um að Allen á slæmum degi væri betri en flestir aðrir leikstjórar upp á sitt besta.

Allen státar af sextán tilnefningum til Óskarsverðlauna og hann hefur hampað þeim fjórum sinnum. Hann hlaut tvenn verðlaun fyrir Annie Hall, fyrir handrit og leikstjórn, og síðar fyrir handrit Hannah and Her Sisters, 1986, og Midnight in Paris, 2011.

Hollywood-stjörnur hafa jafnan litið á það sem mikla upphefð að fá að leika í myndum Allens og í mörgum tilfellum talað um það sem einstaka upplifun. Þekkt nöfn hafa í gegnum tíðina ýmist komið honum til varnar eða skellt skollaeyrum við þeim þungu ásökunum sem á hann hafa verið bornar.

Mia Farrow og Allen bjuggu lengi saman, ættleiddu börn og gerðu tólf kvikmyndir saman, sumar hverjar sem taldar eru til bestu verka leikstjórans. Eftir að sambandið sprakk steig Farrow fram 1992 og sakaði Allen um að hafa misnotað Dylan, ættleidda dóttur þeirra, þegar hún var sjö ára.

Saksóknari afréð 1993 að sækja Allen ekki til saka en leikstjórinn hefur aldrei getað hreinsað sig af ásökununum sem legið hafa í loftinu í 25 ár. Staða hans varð enn tortryggilegri þegar hann, 62 ára, kvæntist Soon-Yi Previn, 27 ára dóttur Miu.

### #MeToo kemur til Manhattan

Þrátt fyrir allt þetta hefur lífið gengið sinn vanagang hjá Allen. Þegar hann er ekki að kvikmynda er hann einangraður frá umheiminum þar sem hann hamrar kvikmyndahandrit sín á gamla ritvél og lætur sér fátt finnast um það sem gengur á utan fílabeinsturnsins.

Hingað til hefur hann getað haldið áfram að velja sér leikara og gera sínar árlegu myndir. #MeToo-bylgjan skolaði Harvey Weinstein og Kevin Spacey út í buskann á augabragði og nú er byrjað að fjara undan Allen.

Dylan hefur nýlega gagnrýnt þá leikara sem enn kjósa að starfa með Allen harðlega og ekki síst beint spjótum sínum að fólki sem hefur stutt við baráttuna gegn kynferðisofbeldi í Hollywood. Þar á meðal eru Blake Lively og Justin Timberlake sem starfað hafa með leikstjóranum.

### Þolinmæðin á þrotum

Natalie Portman lýsti yfir stuðningi við Dylan í spjalli hjá Opruh Winfrey nýlega og sagðist einfaldlega trúa henni. Þær konur sem voru með henni í þættinum tóku einum rómi undir með leikkonunni en þeirra á meðal voru Reese Witherspoon og ofurframleiðandinn Kathleen Kennedy sem öllu ræður í Stjörnustríðsheiminum hjá Lucasfilm. Þá sögðu þær allar að þær vonuðust til þess að tími Allens í Hollywood væri liðinn.

Allen er 82 ára en ekkert bendir til annars en að hann ætli að halda sínu striki þótt hann gæti auðveldlega látið sig hverfa í skjól ellinnar. Hann er núna að leggja lokahönd á sína næstu mynd, A Rainy Day in New York, sem margir í Hollywood veðja á að verði síðasta myndin sem hann gerir.

Leikarar í myndinni eru þegar byrjaðir að biðjast afsökunar á að hafa unnið með Allen og reyna að aftengja sig leikstjóranum og myndinni. Þannig hafa Rebecca Hall og Timothée Chalamet bæði sagst ætla að láta öll laun sín fyrir leikinn í myndinni renna til góðgerðarsamtaka sem styðja við þolendur kynferðisbrota. Athygli vekur þó að enn sem komið er eru allir þeir leikarar sem hafa hafnað Allen undir fertugu.

### Eitruð nærvera

Kate Winslet og Cate Blanchett eru á meðal þeirra sem hafa tekið ásökunum Dylan heldur fálega, farið um þær almennum orðum og Winslet segir það hafa verið einstaka reynslu að leika undir stjórn Allens í Wonder Wheel sem hann sendi frá sér í fyrra. Hingað til hefur ekki ferill neins leikara skaðast af samstarfi við Allen en í kjölfar #MeToo verður að teljast harla ólíklegt að nokkur vilji taka þá áhættu.

Griðin sem Allen hafa verið gefin í 25 ár virðast að baki og vandséð að þekktir leikarar geti með góðu móti starfað með honum í framtíðinni, óháð því hvað þeim sjálfum finnst. Almenningsálitið er súrefni Hollywood-stjarnanna og ólíklegt er að nokkur leikari, sem er vandur að virðingu sinni, vili kafna í návist Allens.

Spekingar ytra telja einnig ólíklegt að Allen takist að fjármagna fleiri kvikmyndir og í raun sé eina færa leiðin til þess að koma í veg fyrir að vinna allra sem komu að A Rainy Day in New York fari í súginn að gefa allan ágóðann af henni til góðgerðarmála. Þá geti fólk mögulega hugsað sér að fara á myndina.

thorarinn@frettabladid.is



Rebecca Hall sér eftir því að hafa starfað með Allen.

Natalie Portman hefur lýst yfir fullum stuðningi við Dylan Farrow.


Varmadælur & loftkæling

Kælitækni



• Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
• Fyrir norðlægar slóðir
• Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land



Amadeus borðstofuhúsgögn

Komið og skoðið úrvalið

Opið virka daga 11-18
laugardaga 11-15

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



Varmadælur & loftkæling

Kælitækni



• Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
• Fyrir norðlægar slóðir
• Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land



Vatnsheldir gæðaskór

Frá Lytos með innbyggðum broddum í sóla.



Verð 16.995
Stærðir 36-47
LYTOS

skórnir þínir
SMÁRALIND • 2 HÆÐ
SKORNIRTHINIR.IS




Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

Coca-Cola LAUGARÁSBÍÓ – bara lúxus – 5% midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LIAM NEESON THE COMMUTER 12 Sýnd kl. 8, 10.30
PADDINGTON 2 L Sýnd kl. 5.30
MONEY IN THE WORLD 16 Sýnd kl. 7.50
PITCH PERFECT 3 12 Sýnd kl. 8
JUMANJI 12 Sýnd kl. 5.30, 10
FERDINAND L Sýnd kl. 5.30

LAUGARÁSBÍÓ KYNNIR NÝ VIÐMIÐ Í BÍÓUPPLIFUN Á ÍSLANDI AXL DOLBY ATMOS LUXURY · LASER

SAMBÍÓIN SAMbio.is

MATT DAMON CHRISTOPH WALTZ KRISTEN WIIG ★★★★★ GUARDIAN ★★★★★ HOLLYWOOD REPORTER ★★★★★ WASHINGTON POST ★★★★★ VARIETY DOWNSIZING

★★★★★ ROGEREBERT.COM ★★★★★ TOTAL FILM STAR WARS THE LAST JEDI ★★★★★ LOS ANGELES TIMES 90% BÍÓUPPLIFUN ÁRSINS

OWEN WILSON ED HELMS J.K. SIMMONS KATT WILLIAMS TERRY BRADSHAW VING RHAMES WITH CHRISTOPHER WALKEN AND GLENN CLOSE FATHER FIGURES Frábær grínmynd með úrvalsleikurum

JAMES FRANCO DAVE FRANCO SETH ROGEN GOLDEN GLOBE VERÐLAUN BESTI LEIKARINN 92% ★★★★ EMPIRE THE DISASTER ARTIST

FERDINAND Sýnd með íslensku tali

COCO ★★★★★ ROGEREBERT.COM ★★★★★ NEW YORK POST

DADDY'S HOME 2

THE GREATEST SHOWMAN

wonder

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
DOWNSIZING KL. 5:40 - 8:30 - 10:20
FATHER FIGURES KL. 8 - 10:30
STAR WARS 2D KL. 5:20 - 8:30
STAR WARS 2D VIP KL. 5:20 - 8:30
THE DISASTER ARTIST KL. 8
FERDINAND ÍSL TAL KL. 5:40
WONDER KL. 5:40 - 8
COCO ÍSL TAL KL. 5:40
JUSTICE LEAGUE 2D KL. 10:20

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
DOWNSIZING KL. 5:10 - 8 - 10
STAR WARS 2D KL. 6 - 9
THE GREATEST SHOWMAN KL. 5:40 - 8
THE DISASTER ARTIST KL. 10:30

SAMBÍÓIN AKUREYRI
DOWNSIZING KL. 8:30
FATHER FIGURES KL. 6
STAR WARS 3D KL. 8:10
COCO ÍSL TAL KL. 5:50

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
DOWNSIZING KL. 7:45 - 10:30
FATHER FIGURES KL. 5:20
STAR WARS 3D KL. 10:10
THE DISASTER ARTIST KL. 5:40 - 8 - 10:20
COCO ÍSL TAL KL. 5:10

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
DOWNSIZING KL. 8
THE COMMUTER KL. 8 - 10:20
FATHER FIGURES KL. 10:40


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is



Norðurljósin í íslenskum heimildum verða til umræðu í fyrirlestri Aðalheiðar Guðmundsdóttur í Háskóla Íslands í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## 18. JANÚAR 2018

### Tónlist

**Hvað?** Pistol Pony ShowCase
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti

**Hvað?** Fufanu og Alters live
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bryggjan brugghús, Grandagarði
Fufanu liðar voru þokkalega uppteknir á árinu 2017. Þeir gáfu út plötuna Sports í febrúar og hafa síðan þá verið að fylgja henni eftir með tónleikum beggja vegna Atlantshafs. Fufanu hefur áunnið sér einkar gott orðspor fyrir tónleika sína og ratar oftar en ekki á lista yfir bestu tónleikaupplifun gagnrýnenda. Undanfarið hefur hljómsveitin nýtt tímann í að taka upp og vinna í nýrri tónlist en ætlar nú að hefja nýja árið með tónleikum á Bryggjunni brugghúsi. Með þeim í för verður pólska hljómsveitin Alters sem er mönnuð sprenglærðum hljóðfæraleikurum og pródúserum.

**Hvað?** Kórus – tónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Iðnó
Nýsnúnin aftur til landsins, eftir að hafa komið fram á MixMass-tónlistarhátíðinni í Belgíu í byrjun árs, blæs Kórus til tónleika í Iðnó.

### Viðburðir

**Hvað?** Fullkomið ójafnvægi :: Perfect Imbalance
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Fullkomið ójafnvægi er viðburður í vinnslu þar sem reynt verður að ná jafnvægi. Hlutir og hugmyndir verða vegnar og metnar. Við munum komast að því hvað kaffibolli vegur í samanburði við egg, hvað er hægt að láta fullt vatnsglas ganga á milli margra án þess að sulla, hvað ruslpóstur vegur mikið í daglegu lífi og svo framvegis og framvegis. Áhorfendum verður gefið tækifæri til að vega og meta sínar eigin eignir eða hugmyndir.

**Hvað?** Ljóðakvöld í Garðskálanum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gerðarsafn
Í kvöld gefst ljóðaunnendum og ljóðskáldum færi á að koma fram og hlusta á upplestur annarra í Garðskálanum í Gerðarsafni. Ljóðakvöldið er liður í Dögum ljóðsins í Kópavogi og haldið í samstarfi við Blekfjelagið – félag ritlistarnema í HÍ. Veitingar verða seldar í Garðskálanum og Nýlókórinn kemur fram og flytur ljóð Kára Tulinius en sýning á myndljóðum hans stendur nú yfir í Bókasafni Kópavogs. Þátttaka í Ljóðakvöldinu er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Smut slam
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Sannar og skemmtilegar sögur af kynlífsævintýrum. Viðburður sem ferðast um allan heim og lendir nú á Íslandi. Þemað: fyrsta reynslan. Ef þú átt þér ástalíf, eða ert að vinna í að eignast slíkt, þá er þetta akkúrat fyrir þig. Smut slammers eru þeir gestir sem skrá sig til leiks á 5 mínútum undir styrkri handleiðslu Cameryn Moore, sem er kynlífsfræðingur og kynlífsaktívisti, verðlaunað leikskáld/leikkona og fyrrverandi símavændisdama.

**Hvað?** Guðrún Bjarnadóttir fjallar um jurtalitun
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Safnahúsið, Hverfisgötu
Guðrún er náttúrufræðingur og hefur á undanförnum árum sérhæft sig í jurtalitun og miðlun upplýsinga um hana. Hún kennir grasafræði við Landbúnaðarháskólann, en hennar aðalstarf er að reka jurtalitunarvinnustofuna Hespuhúsið þar sem hún jurtalitar íslenska ull og tekur á móti gestum og fræðir um litunaraðferðir. Í fyrirlestrinum verður farið yfir litunarhefðina frá landnámi til okkar daga.

**Hvað?** Sólrisuhátíð Norræna félagsins í Reykjavík
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna félagið, Óðinsgötu
Á Sólrisuhátíð Norræna félagsins í Reykjavík veltir Vilborg Davíðsdóttir fyrir sér hvernig Auður djúpúðga og hennar fólk fagnaði sólrisunni, Þorvaldur Friðriksson segir frá uppruna jólavættanna Grýlu og jólakattarins í keltneskum sið og Ana Stanicevic verður með skosk/íslenskan ljóðagjörning.

**Hvað?** Umræðuþræðir: Barbara Vanderlinden
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Gestur á fyrsta fyrirlestri í röð Umræðuþráða árið 2018 er sýningarstjórinn Barbara Vanderlinden. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og ber heitið The Communication Centre and Anti-Gallery Behind the Museum.

**Hvað?** Danskvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Danshöllin, Drafnarfelli
Sving, rokk, bugg, línudans, gömlu dansarnir og allir hinir dansarnir. Gamla góða „tjúttið“ kennt um helgina og gömlu dansarnir á sunnudagskvöld. Skráning í 557 7700. Allir velkomnir.

**Hvað?** Norðurljós í íslenskum heimildum
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Lögberg, Háskóla Íslands
Í dag heldur Aðalheiður Guðmundsdóttir, prófessor í bókmenntum fyrri alda við Háskóla Íslands, fyrirlestur hjá Miðaldastofu Háskóla Íslands í stofu 101 í Lögbergi um norðurljós í íslenskum heimildum. Fyrir Íslendingum eru norðurljósin hluti af hinum hversdagslega reynsluheimi en ekki fyrir erlendum ferðamönnum sem falla í stafi. Með þessum aukna áhuga ferðamanna vakna þó eðlilega spurningar. Hversu algeng voru norðurljósin hér áður fyrr? Tóku Íslendingar eitthvað frekar eftir norðurljósunum við aðrar aðstæður en nú, þegar áreitið var minna og myrkrið dýpra? Skildu þeir eftir sig sögur um norðurljós og bera slíkar sögur þá e.t.v. vott um hjátrú sem tengist þeim?


JAMES FRANCO DAVE FRANCO SETH ROGEN THE DISASTER ARTIST
BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
On Body and Soul ........ 17:30, 20:00
Eldfim Ást ........ 17:30, 22:30
The Killing of a Sacred Deer ........ 17:45
The Disaster Artist ........ 20:00, 22:00
I, Tonya ........ 20:00
The Party ........ 22:15
BÍÓ ★ PARADÍS ELDFIM ÁST

SAMSUNG

Galaxy A8

# LENDIR Á MORGUN!



SÉRBLAÐ INN Á ELKO.IS

FJÓLUGRÁR, SVARTUR, OG GYLLTUR

Tvöföld myndavél að framan

Infinity skjár

Ryk- og vatnsvarinn

**SAMSUNG GALAXY A8**

SAMA8BK/SAMA8GO/SAMA8GY

**69.995**

ELKO




**HVERSDAGSREGLUR**
KL. 19:50
Við höfum kynstrin öll af lögum og reglum. Þó koma á hverjum degi upp aðstæður sem við vitum ekki hvernig við eigum að bregðast við. Símtal slitnar en hvor á að hringja til baka? Hvenær á að halda dyrum opnum fyrir aðra? Nú verður loksins tekist á við þetta, þar sem valinkunnu fólki hefur verið hóað saman til að setja okkur hversdagsreglur.

Frábært
**Fimmtudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**THE GOOD DOCTOR**
KL. 20:10
Ungur skurðlæknir með einhverfu er ráðinn til starfa á virtan spítala. Mun það verða honum til framdráttar eða fjötur um fót?



**THE X-FILES**
KL. 20:55
Skemmtilegir þættir með þeim Fox Mulder og Dana Scully en þau eru áfram eitt öflugasta teymi innan bandarísku alríkislögreglunnar þegar kemur að rannsóknum á dularfullum og yfirnáttúrulegum málum.



**THE BLACKLIST**
KL. 21:40
Spennandi sería með sjarmatröllinu Raymond Reddington sem kallar ekki allt ömmu sína þegar leita þarf uppi hörðustu glæpamennina.



**SNATCH**
KL. 22:25
Hópur ungra og efnilegra bragðarefa kemst yfir bílfarm af stolnu gulli og dregst inn í hörkuspennandi atburðarás. Frábærir breskir spennuþættir byggðir á samnefndri mynd eftir Guy Ritchie.




**STATE OF PLAY**
KL. 22:00
Magnaður pólitískur spennutryllir með Russell Crowe, Ben Affleck, Rachel McAdams og Helen Mirren í aðalhlutverkum.



**SUPERGIRL**
KL. 20:50
Þriðja sería þessara skemmtilegu og spennandi þátta um Köru sem býr yfir sömu ofurkröftum og frændi hennar Clark Kent.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Kalli kanína og félagar
**07.45** Tommi og Jenni
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Hell's Kitchen
**11.00** Brother vs. Brother
**11.45** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Tumbledown
**14.40** The Edge of Seventeen
**16.30** Friends
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** The Big Bang Theory
**19.45** Hversdagsreglur
**20.10** The Good Doctor
**20.55** The X-Files Glæný þáttaröð með þeim Fox Mulder og Dana Scully en þau eru áfram eitt öflugasta teymi innan bandarísku alríkislögreglunnar þegar kemur að rannsóknum á dularfullum og yfirnáttúrulegum málum. Við tökum upp þráðinn þar sem frá var horfið í síðustu þáttaröð þegar Miller sonur, Mulders og Scully, hvarf af yfirborði jarðar á dularfullan hátt.
**21.40** The Blacklist Fimmta spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymonds Reddington eða Red, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum. Hann gaf sig fram og bauðst til að aðstoða FBI við að hafa hendur í hári glæpamanna og hryðjuverkamanna.
**22.25** Snatch
**23.10** Room 104
**23.35** Shetland
**01.15** Peaky Blinders
**02.15** Entertainment
**03.55** The Edge of Seventeen
**04.40** Outsiders
**05.35** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**08.30** Real Sociedad - Barcelona
**10.10** Spænsku mörkin
**10.40** NFL Gameday
**11.05** Philadelphia Eagles - Atlanta Falcons
**13.40** New England Patriots - Tennesee Titans
**16.25** Þýsku mörkin
**16.55** FA Cup
**18.35** Premier League World
**19.05** ÍR - KR
**21.10** Búrið
**21.45** NFL Gameday
**22.15** Pittsburgh Steelers - Jacksonville Jaguars

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.40** FA Cup
**10.20** Stjarnan - Breiðablik
**12.00** Domino's-körfuboltakvöld
**13.40** Augsburg - Hamburger
**15.20** Leverkusen - Bayern München
**17.00** Ensku bikarmörkin
**17.30** Martin: Saga úr Vesturbæ
**18.15** Milwaukee Bucks - Golden State Warriors
**20.10** Messan
**21.45** Premier League World
**22.15** NFL Gameday
**22.45** ÍR - KR

## STÖÐ 3

**18.00** Fresh Off the Boat
**18.25** Pretty Little Liars
**19.10** New Girl
**19.35** Modern Family
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Supergirl
**21.35** Arrow
**22.20** Næturvaktin
**22.50** Entourage
**23.20** American Dad
**23.45** Bob's Burger
**00.35** Seinfeld
**01.00** Friends
**01.25** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13** Víkingurinn Viggó
**07.27** K3
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Tindur
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Mamma Mu
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** Víkingurinn Viggó
**11.27** K3
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Tindur
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Mamma Mu
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** Víkingurinn Viggó
**15.27** K3
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Tindur
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Mamma Mu
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Lukku-Láki



Dóra könnuður kl. 08.00, 12.00 og 16.00

## GOLFSTÖÐIN

**07.00** Sony Open in Hawaii
**12.00** PGA Highlights
**12.55** Sony Open in Hawaii
**17.55** PGA Highlights
**18.50** Inside the PGA Tour
**19.15** PGA Special: Coming Home (Nicklaus Show)
**20.00** CareerBuilder Challenge

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.05** Before We Go
**12.40** The Portrait of a Lady
**15.00** Hello, My Name Is Doris
**16.30** Before We Go
**18.05** The Portrait of a Lady
**20.30** Hello, My Name Is Doris Rómantísk gamanmynd frá 2015 með Sally Field í aðalhlutverki. Hin rúmlega sextuga Doris Miller fer á sjálfshjálparnámskeið með bestu vinkonu sinni. Hún tekur það svo bókstaflega að það sé allt hægt og að það sé aldrei of seint að byrja upp á nýtt.
**22.00** State of Play
**00.05** Kill the Messenger Spennutryllir frá 2014 með Jeremy Renner í aðalhlutverki. Myndin fjallar um rannsóknarblaðamanninn Gary Webb sem í ágúst árið 1995 skrifaði greinar og lagði fram gögn um að Contra-skæruliðarnir, sem börðust gegn sitjandi stjórnvöldum í Níkaragva, hefðu m.a. fjármagnað baráttu sína með smygli á mörgum tonnum af kókaíni til Los Angeles sem glæpklíkur borgarinnar hefðu síðan dreift og selt fyrir þá.
**01.55** The Double
**03.30** State of Play

## RÚV

**16.25** Eyðibýli
**17.05** Heimsleikarnir í Crossfit 2017
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Ég og fjölskyldan mín - Sisse
**18.40** Vísindahorn Ævars
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós og Menningin
**19.55** Af fingrum fram
**20.45** Hemsley-systur elda hollt og gott
**21.15** Gæfusmiður
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð
**23.05** Neyðarvaktin
**23.50** Kastljós og Menningin
**00.10** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show
**09.45** The Late Late Show
**10.25** Síminn + Spotify
**11.40** The Bachelor
**13.10** Dr. Phil
**13.50** 9JKL
**14.15** Wisdom of the Crowd
**15.00** America's Funniest Home Videos
**15.25** The Millers
**15.50** Solsidan
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show n
**19.00** The Late Late Show
**19.45** The Mick
**20.10** Man With a Plan
**20.35** Ghosted
**21.00** 9-1-1
**21.50** Scandal
**22.35** Fargo
**23.25** The Tonight Show
**00.45** 24
**01.30** Taken
**02.15** Stella Blómkvist
**03.05** Law & Order: Special Victims Unit
**03.50** Agents of S.H.I.E.L.D.
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


LÍFIÐ ER NÚNA
ÉG HLÆ HÆRRA OG GRÆT SÁRAR
# LÍFIÐERNÚNA
KRABBAMEIN KEMUR ÖLLUM VIÐ!
LEGGÐU OKKUR LIÐ
www.lifidernuna.is
FÉLAG UNGS FÓLKS SEM GREINST HEFUR MEÐ KRABBAMEIN OG AÐSTANDENDUR
KRAFTUR

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ

## Heilsan okkar



Jóhanna E. Torfadóttir
næringarfræðingur og doktor í lýðheilsuvísindum

### Þolir líkaminn að fasta?

Heilbrigðir fullorðnir einstaklingar þola vel að vera án matar í 10-12 tíma, frá kvöldmat og þar til vaknað er næsta dag.

Líkaminn stýrir magni glúkósa í blóðinu til að viðhalda eðlilegum efnaskiptum. Við geymum birgðir af glúkósa í formi glýkógens í vöðvum og lifur. Ef við fáum engar hitaeiningar með fæðunni þá endast þessar birgðir í um það bil einn til tvo daga. Hversu hratt þær klárast er þó háð hreyfingu, mataræði fyrir svelti, líkamsþyngd og líkamlegu formi (einstaklingur sem æfir mikið getur geymt meira glýkógen en sá sem hreyfir sig lítið).

Þegar glúkósabirgðirnar eru búnar fer líkaminn að nota fitu úr fituvefnum og amínósýrur úr vöðvum og líffærum sem orkugjafa til að halda blóðsykrinum innan ákveðinna marka. Líkaminn getur svo búið til ketóna úr fituvef sem heilinn notar sem orkugjafa í stað glúkósa ef þess er þörf.

**SUMIR NOTA STYTTRI FÖSTUR EÐA ORKUTAKMÖRKUN TIL DÆMIS TVO MISMUNANDI DAGA Í VIKU TIL AÐ REYNA AÐ LÉTTAST, SEM ÆTTI AÐ VIRKA EF BORÐAÐ ER HÓFLEGA ÞESS Á MILLI.**

Það að takmarka orkuinntöku verulega eða neita sér algerlega um fæðu yfir lengri tíma eða nokkra daga veldur því að líkaminn hægir á öllum efnaskiptum til að reyna að ganga minna á vöðvamassann. Tíminn á milli þess sem viðkomandi fastar skiptir líka máli en þá er ákveðin hætta á ofáti. Sumir nota styttri föstur eða orkutakmörkun til dæmis tvo mismunandi daga í viku til að reyna að léttast, sem ætti að virka ef borðað er hóflega þess á milli. Enn skortir þó langtíma rannsóknir á heilsufarsáhrifum þess að fasta reglulega, umfram það sem gerist við nætursvefn.

**NIÐURSTAÐA:** Styttri föstur ættu ekki að skapa vandamál fyrir heilbrigða einstaklinga. Það er þó ekkert sem bendir til þess að það að fasta sé endilega betra en að borða hollan og fjölbreyttan mat í hæfilegum skömmtum reglulega yfir daginn samhliða því að stunda hreyfingu af einhverju tagi. Hver og einn verður að meta hvað hentar honum best.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á **heilsanokkar@frettabladid.is.**



Sunna klárar einkaþjálfarann í vor og um svipað leyti klárar hún crossfit level 1 prófið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Grænkeri og crossfittari opnar vegan-blogg

Sunna Ben hefur marga fjöruna sopið þegar kemur að kjötlausu mataræði en hún hætti að borða dýr fyrir einum þrettán árum og gerðist vegan fyrir einu og hálfu ári. Nú hefur hún opnað blogg þar sem hún mun ausa úr viskubrunni sínum fyrir alla sem áhuga hafa.

Listakonan og crossfittarinn Sunna Ben er búin að vera grænmetisæta núna í næstum 13 ár og vegan í eitt og hálft. Hún opnaði nýlega vegan bloggið Reykjavegan en þar mun hún birta uppskriftir, hollráð og ýmsar upplýsingar um vöruúrval og matarframboð á veitingastöðum í Reykjavík til þess að hjálpa vegönum og öllum þeim sem eru forvitnir um lífsstílinn.

**Sífellt auðveldara að vera vegan**

„Ég hætti að borða kjöt af því að ég varð alltaf svo slöpp af því og hef síðan prófað allar mögulegar útfærslur grænmetisfæðis og tvisvar áður prófað að vera vegan en gefist upp út af kunnáttuleysi. En núna er ég búin að vera vegan í svona eitt og hálft ár og gengur mjög vel. Enda komin með dýpri skilning á næringarfræðilegum þörfum mínum og hvað er góður og gagnlegur matur fyrir líkamann heldur en þegar ég reyndi fyrst að vera vegan 17 ára og át pulsubrauð í öll mál og leið hræðilega. Ég er bæði vegan vegna þess að ég á erfitt með að melta kjöt og mjólk og hef þurft að skera hvort tveggja úr mataræðinu mínu hvort eð er, það að sleppa eggjum, fiski og hunangi til þess að fara alla leið var lítið stökk fannst mér, og einnig vegna þess að ég dýrka dýr, mig langar ekkert að borða þau.“

Hefur úrvalið fyrir grænkera breyst mikið á þessum tæpu þrettán árum?

„Heldur betur! Hvað verslun varðar eru flestar matvöruverslanir í dag komnar með fulla kæla af vegan útgáfum af öllu sem hugurinn girnist, til dæmis eru fáanleg ógrynnin öll af sojakjöti, vegan osti, jógúrti og majónesi, svo ekki sé minnst á hversu stórar flestar grænmetisdeildir matvöruverslana eru orðnar. Mann þarf ekkert að skorta þótt maður sé vegan!



Bananamúffur.

**ÉG MÆLI MEÐ ÞVÍ FYRIR ÞÁ SEM ERU AÐ FÓTA SIG Í ÞESSU AÐ PRÓFA AÐ HALDA MATARDAGBÓK, TIL DÆMIS MEÐ HJÁLP FORRITA EINS OG MY FITNESS PAL, OG ATHUGA HVORT ÞAU ERU AÐ FÁ ALLT SEM ÞAU ÞURFA ÚR MATNUM.**

Þegar ég hætti að borða kjöt 2005 var lítið í boði af vegan og grænum kosti, flest grænmetisfæði var með mjólkurvörum og fæstir veitingastaðir hugsuðu fyrir þessu. Það er alveg stórkostlegt hversu framarlega Ísland er í þessari þróun í samanburði við önnur lönd, mér finnst best að borða vegan í Reykjavík og Berlín, en fæstir aðrir staðir sem ég hef komið á bjóða jafn gott úrval.“

Ferðu mikið út að borða? Hvar er það best?

„Ég elska að fara út að borða, en er reyndar ekkert svakalega grand í því og ég veit ekki hvað fansí búllurnar í bænum bjóða upp á (nema Burro – tofu burritoið þar er svo gott að það er eiginlega alveg fáránlegt) en ég get lofað ykkur því að Núðluskálin, Vínyl og Gló (ef þið hafið ekki smakkað Miðjarðarhafsvefjuna með Oumph! mæli ég með að hlaupa þangað hið snarasta) svíkja engan. Vegan borgarinn á Bio borgara verða líka allir að smakka að minnsta kosti einu sinni ... í viku. Svo finnst mér líka alveg frábært að neyta matarins míns fljótandi, ég er mikill boostisti, bestu boostin eru á Gló, Lemon og Boozt barnum og ég fæ aldrei nóg af þeim sama hvað ég reyni! Að því ógleymdu að Eldum rétt býður nú upp á vegan kost og hann er oft alveg stórgóður!“

**Litskrúðugur matur lykillinn**

Eftir að Sunna hætti að reykja árið 2012 fór hún að hlaupa, svo í jóga og það toppaði í hálfmaraþoni. Árið 2014 skellti hún sér til einkaþjálfara til að læra að lyfta, í framhaldi af því fór hún í ólympískar lyftingar, svo crossfit en hún vinnur núna í crossfitstöðinni Granda101 og klárar einkaþjálfarann í vor sem og crossfit level-1 prófið. Hvernig fara lyftingar og vegan mataræði saman?

„Sko, ég hafði alltaf svakalegar áhyggjur af því að ég væri að fara á mis við prótein og næringarefni úr matnum mínum þar til ég hélt ítarlega matardagbók í næringarfræðiáfanga í vetur og sá að ég var að neyta oft á tíðum of mikils próteins og vel umfram það sem ég þarfnaðist af kalki á dag. En ég mæli með því fyrir þá sem eru að fóta sig í þessu að prófa að halda matardagbók, til dæmis með hjálp forrita eins og My Fitness Pal, og athuga hvort þau eru að fá allt sem þau þurfa úr matnum. Það er til dæmis oft erfitt fyrir vegan fólk (sem borðar hollt) að fylla kaloríukvótann fyrir daginn; grænmetisfæði er oft á tíðum náttúrulega lágt í hitaeiningum, en þær eru líkamanum nauðsynlegur orkugjafi og það þýðir ekkert að reyna að massa sig orkulaus. Svo snýst þetta líka mikið um að vera skynsamur, reyna að fá sem mest af próteinum og alvöru næringu úr mat – gæta þess að vera ekki að innbyrða óhemju magn af sykri úr unnum matvörum (vegan vörur eru oft lúmskar þarna, ég mæli með að vakta sykur- og sódíuminnihald í öllum unnum matvörum).

Ágæt þumalputtaregla sem ég er með á bak við eyrað er að reyna að borða eins (náttúrulega) litskrúðugan mat og ég get, hvítur matur er t.d. oft óhollur, grænn matur er, þori ég næstum að lofa, alltaf hollur, nema þetta græna sé mygla, þá mæli ég með að endurskoða þessa reglu.“

**stefanthor@frettabladid.is**

### BANANAMÚFFUR

Bananamúffurnar mínar eru kjörið pre-workout nasl, þær eru orkumiklar, hollar og, þó ég segi sjálf frá, ýkt góðar!

**1-1,5 meðalstór banani**
**1 bolli af fínmöluðum höfrum**
**1 bolli plöntumjólk (ég nota soja)**
**1 tsk. ristuð sólblómafræ**
**1-2 tsk. mulin fræ (t.d. flax, chia)**
**0,5-1 msk. hnetusmjör (eftir smekk, more is more lögmálið ræður heima hjá mér)**
**1 tsk. kanill**
**1 tsk. vínsteinslyftiduft**
**Nokkrir vanilludropar**
**+ Rúsínur og goji ber eftir smekk**



Það er mikil orka í múffunum og þær halda mér saddri fram að æfingu. Ég passa mig að borða ekki tveimur klukkustundum fyrir æfingu til þess að vera búin að melta vel áður en ég byrja að hoppa og skoppa. En mér finnst líka gott að fá mér eina með próteinsjeiknum eftir æfingu. Uppáhalds post-workout kjamsið mitt er súkkulaðipróteindrykkurinn á Tonic-barnum í Gló í Fákafeni, en ef ég kemst ekki þangað eftir æfingu fæ ég mér bara skúppu af einhverju næs baunapróteini út í sojamjólk.



# ÚTSALA

PIER

40-70%

AFSLÁTTUR

AF ÚTSÖLUVÖRUM

**SMÁRATORGI**
smaratorg@pier.is
5227860

**KORPUTORG**
korputorg@pier.is
5527870

**GLERÁRTORG**
glerartorg@pier.is
5227880

**SELFOSS**
selfoss@pier.is
5227890

# Skotheld ráð fyrir þá sem vilja einfaldara líf



Margrét segir freistandi að henda gömlu dóti í staðinn fyrir að geyma endalaust.

**Margrét Björk Jónsdóttir**, sem heldur úti minimalist.is, sagði frá ávinningnum af mínímalískum lífsstíl í viðtali við Lífið fyrir skemmstu. Nú setur hún saman góð ráð fyrir þá lesendur sem hafa áhuga á að tileinka sér slíkan lífsstíl.

### Ekki bíða eftir hinni fullkomnu tímasetningu til að byrja

Hún kemur líklegast aldrei. Það er eins með þetta og svo margt annað, það er erfiðast að koma sér af stað. Mitt ráð er að byrja smátt – taka til í baðskápnum eða hnífaparaskúffunni. Um leið og þú byrjar og finnur hversu góð tilfinning það er að losa sig við óþarfa áttu ekki eftir að geta hætt, ég þori næstum að fullyrða það!

### Þetta snýst ekki bara um hluti

Mínímalískur lífsstíll snýst ekki einungis um að eiga sem minnst af veraldlegum hlutum. Hugaðu líka að öllum þeim þáttum í lífi þínu sem valda á einhvern hátt streitu eða vanlíðan. Það er ekki síður mikilvægt að „taka til“ á þeim sviðum.



Margrét Björk tileinkaði sér mínímalískan lífsstíl fyrir um tveimur árum.

### Hugsaðu um ávinninginn

Innri ró, meiri tími, betri forgangsröðun, aukin sjálfsskoðun, gagnrýnni hugsun, sparnaður, minna drasl, auðveldari þrif, auk þeirrar dásamlegu tilfinningar að eiga heimili þar sem allt veitir manni gleði og á sinn stað. Þetta eru meðal þeirra kosta sem mínímalískur lífsstíll býður upp á. Ég skora á þig að prófa og gera þetta algjörlega eftir þínu höfði, því að þannig er mínímalískur lífstíll. Það eru engar reglur.

### Ekki rugla mínímalískum lífsstíl saman við tiltekt og skipulag

Þetta er uppáhaldsráðið mitt. Um leið og ég áttaði mig á að ég þyrfti að losa mig við dót í staðinn fyrir að vera sífellt að ganga frá eða raða því upp á nýtt, einfaldaðist lífið til muna. Gott er að hafa alltaf í huga að ef þú þarft að kaupa þér kassa eða hirslur undir dótið þitt áttu líklegast of mikið.

> EF ÞÚ ÞARFT AÐ KAUPA ÞÉR KASSA EÐA HIRSLUR UNDIR DÓTIÐ ÞITT ÁTTU LÍKLEGAST OF MIKIÐ.

### Beindu athyglinni frekar að því sem þú vilt eiga en því sem þú ætlar að henda

Þegar þú ert í vafa, spurðu þig: „Er þetta eitthvað sem ég myndi kaupa mér í dag?“ Mér finnst til dæmis sérstaklega þægilegt að nota þessa aðferð við tiltekt í fataskápnum. Ef flíkin passar ekki, þú fílar hana ekki, eða hún er slitin eða götótt – ekki hugsa þig tvisvar um. Það er líka tilgangslaust að halda í flíkur sem þú veist að þú átt líklega ekki eftir að nota, en vilt ekki láta frá þér vegna þess hve dýrar þær voru, það er bara til að auka á samviskubit – peningurinn er jafn fokinn þótt að þær hangi inni í skáp.

gudnyhronn@frettabladid.is

# Mynstraðir kjólar verða aðalmálið

Veðrið hefur ekki verið upp á það besta upp á síðkastið og ullarsokkar og úlpa hafa verið staðalbúnaður flestra Íslendinga undanfarið. Þá er nú allt í lagi að láta sig dreyma um sól og sumaryl og fötin sem hægt er að klæðast í góðu veðri. Mynstraðir kjólar verða aðalmálið í vor og sumar ef marka má nokkur helstu tískuhús heims. Ekki slæmt það.



Stella McCartney. NORDICPHOTOS/GETTY

Etro.



Proenza Schouler.



Erdem.



Chloe.



Isabel Marant.



BACON GORDITA CRUNCH
799 KR.
Bacon Gordita Crunch!
Grillað flatbrauð fyllt með beikoni og osti vafið utan um harða taco skel með nautahakki, pepper jack sósu, fersku káli og osti.
Skiptu út hakki fyrir kjúkling – aðeins 100 kr. í viðbót.
Bacon Gordita Crunch, Fiesta-kartöflur, Florida súkkulaði og miðstærð af gosi.
BOXMÁLTÍÐ
1699 KR.
FLORIDA
BACON GORDITA CRUNCH
TACO BELL
BACON GORDITA CRUNCH
TACO BELL
TACO BELL
Hafnarfirði / Grafarholti
www.tacobell.is

BETRIBILAKAUP.IS

Gerðu betri kaup hjá okkur! Hringdu í 511 2777

2017 Ford F350 Platinum
7.740.000 kr. + VSK

2016 Ford F350 XLT
4.940.000 kr. + VSK





2017 Dodge Ram 3500
6.260.000 kr. + VSK

2017 Ram 3500 Laramie
6.685.000 kr. + VSK





Vissirðu...
að við getum hjálpað þér að flytja inn
bíla á miklu betra verði?

2017 Ram 3500
Laramie Longhorn
6.970.000 kr. + VSK

2017 Ram 3500
Laramie Longhorn
7.000.000 kr. + VSK





2016 Ram 3500 Laramie
6.180.000 kr. + VSK

2017 Ram 3500 Laramie
7.000.000 kr. + VSK





2017 Kia Optima
3.790.000 kr.

2018 Nissan Leaf 2 ZERO
3.990.000kr.





*Miðast við gengi 17.01.18

Ármúla 4-6, Reykjavík

511 2777 | sala@betribilakaup.is

facebook.com/betribilakaup



# Kjaftað um kynlíf og kynlegar uppákomur

Fyrsta kynlífsreynslan er mörgum eftirminnileg, oftar en ekki er hún frekar vandræðaleg og klaufaleg en upplifunin getur samt sem áður orðið efni í góða sögu síðar á lífsleiðinni og tilefni til hláturs.

Jón Magnús Arnarson, aðstandandi Golden Gang Comedy, stendur fyrir óborganlegri kvöldskemmtun á Gauknum í kvöld en hún nefnist Smut Slam og er gleðileg sögustund þar sem þátttakendur deila upplifun sinni af fyrstu kynlífsreynslunni með áhorfendum. Skemmtunin er bönnuð börnum innan 18 ára og er ekki ætluð teprum.

Smut Slam er hugmynd kynlífsfræðingsins Cameryn Moore en hún hefur ferðast með uppstandið um heim allan og er nú á Íslandi í fyrsta sinn. Cameryn, sem er mikill kynlífsaktívisti, er fyrrverandi símavændisdama og margverðlaunað leikskáld og leikkona.

*Hvernig er fyrirkomulagið á þessu? Er ekki hætt við að feimnin beri þátttakendur ofurliði?* „Fólk segir sínar sögur sjálft en Cameryn verður því til halds og trausts en þeir sem treysta sér ekki á svið geta skrifað játningar sínar niður á miða og sett í fötu sem er kölluð Smut Buckett og Cameryn les þær upp," segir Jón Magnús, en hann hefur staðið fyrir uppistandskvöldum á mánudagskvöldum í allan vetur.

*Fyrir hverja er þessi uppákoma?* „Ef þú átt þér ástalíf eða ert að vinna í því að eignast slíkt, þá er þetta akkúrat fyrir þig. Það verða sagðar sannar og skemmtilegar sögur af kynlífsævintýrum. Við leggjum samt áherslu á skemmtanagildið, við viljum ekki sjá neinar sögur sem fela í sér eða snúast um rasisma, kvenfyrirlitningu, fordóma gegn samkynhneigð eða hverskynshneigð. Þetta er fyrst og fremst til gamans gert og frábært tækifæri fyrir þá sem vilja koma sér á framfæri sem uppistandarar og láta ljós sitt skína. Dómnefnd velur þrjár bestu sögurnar en í henni sitja Hugleikur Dagsson, Bylgja Babýlons, Jonathan Duffy, Gerður Arinbjarnardóttir og Atli Demantur og verslunin Blush.is gefur sigurvegurum kvöldsins vegleg verðlaun."

**astahrafnhildur@frettabladid.is**



**Jón Magnús lofar góðri skemmtun á Gauknum í kvöld en þá verður kjaftað um kynlíf á léttari nótunum og slegið á kynlega strengi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Forngrikkir glímdu líka við kvíða

Best fyrir börnin er ný fræðslufundaröð Háskóla Íslands en á þeim vettvangi munu fræðimenn ræða ýmislegt sem tengist börnum, velferð þeirra og heilsu. Urður Njarðvík, dósent við sálfræðideild ríður á vaðið með erindið „Er þetta ekki bara frekja? Samspil kvíða og hegðunarvanda barna". Fyrirlesturinn fer fram í dag í Hátíðarsal Háskóla Íslands og stendur frá klukkan 12-13, boðið er upp á léttan hádegisverð að honum loknum. Í erindinu verður fjallað um birtingarmynd kvíða meðal barna og unglinga og hvernig foreldrar geta tekist á við þennan vanda heima fyrir. Einnig verður rætt um tengsl kvíða við hegðunarvanda, hvernig einkenni kvíða eru oft mistúlkuð sem mótþrói og frekja og hvers vegna börn með ADHD eiga sérstaklega á hættu að þróa með sér kvíðaraskanir.

„Forngrikkir skrifuðu um kvíða sem vandamál svo kvíðaraskanir



**Urður Njarðvík, dósent í sálfræðideild fjallar um kvíða og hegðunarraskanir barna á fyrirlestri í dag**

**MEÐFERÐIR VIÐ KVÍÐA ERU MJÖG ÁRANGURSRÍKAR OG BYGGJA Á TRAUSTUM GRUNNI VÍSINDARANNSÓKNA SVO BATAHORFUR ERU MJÖG GÓÐAR.**

eru hvorki nýtilkomnar né tískufyrirbrigði. Rannsóknir á kvíðaröskunum eiga sér einnig langa sögu. Áhugi almennings hefur hins vegar aukist undanfarið með opnari umræðu um geðheilbrigðismál sem er mjög jákvætt og leiðir vonandi til þess að fleiri leiti sér aðstoðar. Meðferðir við kvíða eru mjög árangursríkar og byggja á traustum grunni vísindarannsókna svo batahorfur eru mjög góðar," segir Urður Njarðvík. **astahrafnhildur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Máté Dalmay *mate@365.is* Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


25%
AFSLÁTTUR AF GJØCO
INNIMÁLNINGU
17. - 24. janúar
Skoðaðu litabækling á byko.is
Litur#373
Tindablátt
Bliss
VEGG & PANEL
GLANS 10
Bliss veggmálning. Án leysiefna, engin skaðleg uppgufun og lyktarlítil. Mælt með af astma- og ofnæmis-samtökum Noregs, NAAF.
Auðvelt að versla á byko.is
BYKO
Auglýsingin er birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gildir 17. - 24. janúar. Athugið að litur í prenti getur verið frávbrugðinn lit í dós.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Benedikts Bóasar Hinrikssonar



# Fertugur fyrirliði

Guðjón Valur Sigurðsson er fyrirliði íslenska landsliðsins í handbolta. Hann er að verða fertugur og búinn að fara á svona 6.000 stórmót. Hann er stórkostlegur handboltamaður en hann er leiðinlegasti viðmælandi allra tíma. Ég man ekki eftir neinum öðrum sem er jafn hrokafullur og asnalegur í viðtölum og hann.

Hroki landsliðsfyrirliðans liggur í að honum finnst fréttamenn vera einhverjir vitleysingar og bjánar sem spyrja heimskulegra spurninga. Það er eitthvert undarlegasta viðhorf landsliðsfyrirliða í íþróttum fyrr og síðar.

Guðjón getur alveg verið í þessu landsliði en maður sem kemur svona fram fyrir hönd liðsins á ekki að vera fyrirliði. Hann á ekki einu sinni að koma til greina. Hann getur verið hluti af þessum hópi og kallað einhverjar skipanir inn á enda reyndasti leikmaður liðsins.

„Þetta er eins og þetta sé skrifað í skýin. Mikið ótrúlega er þetta gaman,“ sagði fyrirliðinn með bros á vör á skjáum landsmanna eftir leikinn við Serbíu. Það er trúlega 90 prósent áhorf og þjóðin var í sárum. Aðeins litlir menn haga sér svona eftir leik.

Honum fannst líka leikurinn skemmtilegur. „Þetta er sportið, maður. Ótrúlega gaman,“ bætti kauði við og enn bættist í brosið.

Viðtalið sem allir eru að tala um varð honum til minnkunar og ævarandi skammar. Eins mikið og það þarf að taka til innan veggja HSÍ þá þarf líka að taka til í landsliðinu. Þar þarf að setja fertugan fyrirliða á hilluna. Þakka honum góð störf og segja honum að hann þurfi ekki að mæta aftur í viðtöl. Trúlega er það það sem hann vill hvort sem er.

Fertugir fyrirliðar geta ekki hagað sér eins og minnstu börn.

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland




